




Landar
Abramovich
þeim stóra?
meistaradeildin 38



Bryan Ferry
tónlist 24



spottið 16

KAUPI GULL
Magnús Steinþórsson
Demantar.is
Upplýsingar í síma 699 8000
Verið velkomin
Pósthússtræti 13 101 Reykjavík
– sjá bls. 47
Opið alla helgina
frá 10 – 18

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
19. maí 2012
117. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*



Fordómar og
fyrirlitning
Dórnís Nadia rappar gegn
karlrembu.
tónlist 34



Með A í öllum greinum
Guðmundur Reynir
Gunnarsson fékk hæstu
einkunn frá Harvard.
popp 74

Enginn dagur eins
Vinnudagar forseta Íslands
eru afar fjölbreyttir.
stjórnsýsla 26

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Þjónusta við fatlaða | Fólk |
Atvinna



HÚÐFLÚRIN ERU LÍFSSTÍLL Hildur Sif Kristborgardóttir, Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, Bergros Hjálmarsdóttir og Ólafía Kristjánsdóttir eru allar skreyttar húðflúrum. Þær eru löngu búnar að venjast því að eldri konur gapi þegar þær mæta þeim í sturtuklefum sunnlauga. **Sjá síðu 30.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Neyðarlending heppnaðist

Tæplega 200 farþegum flugvélar Icelandair var boðin áfallahjálp eftir neyðarlendingu á Keflavíkurflugvelli í gærkvöldi. Hjólabúnaður flugvélarinnar hafði laskast í flugtaki. Gríðarlegur viðbúnaður var á jörðu niðri.

SAMGÖNGUR Boeing-þota Icelandair lenti áfallalaust á Keflavíkurflugvelli með laskaðan hjólabúnað skömmu eftir klukkan níu í gærkvöldi. Gríðarlegur viðbúnaður var á flugvellinum. Um borð í vélinni var 191 farþegi auk áhafnar en engan sakaði. Eftir landinguna voru farþegarnir ferjaðir frá borði og inn í flugstöð þar sem þeim var boðin aðstoð og áfallahjálp. Gunnar Stefáns-son, sviðsstjóri hjá Landsbjörgu, var á leiðinni að veita slíka áfalla-

hjálp þegar Fréttablaðið náði tali af honum undir klukkan tíu. Hann hafði þá ekki séð til farþeganna og vissi ekki hvernig þeir bæru sig. „En ég hef nú trú á að það sé býsna stressandi að vera um borð í flugvél á leiðinni að nauðlenda,“ segir hann. Vélín fór á loft frá Keflavík skömmu eftir klukkan fimm síðdegis áleiðis til Orlando í Bandaríkjunum. Fljótlega kom í ljós að vinstra hjólasettið að aftanverðu hafði orðið fyrir hnjaski í flugtak-

inu og eitt hjól af fjórum í settinu hrokkið af. Leifar af því fundust á flugbrautinni. Vélinni var snarlega snúið við, flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar sett af stað, viðbragðsteymi ræst út og samhæfingarstöð Almanna- varna í Skógarhlíð virkjuð. Allt tiltækt lið slökkvi- og sjúkraliðs, lögreglu og björgunarsveitarmanna var kallað út, auk fulltrúa Landhelgisgæslunnar. Þegar mest lét voru á flugbrautunum og Reykjan- esbrautinni um 150 björgunar-

sveitarmenn og tugir slökkviliðs- og lögreglumanna. Flugmaðurinn hringsólaði yfir Keflavíkurflugvelli í á þriðju klukkustund til að brenna eldsneyti og létta á vélinni fyrir landinguna. Tvær bandarískar F-16 herþotur voru í viðbragðsstöðu ef þurft hefði að fljúga undir vélina til að kanna hjólabúnaðinn. Það reyndist ekki nauðsynlegt, enda sáu sérfræðingar landingarúnaðinn nógu vel þegar vélin flaug lágflug yfir Keflavíkurflugvöll. -sh

Opið 10-18
Nýtt kortatímabil

Kringlucast
20-50% afsláttur

Sumartilboð
Fosshótela!

SJÁ NÁNAR Á FOSSHOTEL.IS

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

Opið
til 18
í dag

Smáralind



Halldóra Rut, eruð þið ekki að sækja vatnið yfir „lækin“?

„Læk á það! ;)“

Halldóra Rut Bjarnadóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir leiklistarnemar ætla að setja upp leiksyningu sem alfarir er byggð á Facebook-færslum.

Fylgi forsetaframbjóðenda:

Þóra mælist með mest fylgi

KOSNINGAR Þóra Arnórsdóttir er með rúmlega átta prósentustiga forskot á Ólaf Ragnar Grímsson forseta í nýrri skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Könnunin var gerð dagana 8. maí til 18. maí.

Í könnuninni sem gerð var meðal meðlima nethóps Félagsvísindastofnunar mælist Þóra með 46,2 prósent fylgi og Ólafur Ragnar með 37,8 prósent. Tæp níu prósent segjast ætla að kjósa Ara Trausta Guðmundsson, 3,8 prósent Andreu J. Ólafsdóttur og Herdísi Þorgeirsdóttur ætla 2,6 prósent að kjósa. Aðrir frambjóðendur mælast með innan við eins prósent fylgi.

Alls svöruðu 1,075 manns og var svarhlutfallið 57 prósent. - bþh

Unnið að ívilnunar samningi:

Vonar að biðin fari að stytast

VÍÐSKIPTI Vinna við gerð ívilnunar samnings íslenskra stjórnvalda



HUANG NUBO

við fyrirtæki í eigu kínverska athafnamannsins Huangs Nubo er enn í gangi. Vonir standa til þess að niðurstaða fáiast í málið innan skamms.

Halldór Jóhannsson, umboðsmaður Huangs á Íslandi segir að unnið sé að málinu, og vonast til að hægt verði að ná samningum fyrir lok næstu viku, þó enn sé óljóst hvort það takist. Eins og fram hefur komið vill Huang leigja jörðina Grímsstaði á Fjöllum og reisa þar hótél og standa fyrir ýmiss konar afþreyingu fyrir ferðamenn. - bj

Allsherjar- og menntamálanefnd afgreiddi breytingafrumvarp gegn barnaklámi:

Lög gegn barnaníði hert til muna

ALÞINGI Bannað verður með lögum að framleiða klámfengið efni þar sem leikendur herma eftir barni, þó þeir hafi náð átján ára aldri. Einnig verður bannað að mæla sér mót við barn undir 15 ára aldri í kynferðislegum tilgangi, hvort sem það er á Netinu eða utan þess.

Þá skal einnig fest í lög að ólöglegt verði að skoða barnaklám, en hingað til hafa lögin einungis náð utan um framleiðslu, vörslu og dreifingu á efninu.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í frumvarpi refsiréttarnefndar innanríkisráðuneytisins

um breytingar á hegningarlögum. Var það lagt fram í því skyni að innleiða ákvæði samnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun.

Allsherjar- og menntamálanefnd afgreiddi frumvarpið í vikunni, þó með þeirri breytingu að ekki verði einungis ólöglegt að mæla sér mót við barn á Netinu, eins og refsiréttarnefnd lagði til, heldur einnig utan þess. Innanríkisráðherra er hvattur til að leggja frumvarpið fram í byrjun þings í haust.

Umsagnir bærust til Alþingis frá Barnaheillum, Barnaverndar-



BANNAÐ AÐ SKOÐA BARNAKLÁM Hingað til hefur einungis verið bannað að framleiða það eiga og dreifa því. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

stofu, Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, ríkissaksóknara og umboðsmanni barna. - sv

Nýjar tölur frá Þjóðskrá:

Leiguverð fer enn hækkandi

NEYTENDUR Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,6 prósent á milli apríl og maí. Síðastliðna þrjú mánuði hefur vísitalan hækkað um 0,6 prósent og um 10,1 prósent síðasta árið.

Vísitala leiguverðs er tekin saman af Þjóðskrá og sýnir breytingar á vegnu meðaltali fermetra-verðs á leigumarkaði.

Sem fyrr er meðalleiguverð hæst í Reykjavík, vestan Krínglumyrarbrautar, og á Seltjarnarnesi. Á höfuðborgarsvæðinu er það hins vegar lægst í Kópavogi. - mpj

Útsýnið stórkostlegt í fyrstu fjallgöngunni

Viktor Theodórsson, sem er hreyfihamlaður, komst á topp Akrafjalls á dögunum sem hafði lengi verið draumur hans. Gangan var erfið en skemmtileg að sögn Viktors sem segist vel geta hugsað sér að ganga á fleiri fjöll í framtíðinni.

FÓLK Viktor Theodórsson er tíu ára gamall hreyfihamlaður drengur sem gekk í fyrsta sinn á Akrafjall í síðustu viku með samnemendum sínum á útivistardegi Grundaskóla á Akranesi. Gangan gekk vel þrátt fyrir fötlun hans og segir hann hana hafa verið skemmtilega.

„Gangan var dálítið erfið en mjög skemmtileg,“ segir Viktor kankvís. „Fyrsti hjallinn var erfiðastur því þar var brattast. Útsýnið var mjög flott uppi á toppnum.“

Spurður hvort hann hafi gengið á mörg fjöll segir hann að þetta hafi verið það fyrsta og að útsýnið hafi verið stórkostlegt. „Mig hefur alltaf langað til að fara upp á þetta fjall. Það hefur eiginlega alltaf verið markmiðið. Eg hef verið að bíða eftir að geta farið alveg upp,“ segir Viktor.

Viktor fæddist með kreppt hné sem gerir honum erfitt um gang. Hann hefur farið í nokkrar aðgerðir til að lengja sínar og auka færni hans til gangs. Móðir hans, Krístrún Dögg Marteinsdóttir, hafði ekki gert ráð fyrir að drengurinn gengi alla leið á toppinn. Keyptur hafði verið kíkir handa honum svo hann gæti notið útsýnisins neðar í fjallinu.

„Dagsdaglega gengur hann nú engar vegalengdir, nema bara rétt um sitt nánasta umhverfi,“ segir Krístrún Dögg. Hreyfihömlun hans aftrar honum svolítið í hans daglega lífi. „Hann fer allar sínar ferðir á hjóli og svo er hann með hjólastól.“

„Hann er svolítið krepptur í hnjúnum svo það hentaði honum vel að ganga upp fjallið,“ segir hún



Á TINDI AKRAFJALLS Viktor arkaði alla leið upp á topp Akrafjalls og skrifaði í gestabókina eins og sonnum fjallagörpum ber. MYND/KRÍSTRÚN DÖGG MARTEINSDÓTTIR

en ferðin niður var aðeins erfiðari. „Við gáfum okkur bara góðan tíma í þetta og vorum síðust niður. Við fengum þó gott veður og það var gaman að njóta útsýnisins. Það er alltaf flottast í fyrsta sinn.“

Viktor lét hreyfihömlun sína ekki aftra sér þegar hann gekk á 643 metra hátt fjallið og hélt ótrauður áfram alla leið upp á topp. Samnemendur hans hvöttu

hann vel í göngunni. Viktor segir þetta hafa verið skemmtilegasta skólalag ævi sinnar.

„Þetta var besti skólalagur sem hefur verið til. Það var gaman að fara með öllum skólafélögnum.“

Hann segist stefna á fleiri fjöll í framtíðinni og ætlar jafnvel að reyna að ganga á fjöll í ferð fjölskyldunnar um helgina.

birgirh@frettabladid.is

Framseldur smyglari:

Fékk ævilangt fangelsi í Kína

KÍNA, AP Dómstóll í Kína hefur dæmt Lai Chanxing í ævilangt fangelsi. Lai var framseldur frá Kanada til Kína á síðasta ári, eftir að kínversk stjórnvöld höfðu lofað Kanada-mönnum því að hann yrði ekki tekinn af lífi.

LAI CHANXING

Lai stundaði stórfellt smygl á ýmsum varningi, allt frá sigarettum til bifreiða, en flúði til Kanada eftir að upp um hann komst árið 1999.

Mál hans olli töluverðu hneyksli í Kína á sínum tíma. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að smyglvæltan hafi numið 3,3 milljörðum dala, jafnvirði nærri 380 milljörðum króna. Auk þess sveik hann undan skatti og mútaði 64 embættismönnum á árunum 1966-99. - gb

Vélarvana skip við Skarðsfjöru:

Fóru til hjálpar tíu skipverjum

SLYS Björgunarsveitir frá Vík í Mýrdal og austur að Höfn í Hornafirði voru kallaðir út um klukkan tíu í gær eftir að tilkynnt var um vélarvana skip úti fyrir Skarðsfjöru.

Tíu manns voru um borð í skipinu. Það var ekki á reki þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi, en að sögn Jónasar Guðmundssonar hjá Landsbjörgu þurfti ekki mikið að breytast til að skipið tæki að reka og að þá mundi töluverð hætta geta skapast á skömmum tíma.

Í gærkvöldi stóð til að reyna að komast að skipinu til að hægt væri að koma mannskapnum frá borði og setja í það taug til að halda því frá fjörunni. - sh

Fjölmenn mótmæli gegn stjórn Assad Sýrlandsforseta í stærstu borg landsins:

Byssum beitt á mótmælendur

SÝRLAND, AP Herinn í Sýrlandi beitti bæði skotvopnum og tárágasi gegn mótmælendum í Aleppo, sem er fjölmennasta borg landsins.

Þúsundir manna hafa safnast þar saman síðustu daga til að mótmæla stjórn Bashirs al-Assads forseta. Til þessa hefur lítið verið um mótmæli í þessari borg, en það hefur breyst eftir að árás á stúdentagarða í borginni í byrjun mánaðarins varð fjórum háskólanemum að bana.

Á fimmtudaginn tóku um fimmtán þúsund háskólanemar þátt í mótmælunum. Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna fylgdust með þangað til öryggisveitir stjórnvalda stöðvuðu mótmælin. Í gær voru þátttakendurnir orðnir enn fleiri og þúsundir mótmæltu að auki víðs vegar um landið.

Robert Mood, hinn norski yfirmaður friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi, sagði í gær að friðargæslusveitir gætu aldrei komið á friði í landinu nema allir aðilar ágreiningsins, jafnt innlendir sem erlendir, sýni raunverulegan vilja til að ræða saman. „Ég er orðinn sannfærðari en nokkru sinni um að aldrei verði hægt að leysa þennan vanda með ofbeldi, sama hve mikið það er,“ segir Mood. - gb



MÓTMÆLENDUR Herinn tók af hörku á mótmælendum og beitti bæði skotvopnum og tárágasi. NORDICPHOTOS/AFP

Opnuð hefur verið

Ræðisskrifstofa Taílands

Keilufelli 2, 111 Rvk.

Opið mánudaga og miðvikudaga kl. 17-19 og eftir samkomulagi.

Sími: 571 0224 / 823 2676

www.konsull.net

Kringlan

Opið 10-18

Fimmtudag
til mánudags

Kringlukast

Nýtt kortatímabil

Nýjar
vörur
20-50%
afsláttur

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	127,73	128,33
Sterlingspund	201,80	202,78
Evra	162,05	162,95
Dönsk króna	21,799	21,927
Norsk króna	21,313	21,439
Svænsk króna	17,775	17,879
Japanskt jen	1,6085	1,6179

SDR	194,63	195,79
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
224,0173		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Reykjavíkurborg beinir sjónum sínum að lausnum fyrir langtímatvinnulausa:

Ómögulegt að veita öllum starf

REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs segir ómögulegt fyrir borgina að ætla sér að tryggja öllum í Reykjavík störf. Ekki hafa verið færri sumarstörf í boði hjá borginni í mörg ár og var 66 prósent umsækjenda hafnað í ár. Ráðið var í 1.384 störf, en umsækjendur voru 4.446. Þeir voru 5.116 í fyrra og ráðið var í 1.949 stöður.

„Mér finnst stóru tíðindin vera þau að þeir sem sækja um hjá borginni eru þúsund færri í ár en í fyrra,“ segir Dagur. „Sem bendir til þess að ástandið sé betra



DAGUR B. EGGERTSSON

hjá almennum fyrirtækjum. Síðan bætist við að þeir sem ekki fá vinnu, sækja um á mörgum öðrum stöðum. Ég held að það sé of snemmt að slá því föstu að þeir sem ekki fá störf hjá borginni verði þá atvinnulausir í sumar.“

Dagur segir borgaryfirvöld muni fara áfram yfir stöðuna í samstarfi við Vinnuálastofnun. Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir atvinnutorgi fyrir ungt fólk sem hefur verið án vinnu eða skóla yfir ákveðið tímabil og beint sjónum sínum að lausnum fyrir langtímatvinnulausa. Að sögn Dags hefur forgangsröðuðum fjármunum verið þannig háttað að störf séu búin til fyrir þann hóp.

„Því hættan er sú ef það líður mjög langur tími án skóla eða vinnu þá getur fólk fallið í far sem er ekki gott fyrir neinn,“ segir Dagur.

Flugeldum kastað í bíl: Kjaftshögg í gegnum rúðu

LÖGREGLUMÁL Ungur maður varð fyrir líkamsárás í gærmorgun þegar hann var kyldur í gegnum bílrúðu. Áður hafði árársarmaðurinn veitt fórnarlambinu, sem var farþegi í bíl, eftirför og endaði hún í botnlanga í Hafnarfirði þar sem árásin átti sér stað.

Í eltingarleikum var flugeldum kastað að bíl fórnarlambins. Árársarmaðurinn kyldi hinn í gegnum bílrúðu. Fórnarlambið hlaut ekki alvarlega áverka, en árársarmaðurinn hvarf á braut og er enn leitað.

Forsetaframbjóðandi léttari: Þóru og Svavari fæddist stúlka

FÓLK Þóra Arnórsdóttir forsetaframbjóðandi og sambýlismaður hennar, Svavar Halldórsson, eignuðust stúlku í gærmorgun.



ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR

Stúlkan vó 18 merkur og var 55 sentimetrar. Hún kom í heiminn rétt fyrir klukkan sjö í gærmorgun. Að sögn heilsast móður og barni vel. „Allt gekk vel og allir eru hraustir og glaðir,“ sagði á Facebook-síðu Þóru í gær.

Litla stúlkan er þriðja barn Þóru og Svavars. Fyrir á Svavar þrjár dætur.

- bþh

Fór á sjúkrahús eftir hundsbít: Hundur kom í bílskúr og beit

LÖGREGLUMÁL Stór hundur beit mann illa á Suðurnesjum í vikunni. Í tilkynningu frá lögreglu segir að maðurinn hafi verið í bílskúr sínum þegar stór hundur kom þar inn og reyndi maðurinn að reka hann út með því að klappa saman höndunum. Hundurinn brást illa við, réðst á manninn og beit hann í höndina, en hafði sig síðan á brott. Maðurinn leitaði til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja vegna bitsins.

Lögreglu berast oft tilkynningar um lausa hunda, en slíkt er bannað. Þeim tilmælum er beint til hundaeigenda að fara eftir lögum um dýrahald.

- sv

Fundarsköp bæjarstjórnar í Garði kærð til ráðuneytis

Nýr meirihluti í Garði sagður vanhæfur vegna tengsla við grunnskólann. Forseti bæjarstjórnar vísar því á bug. Tekist á um lokun bæjarstjórnarfundar. Áhangendur fyrrverandi bæjarstjóra sagðir hafa látið illa.

SVEITARSTJÓRNIR Nýkjörinn forseti bæjarstjórnarinnar í Garði, Jónína Holm, lokaði bæjarstjórnarfundum umræða um fundargerð skólanefndar bæjarins var til umræðu á aukafundi á miðvikudag.

Reynir Þorsteinsson, fyrrverandi formaður skólanefndar í bænum, segir nýjan meirihluta vanhæfan til að fjalla um skólamálin í Garði vegna tengsla sinna við skólann.

Hann hefur kært fundarsköp á aukafundi bæjarstjórnar til innanríkisráðuneytisins.

Reynir segir forsendur bæjarstjórnarinnar fyrir lokun fundarins fyrir almenningi ekki eiga rétt á sér. „Sveitarstjórn getur bara lokað fundum ef umfjöllunarafnið er viðkvæms eðlis. Þetta er ekki viðkvæms eðlis því búið var að birta öll gögn fyrir löngu,“ segir Reynir og vísar til skýrslunnar „Úttekt á starfsemi Gerðaskóla“ sem unnin var af fagaðilum og kynnt í mars.

Þar er lagt til að stjórnunarteymi skólans verði sagt upp. Skýrslan leggur einnig til að staða sérkennslufulltrúa við skólann, sem Jónína Holm hefur gegnt, verði augsýnt laus til umsóknar.

„Ég á rétt á því að heyra afstöðu bæjarstjórnarinnar til skýrslunnar. Þessi skýrsla varðar stærsta hagsmunamál þessa bæjarfélags,“ segir Reynir.

Nýr meirihluti N-lista og L-lista var myndaður á aukafundi bæjarstjórnar á miðvikudag þegar Kolfinna S. Magnúsdóttir gekk úr

meirihluta D-lista og til liðs við gamla minnihlutann. Reynir Þorsteinsson var settur af sem formaður skólanefndar í kjölfar stjórnskiptanna og Eiríkur Hermannsson kosinn nýr formaður.

Jónína Holm, forseti bæjarstjórnarinnar, vísar öllum ásökunum um meint vanhæfi fulltrúa meirihlutans á bug. „Það að meina fólk sem býr í sveitarfélaginu, og hefur áhuga á skólamálinum, að móta skólafulltrúa bæjarins og taka þátt í bæjar- og skólumálum er óskýrlegt,“ segir Jónína. „Kennarar eru sérfræðingar og því alls ekki vanhæfir í mál- og nafnlegri umræðu um skólamálin.“

Hvað varðar hina tvo fulltrúa meirihlutans sem kvæntir eru kennurum við skólann, „þá eiga þeir ekki að gjalda þess að eiginkonur þeirra séu kennarar við skólann.“

Hún segir bæjarstjórnina munu fylgja tilmælum í skýrslunni. „Eins og bókað var á bæjarstjórnarfundinum á miðvikudag mun núverandi meirihluti fylgja aðgerðaráætluninni.“

Um það hvers vegna fundurinn var lokaður segir hún að Ásmundur Friðriksson, fyrrverandi bæjarstjóri, hafi farið langt út fyrir efni fundarins í erindi sínu. „Þegar forseti bað hann um að víkja úr ræðustól lét hann ekki segjast og hélt uppteknum hætti. Þá brugðust áhangendur hans við og létu illa. Forseti sá ekki annað í stöðunni en að vísa fólk út og loka fundi.“

REYNIR ÞORSTEINSSON



Þessi skýrsla varðar stærsta hagsmunamál þessa bæjarfélags.

birgirh@frettabladid.is



HITAFUNDUR Í GARÐI Bæjarstjórnarfundurinn var opinn öllum þar til fundargerð skólanefndar var til umræðu. Forseti bæjarstjórnar lokaði þá fundinum fyrir almenningi þar til málið hafði verið rætt.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Tengsl bæjarfulltrúa við Gerðaskóla

Reynir Þorsteinsson, fyrrverandi formaður skólanefndar, og Ásmundur Friðriksson, fyrrverandi bæjarstjóri í Garði, hafa báðir bent á tengsl fulltrúa nýs meirihluta í bæjarstjórn í Garði við starfsmenn Gerðaskóla. Reynir efast um hæfi meirihlutans til að fjalla um skólamálin í bænum vegna þessara tengsla. „Hvernig ætlar þessi nýi meirihluti að fjalla um málefni skólans, vinna að þeim úrbótum sem skýrslan leggur til, án þess að vera vanhæf?“ spyr Reynir.

Benedikt G. Jónsson	N-lista	Eiginmaður kennara við Gerðaskóla
Jónína Holm	N-lista	Fagstjóri sérkennslu við Gerðaskóla
David Ásgeirsson	L-lista	Eiginmaður kennara við Gerðaskóla
Kolfinna S. Magnúsdóttir	D-lista*	Fyrrverandi starfsmaður skólans

* Kjörin fyrir D-lista í sveitarstjórnarkosningum 2010 en sleit sig frá samstarfi við listann.

Smíðum stiga, hlíð og handrið úr járni og stáli t.d. hinu geysivinsæla ítalska skrautjárni.

Láttu okkur prýða heimilið þitt.

Járnprýði
Almenn-sérsmíði
S: 822 1717

www.jarnprydi.is

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

BJARTIR DAGAR eru fram undan víða um land en þó má búast við einhverri vætu suðaustanlands. Það fer hægt hlýnandi næstu daga og eftir helgi fer hitinn líklega yfir 10 stig í flestum landslutum. Síðdegis á mánudag fer að rigna sunnan og austan til.

Á MORGUN Strekkur með SA-strönd, annars hægarí.

MÁNUDAGUR Strekkur með S-strönd, annars hægarí.

HEIMURINN

Alicante	25°
Basel	22°
Berlín	23°
Billund	17°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	25°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	24°
London	15°
Mallorca	24°
New York	26°
Orlando	30°
Ósló	15°
París	19°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	13°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

SÚPER KAUF



3.000 KRÓNA ÁVÍSUN - LOKAÚTKALL!!!

3.000,-

Greiðð gegn Handhafa

Krónur: Þjófþjálfandi 00/100

Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira.

Reykjavík 9. maí 2012 Húsasmiðjan og Blómaval

Ávísunin gildir sem 3.000 kr. innborgun í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals, frá miðvikudeginum 9. maí til sunnudagsins 20. maí 2012, ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira. Ávísunin gildir eingöngu þegar verstað er með kreditkort eða í staðgreiðslu en ekki í reikningsviðskiptum.

Öll heimili fengu senda 3.000 kr ávísun sem gildir í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.

LOKADAGUR ÁVÍSUNAR ER Á SUNNUDAG!

**SÚPER
TILBOÐ**

Pallaolía
Á gagnvarið efni.
7049123

Verð áður: 1.695 kr.
Nú: **1.495 kr.**



Gildir um helgina

**SÚPER
TILBOÐ**

10 STJÚPUR
Verð áður: 1.599 kr.
Nú: **790 kr.**



Gildir um helgina

Outback Drifter 3
Grillflötur 625x434 mm
3 ryðfriir brennarar
Grillgrind úr pottjárni
3000213

SÝPRIS 100 CM

Garðstóll Kingsbury
Með stillanlegum örmum.
3899088

**PÚ
SPARAR
20.000 KR**

**SÚPER
TILBOÐ**

Verð áður: 64.900 kr.
Nú: **44.900 kr.**

Gildir um helgina

**SÚPER
TILBOÐ**

Verð áður: 1.490 kr.
Nú: **799 kr.**

Gildir um helgina

**SÚPER
TILBOÐ**

Verð áður: 13.900 kr.
Nú: **8.900 kr.**

Gildir um helgina

blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

KJÖRKASSINN



Er það þín tilfinning að á Íslandi sé ein besta heilbrigðisþjónusta í heimi?

JÁ 36%
NEI 64%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Pekkir þú ungt fólk sem verður atvinnulaust í sumar?

Segðu skoðun þína á Visir.is.



MYND Eftirlitsmyndavélar má finna víða en hættu er á að tölvuþrjútar komist yfir myndskeldi úr þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eftirlitsmyndavélar ótraustar:

Oft auðvelt að brjótast inn

TÆKNI Oft er auðvelt fyrir þá sem kunna til að brjótast inn í tölvukerfi sem stýra eftirlitsmyndavélum. Þannig má nálgast upptökur úr vélunum og dreifa þeim, eða stöðva upptökur tímabundið, að því er fram kemur í nýjasta eintaki Vísins, fréttabréfi áhættuþjónustu Deloitte.

Eigendur eftirlitsmyndavéla átta sig oft ekki á því hvernig hægt er að komast inn í myndavélakerfin í gegnum þráðlaust net. Þá hefur meirihlutinn ekki fyrir því að breyta lykilorðunum sem fylgja kerfunum frá framleiðanda. Hvort tveggja auðveldar tölvuþrjútum að brjótast inn í tölvukerfin. - bj

Schengen-samstarfið:

Álagið er mest við Grikkland

GRIKKLAND Álagið á ytri landamæri Schengen-ríkjanna er langmest við landamæri Grikklands og Tyrklands, að því er fram kemur í nýrri skýrslu um Schengen-samstarfið.

Á hálfu ári, frá byrjun nóvember til loka apríl, komst upp um nærri 30 þúsund tilraunir einstaklinga til að komast ólöglega inn á Schengen-svæðið.

Um fjórðungur þeirra var að reyna að komast frá Tyrklandi til Grikklands. - gb

Tveggja daga leiðtogafundur G8-ríkjanna hófst í Bandaríkjunum í gær í skugga efnahagsvanda:

Obama tekur undir hugmyndir Hollandes

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti tekur undir hugmyndir Francois Hollande Frakklandsforseta um að nú þurfi ríki heims að einbeita sér að hagvextinum frekar en að horfa eingöngu á sparnað og aðhald í ríkisfjármálum.

Hollande, sem er nýtekinn við af Nicolas Sarkozy, hóf nokkurra daga heimsókn sína til Bandaríkjanna á fundi með Obama, en síðan mættu þeir báðir á leiðtogafund G8-ríkjanna í Camp David, þar sem efnahagserfiðleikar Grikklands og fleiri evruríkja eru í brenni-depli.

Að þeim fundi loknum hefst í Chicago tveggja daga leiðtogafundur NATO-ríkjanna, þar sem Hollande þarf væntanlega að svara

fyrir áform sín um að kalla franska herliðið heim frá Afganistan fyrir lok ársins, eða tveimur árum fyrr en forveri hans hafði hugsað sér.

Horfurnar í skuldugustu evruríkjunum hafa heldur versnað undanfarna viku, eftir að Grikkjum mistókst að mynda ríkisstjórn og matsfyrirtækið Fitch hefur lækkað lánsþæfismat grískra banka, auk þess sem matsfyrirtækið Moodys hefur lækkað lánsþæfismat fjögurra héraða á Spáni.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bar hins vegar í gær til baka fréttir um að á vegum hennar sé verið að vinna að neyðar-áætlun til undirbúnings hugsanlegu brott-hvarfi Grikklands af evrusvæðinu. - gb



KOMNIR Í STELINGAR Að venju flykkjast mótmælendur á leiðtogafund G8-ríkjanna í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Falleg orð á blaði

„Mér finnst ágætt að ríkisstjórnin sé búin að átta sig á því að atvinnumálin séu mikilvæg,“ segir Ragnheiður Elin Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.



Hún segir það kúnstugt hjá ríkisstjórninni að gera áætlanir fyrir næstu ríkisstjórn, enda margir sem deili þeirri von

með sér að ný ríkisstjórn taki við á næsta ári.

Hún segir það markleysu að lofa fé sem ekki sé í hendi, enda eigi Alþingi eftir að samþykkja veiðigjald og sölu á bönkunum, sem sé forsenda fyrir áætluninni. „Það er einfaldlega engin innistæða fyrir þessu, þetta eru bara falleg orð á blaði,“ segir Ragnheiður Elin.

„Kosningaplagg“

„Þetta virkar á mig eins og þetta sé kosningaplagg,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Hann



segir að ekkert eigi að koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári, sem sé kosningaár.

Gunnar segir að áætlaðar séu tekjur í verkefnum sem ekki sé séð fyrir endann á hvernig verði aflað. Þá sé það ekki stórkostlegt afrek að ætla að efla sjóði sem allir séu sammála um að þurfi að gera þegar hagur ríkisins vænkist.

Gunnar gagnrýnir að ekki hafi verið haft samráð við Framsóknarflokkinn, sem þó hafi lagt fram ýtarlegar hugmyndir um atvinnumálin nýverið. Stjórnarandstöðunni hafi verið boðið á kynningarfund í gær, en þeir hafi ekki séð ástæðu til að fara á kynningu þar sem verið væri að kynna „kosningaplagg“.

Þriggja ára áætlun skapar 4.000 störf

Stjórnvöld ætla að veita 39 milljörðum króna í ýmiss konar uppbyggingu á næstu þremur árum. Sérstakt veiðigjald og hlutur ríkisins í bönkunum munu standa undir útgjöldunum. Arðsemi framkvæmda mikil nú vegna slaka í hagkerfinu.

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld áforma að leggja ríflega 39 milljarða króna í uppbyggingu í atvinnumálum á næstu þremur árum. Stjórnvöld telja að þetta áttak muni skapa um 4.000 bein störf á tímabilinu og minnka atvinnuleysi um 0,4 til 0,6 prósentustig.

Útgjöldin verða fjármögnuð annars vegar með hluta af sérstöku veiðigjaldi en hins vegar með arði af bönkunum og sölu á eignarhlut ríkisins í þeim, segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar. Hún segir útgjöldin engu breyta um áætlun stjórnvalda um jafnvægi í ríkisfjármálunum árið 2014.

„Það er verulegur slaki í hagkerfinu og má ætla að arðsemi opinberra framkvæmda sé meiri en ella, sem er ein ástæða þess að við teljum rétt að setja þessa framkvæmdaáætlun í gang,“ sagði Jóhanna á fundi með fjölmiðlafólki í Iðnó í gær.

„Við erum að þyngra sóknina,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og formaður Vinstri grænna, á fundinum í gær. Hann sagði að með þessu væri ríkið að leggja sitt af mörkum til að fjölga störfum. „Sú varnarstaða sem einkennt hefur glímuna undanfarið mun þá breytast að meira marki í sókn.“

Steingrímur sagði ríkið ekki skuldsetja sig vegna þessarar nýju áætlunar, þvert á móti muni ríkið fá auknar skatttekjur vegna aukinna umsvifa.

Áætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir því að frumvarp um sérstakt veiðigjald verði að lögum. Sú upphæð sem renna á af veiðigjaldinu í þessi verkefni er um 5,7 milljarðar króna á ári, eða um 17,1 milljarðar á þriggja ára tímabili. Það er talsvert undir þeirri upphæð sem veiðigjaldi myndi skila miðað við þær forsendur sem frumvarpið gerir ráð fyrir, segir Steingrímur.

Arðgreiðslur af hlut ríkisins í viðskiptabönkunum þremur munu einnig renna í áætlunina, auk þess fjár sem koma mun með áætlaðri sölu á hlut ríkisins



KYNNING Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, hefur ásamt Katrínu Jakobsdóttur, varaformanni Vinstri grænna, unnið að fjárfestingaáætlun ríkisins. Hann kynnti verkefnið á fundi með fjölmiðlafólki í Iðnó í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áhersla á nýsköpun og samgöngur

Ýmis áform eru um uppbyggingu og auknar fjárveitingar í fjárfestingaáætlun stjórnvalda til næstu þriggja ára.

- Auka á fé í samgönguáætlun um 50 prósent. Það mun flýta gerð Norðfjarðarganga og Dýrafjarðarganga um tvö til þrjú ár auk þess sem hægt verður að ráðast í tvöföldun Vesturlandsveggar og Suðurlandsveggar fyrr en áformað var.
- Framlög í rannsóknarsjóð og tækniþróunarsjóð verða tvöfölduð.
- Ríflega tveimur milljörðum verður varið í uppbyggingu ferðamannastaða og innviða friðaðra svæða, til dæmis með stígagerð og úrbótum á aðstöðu.
- Framlög til kvikmyndasjóðs verða tvöfölduð og framlög í verkefnasjóð skapandi greina þrefölduð. Fé í verkefnið netrikið Ísland verður aukið.
- Tæplega 3,9 milljörðum verður varið í hið svokallaða græna hagkerfi, til dæmis í orkuskipti í skipum, grænkun fyrirtækja og fleira.
- Viðhaldi á fasteignum ríkisins verður flýtt, lagt verður fé í nýtt fangelsi og nýjan Herjólf, auk viðhalds Landeyjahafnar.
- Bygging á húsi íslenskra fræða verður komið af stað og Náttúruminjasafn Íslands mun fá fé til að setja upp sýningu í leiguhúsnæði.

í bönkunum á næstu árum, segir Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sem unnið hefur að áætluninni ásamt varaformanni Vinstri grænna og fleirum.

Samkvæmt áætlun Bankasýslu ríkisins getur ríkið selt hlut sinn í Íslandsbanka og Arion í haust eða vetur, en ríkið á samtals um 20 milljarða króna í bönkunum.

Til viðbótar er svo um 162 milljarða hlutur ríkisins í Landsbankanum.

Ríkið mun fá auknar skatttekjur á móti fyrirhuguðum útgjöldum. Afkoma ríkissjóðs verður samanlagt tæplega 20 milljörðum króna betri á næstu þremur árum vegna átakansins, samkvæmt áætlunum stjórnvalda. brjann@frettabladid.is

Ryksuga

VS 06G2001

Kröftug 2000 W ryksuga með 4 lítra slitsterkum poka. Vinnuradius 10 metrar.



SIEMENS

Tilboðsverð:
23.900 kr. stgr.
(fullt verð: 28.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Nýtt samstarf

Fjárfestingaáætlunin sem stjórnvöld kynntu í gær hefur verið unnin í samráði við Guðmund Steingrímsson, þingmann Betri framfjarðar, og samflokksmenn hans. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í gær að hann hefði komið að málinu í upphafi og þegar það hafi verið að klárast og að hann muni styðja málið á Alþingi.

Fjárfestingaráætlun ríkisins 2013 til 2015

	2013	2014	2015	Samtals
Fjármagnað með sérstöku veiðigjaldi	5.700	5.700	5.700	17.100
Samgöngumannvirki	2.500	2.500	2.500	7.500
Rannsókn- og tækniþróunarsjóðir	2.000	2.000	2.000	6.000
Sóknaráætlun landshluta	1.200	1.200	1.200	3.600
Fjármagnað með arði og eignasölu	10.695	6.638	4.438	22.021
Ferðþjónusta	750	750	750	2.250
Skapandi greinar	938	938	938	2.814
Græna hagkerfið	1.950	950	950	3.850
Fasteignir	7.057	4.000	1.800	13.107

Tilboð



20 sumarblóm að eigin vali
2.480kr

1. flokkur

Stjúpur | Alísur | Silfurkambur



Tilboð

10 sumarblóm í bakka
995kr

Margarítur



í 13 cm. potti

995kr

Hengilobelia



í 12 cm. potti

795kr

Petuniur



í 12 cm. potti

795kr

Öll

sumarblóm í
Garðheimum
eru íslensk
ræktuð

Ís

50kr



Soekið sumarið í Garðheima

Weber performer í nýju tiskulitunum!

skemmtilegar ræktunarförur



Allar gerðir
af Weber til

Tilboð á öllum
Webergrillum



Garðhanskar
fyrir konur



Nýtt



Kryddjurtapottar
með kryddplöntuklippum

Ný sending



20% afsláttur
af öllum pottum og kerjum

Tilboð



Blákorn

aðeins það besta fyrir
garðinn þinn!


Vantar þig kerru?
50% afsláttur
af leiguverði á kerru við kaup á:
mold ~ túnpökum ~ áburðarsekkjum



Mold og túnpökur í kerruna!
Afgreitt til kl. 18.00 alla daga



Utskriftarblómin



GARÐHEIMAR

ÍSLENSKT
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

Góð ráðgjöf á www.gardheimar.is | Ópið til kl. 21:00 öll kvöld



- 1 Hversu stórt hlutfall umsækjanda fær ekki sumarstarf hjá Reykjavíkurborg?
- 2 Hver er þjálfari íslenska kvendansliðsins í knattspyrnu?
- 3 Hvað á sýning Íslenska dansflokksins og GusGus að heita?

SVÖR

1. Tveir þriðju umsækjanda 2. Sigurður Ragnar Eyrjólfsson 3. Á vit...

Fyrsta andlát innan veggja íslenskra fangelsa síðan árið 2007:

Fimm fangar dánir á níu árum

LÖGREGLUMÁL Maður á fimmtugsaldri lést í fangelsinu Litla-Hrauni um áttaleytið á fimmtudagskvöld. Hann hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir síbrot þann 16. maí síðastliðinn og var nýbúið að færa hann til fangelsisins þegar hann lést.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins byrjaði maðurinn mjög fljótlega að kasta upp eftir að komið var á Litla-Hraun og hné meðvitundarlaus niður á ganginum. Sjúkrateymi reyndi endurlífgunartilraunir án árangurs og lést maðurinn skömmu síðar.



LITLA-HRAUN Maðurinn sem lést á Litla-Hrauni á fimmtudag var í mikilli fíkniefnaneyslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um var að ræða síbrotamann í mikilli neyslu sem hafði afplánað marga tugi dóma. Samkvæmt

heimildum blaðsins kom hann með mikið af sprautum til fíkniefnaneyslu í farangrinum inn á Litla-Hraun.

Í kjölfar atviksins var kallað á áfallateymi, fangaverðir voru fjarlægðir og fangelsisprestur kom á vettvang.

Þetta er í fyrsta sinn síðan árið 2007 sem fangi lætur lífið á meðan hann er innan veggja fangelsa. Fimm manns hafa nú látist síðan árið 2004, en þrjár einstaklingar frömdu sjálfsvíg á árunum 2004 til 2007. Þá lést einn fangi árið 2007.

Geðdeildir í Svíþjóð:

Sjúkir ítrekað ólaðir niður

SVÍÞJÓÐ Sjúklingar á geðdeildum í Svíþjóð voru ólaðir niður í yfir 3.300 skipti í fyrra.

Skiptin eru í raun enn fleiri, að því er greint er frá á vef Dagens Nyheter. Þar er það haft eftir Herman Holm, yfirlækni í Malmö, að upplýsingum sé enn ábótavant. Skráning félagsmálayfirvalda á þvingunaraðgerðum hófst árið 2010. Þær þykja nauðsynlegar þegar talið er að sjúklingar geti valdið sjálfum sér eða öðrum skaða. Markmiðið er þó að draga úr slíkum aðgerðum.

- ibs

Draumur um barn í lausu lofti vegna tafa

Íslensk ættleiðing tilkynnir félagsmönnum um helgina að ganga þurfi á varasjóð. Félagið í frágangsfæri, segir formaðurinn. Hjón sem biða ættleiðingar eru uggandi vegna þess hversu lengi innanríkisráðuneytið er að bregðast við.

SAMFÉLAGSMÁL „Mér finnst fáránlegt að einhverjir karlar í jakkaötum, án þess að ég sé með einhverja fordóma, geti stjórnað því hvort ég fái minn æðsta draum uppfylltan,“ segir Tinna Rúnarsdóttir, sem sér fram á að geta ekki eignast barn ef Íslensk ættleiðing fær ekki fjárveitingar frá ríkinu til að halda nauðsynleg námskeið fyrir verðandi kjörforeldra.

Félagið hætti að bjóða upp á námskeiðin fyrir um mánuði vegna þess að ekki hafa náðst samningar við stjórnvöld um fjárframlög. Mánuði fyrr hafði félagið frestað aðalfundi sínum af sömu ástæðu.

Tinna segir að sér finnst ráðuneytið hafa verið allt of lengi að bregðast við. „Ef það eru til peningar til að endurnýja bílafloata ráðherra þá eru til peningar til að styrkja Íslenska ættleiðingu og halda þessi námskeið,“ segir hún.

Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir að til standi að tilkynna félagsmönnum nú um helgina að komið sé að því að ganga á varasjóð félagsins. „Í reglugerð segir að félaginu beri að haga rekstri sínum þannig að ef það verður lagt niður séu til fjármunir til að fylgja eftir þeim umsóknum sem kunna að vera til staðar þegar starfsemið hættir,“ útskýrir Hörður.

„Núna er félagið í lokunarfasa – eða frágangsfæri. Það þýðir að þegar þessi sjóður er upp urinn, einhvern tímann í haust, þá er ekki lengur neitt svigrúm til að starfa.“

Tinna og maður hennar, Marinó Magnús Guðmundsson, fengu forsamþykki frá íslenskum stjórnvöldum fyrir ættleiðingu í mars en lengra komast þau ekki vegna þess að seta á námskeiðinu er skilyrði fyrir því að hægt sé að senda umsókn úr landi.

„Það er enginn að fara að ættleiða nema þetta námskeið verði haldið. Ef þau gera ekki eitthvað í þessu þá eru þau að fara að stoppa ættleiðingu til Íslands. Þetta er ekkert flókið,“ segir Tinna. Hún er sjálf ættleidd og segir að nú til dags sé biðtíminn umtalsvert lengri en var þegar hún kom til landsins, þótt ekki bættist við tafir við að leysa úr málinu í innanríkisráðuneytinu.

Tinna hefur óskað eftir fundi með Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra en kveðst ekki enn hafa fengið svar við beiðninni.



ÓÁNÆGÐ Tinna og Marinó geta ekki sótt um barn vegna þess að þau komast ekki á nauðsynlegt námskeið á vegum Íslenskrar ættleiðingar.

MYND/FINNOGI MARINÓSSON

Hörður segir að Íslensk ættleiðing sé nokkurn veginn í sömu stöðu núna og fyrir tveimur mánuðum. „Okkur hefur reyndar verið sagt að kannski komi eitthvað inn á fjárukalög í haust, en höfum enga fullvissu um það,“ segir hann.

Ekki náðist í Ögmund Jónasson í gær. Hann er staddur erlendis.

stigur@frettabladid.is

Fornbílaklúbbur Íslands
ANTIQUE AUTOMOBILE CLUB OF ICELAND
FBI
35 ára
STOFNABUR 19. MAÍ 1977

Afmælissýning
Fornbílaklúbbs Íslands

Kerputorgi
Helgina 18. - 20. maí

Föstudaginn 18. verður opið frá 18-22
Laugardaginn 19. opið frá 10-22
Sunnudaginn 20. opið frá 12-18
Miðaverð 800 kr.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Foreldrum og veirvöldum
ber að tryggja öryggi barna

Fylgstu með í símanum

Fjölbreytt úrval hágæða IP myndavéla með frábærum myndgæðum. Þú getur sótt myndir beint í símann eða spjaldtölvuna.

Hringdu núna í 570 2400 eða kynntu þér málið á oryggi.is.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Þjónustudagur Toyota

Laugardaginn 19. maí



Toyota með allt á hreinu

Í dag gerum við allt glansandi flott fyrir sumarið á Þjónustudegi Toyota. Milli klukkan 11 og 15 bjóðum við öllum eigendum Toyota bifreiða til sölu- og þjónustuaðila Toyota. Þar verður nóg um að vera.

Komið í heimsókn, haldið upp á þjónustudaginn með Toyota og akið burt á skínandi hreinum bílum.

Við þrífum bílana að utan - grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	200 Kópavogi	570-5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460-4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480-8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420-6610
Bílatangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456-4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455-4570
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470-5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	230 Reykjanesbæ	421-6901
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	440-8000
	Skemmuvegi 16	200 Kópavogi	440-8000

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

30 daga hreinsun á mataræði!

Vegna mikillar eftirspurnar verður **AUKANÁMSKEIÐ** með **DAVÍÐ KRISTINSSYNI** næringar- og lífsstílsþjálfara

Fimmtudaginn 23. maí

Námskeiðið er haldið í Heilsuhúsinu, Lágmúla 5, kl. 20 - 22. Innifalið er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðill. Námskeiðsgjald aðeins kr. 5.500,-. Nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.

AUKANÁMSKEIÐ Í MAÍ!

www.heilsuhusid.is



KRAFTAVERK



NEW YORK Í GÆR Alls skiptu 83,7 milljón hlutir í Facebook um hendur á fyrstu mínútu viðskipta með hluti í fyrirtækinu í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 10 milljónum króna í samfélagsstyrki, til 20 verkefna í fyrri úthlutun fyrir árið 2012.

Samfélagsstyrkjum er ætlað að styðja við verkefni á ýmsum sviðum, þar á meðal í mannúðarmálum, menningu og listum, menntun, rannsóknum og vísindum, einnig forvarna- og æskulýðsstarfi og sértækri útgáfustarfsemi. Samfélagsstyrkir verða veittir tvívegis í ár en seinni úthlutunin verður í nóvember. Samtals nema samfélagsstyrkir því 20 milljónum króna á árinu.

Á hvoru úthlutunartímabili verða veittir eftirtaldir styrkir:

- » 5 styrkir að upphæð 1.000.000 kr. hver.
- » 5 styrkir að upphæð 500.000 kr. hver.
- » 10 styrkir að upphæð 250.000 kr. hver.

Verkefni sem einkum koma til greina:

- » verkefni mannúðarsamtaka og góðgerðarféлага
- » verkefni á sviði menningar og lista
- » menntamál, rannsóknir og vísindi
- » forvarna- og æskulýðsstarf
- » sértæk útgáfustarfsemi

Umsóknarfrestur til 4. júní

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með 4. júní 2012. Dómnafnd er skipuð fagfólki á hverju sviði. Sótt er um styrkina rafrænt, á landsbankinn.is.

Samfélagsjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru veittar fimm tegundir styrkja: Afreksstyrkir, námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



JONSSON & LEWIS • JUL • SIA

Mikill áhugi á Facebook

Facebook var skráð á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum í gær. Mikil viðskipti voru með bréf í fyrirtækinu en niðurstaða útboðsins olli vonbrigðum.

VIÐSKIPTI, AP Það var líflegur dagur í Nasdaq-Kauphöllinni í New York í Bandaríkjunum í gær þegar viðskipti hófust með hlutabréf í Facebook. Útbóðsverð bréfaanna var 38 Bandaríkjadalar en verðið skaut fljótlega upp í 43 dali áður en það féll aftur niður í útbóðsverðið. Við lokun markaða var verðið 38,23 dalir á hlut sem jafngildir tæpum 4.900 íslenskum krónum.

Viðskiptin hófust klukkan 15.30 að íslenskum tíma í gær en þeim seinkaði um hálf tíma vegna tæknilegra örðugleika. Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, hringdi opnunarbjóllunni hefðum samkvæmt við hátíðlega athöfn í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Menlo Park í Kaliforníu. Á fyrstu mínútu viðskipta skiptu 83,7 milljón hlutir um hendur en alls var 421 milljón hluta til sölu í útbóðinu. Um miðjan dag höfðu 200 milljón hlutir skipt um hendur.

Í nýlegum hlutafjárútbóðum tæknifyrirtækja í Bandaríkjunum hefur verð þeirra skotist upp á fyrsta degi viðskipta. Til að mynda tvöfaldaðist hlutabréfa-verð samfélagsmiðilsins viðskiptasinnaða, LinkedIn, á fyrsta degi viðskipta í fyrra.

Fyrirtæki eru iðulega verðlögð lítilllega undir væntu markaðsverði í útbóðum þar sem hækkun hlutabréfa-verðs í kjölfar útbóðs þykir sýna fram á tiltrú markaðarins á fyrirtækinu. Hækki verð-

ð hins vegar verulega bendir það til þess að hlutirnir hafi verið seldir á of lágu verði.

Niðurstaðan úr viðskiptum gærdagsins er því eigendum Facebook væntanlega nokkur vonbrigði, enda var verðhækkunin sáralítill.

Miðað við 38 Bandaríkjadala útbóðsverðið er heildarvirði Facebook um 104 milljarðar Bandaríkjadala, jafnvirði 13.248 milljarða króna. Þýðir það að Facebook er verðmætasta fyrirtæki nokkru sinni til að skrá sig á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum.

Virði Facebook jafngildir 54 sinnum væntum hagnaði fyrirtækisins á árinu en til samanburðar var Google metið á 44 sinnum væntan hagnað ársins þegar það fór á markað árið 2004. Hlutabréfa-verð Google hækkaði um fjórðung á fyrsta degi viðskipta en féll svo á skömmum tíma langleiðina niður í útbóðsverðið á ný. Síðan hefur hlutabréfa-verðið þó sexfaldað vegna hraðari vaxtar en gert var ráð fyrir.

Hvort Facebook geti leikið þann vext eftir mun koma í ljós en hagnaður fyrirtækisins hefur aukist gríðarlega á fáum árum. Á fyrsta ársfjórðungi 2012 hagnaðist það um 205 milljónir Bandaríkjadala en til samanburðar tapaði það 138 milljónum dala á árinu 2007.

magnusl@frettabladid.is

83,7

milljón hlutir í Facebook skiptu um hendur á fyrstu mínúttunni eftir að opnað var fyrir viðskiptin í Nasdaq-kauphöllinni í gær.



ÚTILÍF

FYRIR ÆVINTÝRI SUMARSINS

Í GÖNGUFERÐUM OG ÚTIVIST Á ÍSLANDI SKIPTIR MESTU AÐ BÚA SIG VEL.

THE NORTH FACE ER STÆRSTA ÚTIVISTARMERKI HEIMS.



VERÐ FRÁ: 22.990 KR.

**TNF BASE CAMP DUFFEL
LEIÐANGURSPOKAR**
Sterkir og traustir.
Stærðir M - L - XL.



VERÐ: 18.990 KR.

TNF RECON DAGPOKI
Með þægilegu baki.
Vel innréttaður!
Í skólann og á fjöllin.



TILBOÐ: 23.992 KR.

**TNF APEX TREKKING
GÖNGUBUXUR**
Vinsælustu göngu- og fjallabuxurnar.
Fást bæði á dömur og herra.
Almennt verð: 29.990 kr.



VERÐ: 17.990 KR.

**TNF TREKKER CONV.
GÖNGUBUXUR**
Hægt að renna skálmum af.
Fljótþornandi, létt stretch-efni.
Fást bæði á dömur og herra.



TILBOÐ: 7.990 KR.

TNF GLACIER FLÍSPEYSUR
Fást bæði á dömur og herra.
Ýmsir litir.
Almennt verð: 9.990 kr.



VERÐ FRÁ: 11.990 KR.

TNF SKYRTUR
Flottar og vinsælar.
Fást bæði á dömur og herra.
Ýmsir litir.



VERÐ: 69.990 KR.

**TNF ALPINE PROJECT
3 LAGA GTX TOP JAKKI**
Í fjallaferðir og útivist.
„Active Shell“ vatnsvörn og útöndun.
Bæði til á dömur og herra.



TILBOÐ: 21.592 KR.

TNF HEDGEHOG GTX III
Léttir, öflugir og þægilegir.
GTX-vatnsvörn og vibram-sóli.
Fást bæði á dömur og herra.
Almennt verð: 26.990




VERÐ: 44.990 KR.

**TNF VERBERA BACK-
PACKER GÖNGUSKÓR**
Öflugir með GTX-vatnsvörn.
Vibram-sóli, góður stuðningur.
Fást bæði á dömur og herra.



TILBOÐ: 52.792 KR.

**TNF BLUE KAZOO
DÚNSVEFNPOKI**
„650+fill“ gæsadúnn.
Þyngd: 1.140 g Þölmörk: -9°C
Almennt verð 65.990 kr.



Tvöfalda endurnýjanlega orku 2030

Yfir milljarður jarðarbúa lifir án aðgengis að rafmagni. Eigi að bæta úr því og ná um leið markmiðum alþjóðasamfélagsins um minni útblástur gróðurhúsalofttegunda þarf að auka veg endurnýjanlegra orkugjafa. Fjárfesting í þeim geira hefur aukist til muna síðustu ár og endurnýjanleg orka á að tryggja framtíðarorku jarðar.

Eigi allir jarðarbúar að hafa aðgang að rafmagni þarf að gjörbreyta orkubúskap heimsins. Flóknara er það nú ekki. Við getum haft mismunandi skoðanir á framtíð jarðefnaeldsneytis, en fram hjá því verður ekki horft



DOLF GIEDEN

að það er endanleg auðlind. Hver svo sem tímamunkturinn verður, þá kemur að því að hana þrýtur.

Þess vegna er það morgunljóst að eigi að tryggja öllum rafmagn verður að líta til annarra leiða til að framleiða það. Þegar við það bætist að það samræmist markmiðum um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, er ekki skrítið hve mikil áhersla er lögð á uppbyggingu endurnýjanlegra orkugjafa.


Sjálfbær orka

Eins og fyrr hefur komið fram í þessum greinaflokki er árið 2012 ár sjálfbærrar orku hjá Sameinuðu þjóðunum. Markmiðin eru háleit; tryggja á öllum jarðarbúum orku árið 2030, þá á að nýta þá orku sem fyrir er tvöfalt betur og tvöfalda hlut endurnýjanlegra orkugjafa.

Sjálfbær þróun snýst um að þörfum nútímans sé mætt án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Augljóslega munu komandi kynslóðir ekki hafa sama aðgang að olíulindum og við. Þess vegna er þörfin á sjálfbærum orkugjöfum svo rík sem raunber vitni.


Þetta á ekki síst við í löndum þar sem aðgangur að jarðefna-

Orkubúskapur jarðarinnar 2010



Endurnýjanlegir orkugjafar

Fjárfesting eftir orkuframleiðslu - 310 milljarðar dala



*MEDAL ANNARS TIL HEIMANOTA

eldsneyti er takmarkaður eða enginn. Þar sem við bætist slæmur efnahagur og því minni möguleikar á kaupum dýrra orkugjafa er þörfin enn ríkari til aðgerða strax. Svo er um þróunarlöndin.

Stærstur hluti þeirra sem ekki hafa aðgang að rafmagni búa í Afríku sunnan Sahara og á Indlandi. Þar eru því gríðarlegir möguleikar fyrir nýja orkugjafa, sem sést vel á því að meira en helmingur allra fjárfestinga í vindorku árið 2010 átti sér stað í þróunarlöndunum og um helmingur þegar kemur að lifmassa.

Kostnaður lækkar

En hvers vegna ekki bara að henda upp vindmyllum þar sem blæs og sólarcellum þar sem sólar er von? Það er von að spurt sé. Fyrir Íslending á ferð í hjarta hins endurnýjanlegra orkugeira á alþjóðavísu, virðist málið nokkuð einfalt. Reikningsdæmi þar sem jafnvel undirritaður geti reiknað. Olíu og gas mun á endanum þrjúta,

annað þarf í staðinn. Ekki flókið.

Galli endurnýjanlegu orkugjafanna hefur verið sá að stofnkostnaður við þá er mjög mikill. Stofnkostnaður við jarðefnaeldsneytið er það vissulega líka, en löngu er búið að greiða hann upp. Þá eru geymsla og flutningur rafmagnsins enn nokkrum vandkvæðum háð.

IRENA er alþjóðleg stofnun um endurnýjanlega orkugjafa, en á hana var minnst í síð-

ustu grein. Hún var stofnuð í apríl 2011 og 158 lönd hafa skuldbundið sig starfi hennar, en aðildarríkin eru 93.

IRENA er ekki lánastofnun, rannsóknarsetur eða frjáls félagasamtök (e. NGO) heldur ráðgjafarsetur, bæði tæknilegt og pólitískt, sem sér um samhæfingu í geiranum.

Dolf Gielen er forstjóri tæknisviðs stofnunarinnar. Hann segir að kostnaður við endurnýjanlega orkugjafa fari minnkandi og þeir verði æ stöðugri. „Endurnýj-

anlegir orkugjafar geta uppfyllt stefnu um örugga, tryggja og ódýra orku sem nýtist við útvíkkun orkuna og til þróunar.“

Hann segir vandamálið þó að þar sem ekki er um eitt samhæft net að ræða sé oft erfitt að nálgast upplýsingar.

Hrein orkubylting

Sameinuðu þjóðirnar hafa sett fram stefnu um byltingu í hreinni orku. Með þeirri stefnu á að ná til þeirra 3 milljarða jarðarbúa sem búa við skertan aðgang að orku, en af þeim hafa 1,3 milljarðar engan aðgang að orku.

„Þrjú milljarðar manna notaast enn við kol og viðarkyndingu til að elda sér mat. Þeir búa við orkufátækt sem leiðir síðan af sér skelfilega almenna fátækt,“ sagði Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, þegar hann kynnti stefnuna í október.

„Við þörfumst orku sem er alþjóðleg, sem er hrein og einnig sjálfbær. Við getum ekki lengur brennt okkur í átt til velmegunar. Eina leiðin til að draga úr áhættunni á hættulegum loftslagsbreytingum er að tryggja að orkan sé sjálfbær.“

Í því skyni er markmiðið að auka orkunýtingu um 40% á árunum 2010 til 2030. Þar er horft til endurnýjanlegra orkugjafa, en eins og áður segir, á hlutur þeirra það ár að verða 30%.



KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

kolbeinn@frettabladid.is

Á MÁNUÐAG:
Raunhæf markmið eða orðagjálfur?

DEVOLD


Devold nærfatnaðurinn er úr hreinni Merino-ull og heldur líkamanum þurrum og heitum hvort sem bleytir eða frýs.

REYKJAVÍK • AKUREYRI
ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Um helmingur nýrrar orku er endurnýjanlegur

Hefur tvöfaldað á fimm árum



Við þörfumst orku sem er alþjóðleg, sem er hrein og einnig sjálfbær. Við getum ekki lengur brennt okkur í átt til velmegunar.

BAN KI-MOON

AÐALRITARI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Alltaf lágt verð



PALLAEININGAR

Léttar pallaeiningar sem raða má saman, sniðug lausn í garðinn. Douglasviður. Fæst í 2 stærðum. Sama verð fyrir báðar stærðir. 30 x 30 cm og 30 x 60 cm. Verð pr. stk.

2.495,- !



JOTUN

3 L JOTUN TRÉOLÍA
Alkýð-olífa sem vinnur gegn gránun og sprungu-myndun á pöllum, skjóveggjum, garðhúsgöngnum o.s.frv. Notist á gagn- og þrýstífuvárið timbur.

1.495,- !




THE BARBECUE COMPANY

LEON KÚLUGRILL MED GASÍ

Á þessu grilli getur þú bæði steikt og bakað eins og á hefðbundnu kúlugrilli og á sama tíma nýtt þér hraða og hitastýringu gasgrillsins.

77.900,- !



ÁVAXTATRÉ

Sterkvaxið tré ræktað í Danmörku. 2 ja ára gamalt, hæð ca. 200 cm. Harðgert. Hægt að velja á milli nokkurra tegunda.

5.995,- !

Grilldagar **BAUHAUS** laugardaginn og sunnudaginn frá kl. 14-16.



BAUHAUS verður með fjöruga og skemmtilega grillkynningu um helgina fyrir alla fjölskylduna. Weber og önnur gæðagrill verða til sýnis og það verða kokkar á staðnum með léttu grillkennslu. Einnig verða hoppukastalar ef veður leyfir og börnin fá íspinna frá Kjörís.



Verðin gilda frá fimmtudeginum 17. maí til og með laugardagsins 19. maí 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

VERÐVERND

12%

Það er markmið okkar að bjóða alltaf upp á lægsta verðið á markaðnum. Við gerum hagstæð innkaup án þess draga úr kröfum okkar um gott siðferði, gæði og notagildi. Einnig erum við vakandi fyrir verðlagi samkeppnisaðila okkar og ef við komumst að því að okkar verð sé ekki nógu lágt, lækkum við það enn frekar. Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði annars staðar endurgreiðum við mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans. Þú þarft að framvísa kassakvittun auk staðfestingar frá öðrum söluaðila. Verðverndin gildir ekki þegar um er að ræða vörur sem aðrir bjóða aðeins í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, þegar um opnunartilboð er að ræða, eða vörur sem seldar eru í póstverslunum, á internetinu eða í vefverslunum.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

Velkomin
í Heklu-
fjölskylduna!



Fjölskyld HEKLU í

HAPPDRAETTI

Taktu þátt í happdrættinu með því að virkja þjónustukortið þitt á www.hekla.is/thjonusta

DREGIÐ 1. JÚNÍ NK. ÞÚ GÆTIR UNNIÐ:

2x ferð fyrir tvo út í heim með

WOW

EM 2012
Castrol
bolta frá
Adidas



Smurþjónustu fyrir bílinn

Umfelgun

Eigendur Heklubíla hafa fengið send þjónustukort. Kortin veita handhöfum þeirra alls kyns fríðindi og afslátt hjá þjónustuumboðum HEKLU um land allt.

Virkjaðu þjónustukortið á Hekla.is og þér opnast nýr heimur tilboða.

HEKLA Laugavegi:

- ✓ Umfelgun fyrir fólksbíla á gamla góða verðinu, 2.990 kr.
- ✓ Dekk og felgur á tilboðsverði
- ✓ 20% afsláttur af smurþjónustu
- ✓ Frábært tilboðsverð á bremsuviðgerðum
- ✓ Frí ástandsskoðun og þú tryggir akstursöryggi bílsins
- ✓ Rúðupurrkublöð með afslætti
- ✓ Fríar rafhlöður í bíllykilinn
- ✓ 12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing*
- ✓ Frír heimakstur fyrir viðskiptavini bílaverkstæðis
- ✓ 25% afsláttur af útkallsþjónustu

Kynntu þér tilboð annarra þjónustuumboða um allt land á www.hekla.is

* M.v. lágmarksupphæð 60.000 kr. og hámark 500.000 kr.



**HOPPU-
KASTALI
FYRIR
BÖRNIN**



uhátíð dag kl. 12-16

Kynntu þér
hátíðardagskrá
hjá þjónustuaðilum
um allt land á
www.hekla.is



Í tilefni af útgáfu þjónustukorta HEKLU höldum við hátíð þar sem mikið verður um dýrðir og skemmtiatriði fyrir alla fjölskylduna. Komdu í HEKLU, Laugavegi 174 og skemmtu þér með okkur!

FRÍAR,
PYLSUR,
GOS, SVALI
OG ÍS

emmessis


HITTU Í
MARK!

Taktu þátt í Castrol-
skotkeppninni.

Heppnir markaskorarar
geta unnið EM 2012
Castrol Adidas-bolta.

Castrol

EURO 2012
POLSKA



Kynning á
rafmagnsbíl
frá Mitsubishi

Skráðu þig í
reynslu-
akstur



BÍLA-
BRAUT
FYRIR
YNGSTU
KYNSLÓÐINA



BÍLAVIÐGERÐIR
FYRR OG NÚ

Farið verður
yfir sögu
bílaviðgerða



Lærðu að draga úr
eldsneytisnotkun.

Sparaksturs-
námskeið
kl. 13, 14
og 15.



AFSLÁTTUR
AF BODDÝHLUTUM
Í ELDRI BÍLA!

Afsláttur af boddýhlutum
sem nemur tvöföldum aldri
bílsins. Dæmi: 14 ára
gamall bíll = 28% afsláttur.*

* Afslátturinn gildir af „original“ varahlutum sem til eru á lager.
Gildir eingöngu fyrir handhafa þjónustukorts. Gildir til 25. maí.

Sýningarsalir opnir 12-16. Komdu í kaffi og
leyfðu sölumönnum HEKLU að sýna þér
nýjustu bílana í Heklu fjölskyldunni



H
HEKLA

Enkunnir nemenda í HÍ eftir framhaldsskólum:

Goðsögnum hnekk

Háskóli Íslands hefur kannað hvernig enkunnir nemenda skiptast eftir þeim framhaldsskólum sem nemendurnir koma úr. Niðurstaðan er í stuttu máli sú að tilteknir skólar raðast oftar ofarlega en aðrir. Fyrst og fremst sýnir rannsóknin þó fram á að munur milli skóla er ekki afgerandi.

Ólafur Þ. Harðarson bendir á í frétt blaðsins á föstudaginn að þótt vissulega komi þeir skólar sem gjarnan hafi verið taldir skila góðum nemendum vel út þá séu einnig aðrir skólar sem skili góðum nemendum til HÍ. Hann bendir einnig á að líta þurfi til þess að skólarnir fái misgóða nemendur úr grunnskóla.



SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Goðsagnir um gæði framhaldsskóla hafa lengi verið lífseigar. Með einsleitri mælistiku hafa menn komist að því að elstu menntaskólarnir og aðrir tilteknir

ir bóknámsskólar séu bestir en yngri skólar, sem margir hverjir bjóða mun fjölbreytilegra nám, þykja ekki eins góðir.

Við þessar goðsagnir má margt athuga. Í fyrsta lagi liggur mælistikan yfirleitt í bóknáminu eingöngu en ekki í öðrum þáttum námsframboðs. Í öðru lagi er yfirleitt lítið gert með það að skoða samhengið milli þess hvers konar nemendur koma inn í skólana og svo hvernig þeim vegnar að námi loknu.

Þannig er nemandi sem alla tíð hefur gengið vel í bóknámi í grunnskóla mun líklegri til að sækja í hefðbundinn menntaskóla, sem býður honum val milli fjölmargra bóknámssgreina, en í fjölbrautaskóla, sem býður honum val milli mun fleiri námsgreina en kannski tiltölulega einsleitt bóknám.

Könnun á gengi nemenda innan HÍ sýnir fram á að góður nemandi getur komið úr hvaða skóla sem er. Gengi fólks í námi veltur á fjölmörgum þáttum, og þá ekki síst þáttum eins og viðhorfi til náms, áhuga á viðfangsefnum og fjöldamörgum öðrum þáttum, bæði ræktuðum og meðfæddum.

Hlutur skólans er að búa nemandanum hvetjandi námsumhverfi og sjá til þess að hann þrífist vel á alla lund þannig að árangur hans í námi megi verða sem bestur. Það sama gildir um heimilin og það gefur augaleið að nemandi sem kemur frá heimili þar sem ríkir jákvætt viðhorf til náms og hann fær hvatningu er minna háður skólanum sínum en sá sem kemur úr umhverfi þar sem skólanám er ekki forgangsraðað. Til dæmis þess vegna er svo mikilvægt að hnekkja goðsögnunum um skólana.

Það skiptir miklu máli að taka niðurstöðum kannana um gengi nemenda af þeirri yfirvegum sem viðmælendur í frétt blaðsins á föstudaginn gerðu, að nota hana til að vinda ofan af goðsagnaum-ræðunni fremur en að ýta undir hana eins og oft hefur verið gert.

Mestu máli skiptir að ungt fólk á Íslandi eigi þess kost að sækja fjölbreytt nám í margs konar skólum. Sumum hentar bóknám, öðrum verknám, sumum hentar rammi bekkjarkerfisins meðan öðrum hentar nám í minna formföstu umhverfi. Allt þetta unga fólk á að eiga þess kost að iðka nám sitt í skólum sem koma til móts við þarfir þess.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

www.landvernd.is



Landvernd efnir til málþings um sjálfbæra ferðamennsku og náttúruvernd á háhitasvæðum, mánudaginn 21. maí nk. í Nauthóli við Nauthólsvík kl. 13:00-16:15. Allir velkomnir!

Dagskrá málþings:

- 13:00** Setning málþings, Sveinbjörn Björnsson, Landvernd
- 13:05** Eðli og náttúra háhitasvæða hér og erlendis, Ólafur Örn Haraldsson, Þjóðgarðsvörður á Þingvöllum og forseti Ferðafélags Íslands
- 13:40** Sjálfbær ferðamennska og náttúruvernd á háhitasvæðum - kynning á verkefni Landverndar, Birta Bjargardóttir, Landvernd
- 13:45** Gildi jarðminja á háhitasvæðum, Kristján Jónasson, Náttúrufræðistofnun Íslands
- 14:05** Gildi lífríkis á háhitasvæðum, Ásrún Elmarsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands
- 14:30** Kaffi
- 14:50** Gildi háhitasvæða fyrir ferðapjónustu, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, Íslenskum fjallaleidsögumönnum
- 15:10** Öryggismál ferðamanna á háhitasvæðum, Jónas Guðmundsson, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu
- 15:25** Pallborðsumræður
- 16:15** Málþingi lýkur

Fundarstjóri og stjórnandi pallborðsumræðu: Anna G. Sverrisdóttir, Landvernd



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Uppvakningur tekinn í fóstur

Sagt var að siðfræði margra þeirra sem áttu og stjórnuðu gömlu bönkunum fyrir hrun hefði rúmast í þessari setningu: „Við eigum þetta, við megum þetta.“ Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur vísaði í þessa hugsun í sjónvarpsviðtali nýlega þegar hann var að skýra þá ákvörðun meirihluta Alþingis að ákæra fyrrum forsætisráðherra einan vegna hrunsins og sleppa ráðherrum Samfylkingarinnar. Og í þessari viku skaut svo þetta hugarfarar upp kollinum á ný eins og uppvakningur.

„Menn mega ekki alveg missa sjónar á því og setja niður hælana bara út af einhverri þröngri



ÞORSTEINN PÁLSSON

túlkun á laga-bókstafnum.“ Þessi ummæli hefur þetta blað eftir Steingrími J. Sigúfssyni, ráðherra efnahagsmála, í til efni af því að stjórnendur lífeyrissjóðanna vildu ekki láta undan þrýstingi ríkisstjórnarinnar og falla frá veðum sem þeim er að lögum skylt að taka.

Ráðherrann rökstyður þetta svar sitt með því að segja: „Við erum jú öll saman í þessu og lífeyrissjóðirnir líka, að koma heimilinum í gegnum þessa erf-

íðleika.“ Með öðrum orðum: Göfugt markmið réttlætis að stjórnir fjármálafyrirtækja gangi á svig við lög og jafnvel stjórnarskrá. Áður hafði formaður efnahagsnefndar Alþingis talað á sama veg.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er gagnrýnt að of fáir hafi sett niður hælana þegar þröngur lagabókstafurinn og kröfur um ábyrga stjórnarhætti áttu að setja stjórnendum gömlu bankanna skorður. Ummæli Steingríms J. Sigúfssonar sýna hins vegar að of margir þingmenn sem áður lásu húslestra til höfuðs þessum draug hugarfarsins hafa nú sjálfir tekið uppvakninginn í fóstur.

Eiga þeir þetta skilið?

Stjórnendur lífeyrissjóðanna hafa sætt harðri gagnrýni vegna þess að bókfærðar eignir sjóðanna rýrnðu, fyrst við hrun krónunnar og síðan vegna falls bankanna. Almenn reiði virðist ríkja í garð þeirra. Hér er ekki ætlunin að meta að hve miklu leyti þessi ádeila er réttmæt.

Spurningin er þessi: Getur það verið siðferðilega réttlætlanlegt að ríkisstjórn gagnýti sér þessa reiði almennings í garð stjórnenda lífeyrissjóðanna til þess að knýja þá til athafna sem ekki samrýmast

lögum og myndu skerða lífeyri umbjóðenda þeirra enn frekar?

Ríkisstjórnin stendur andspænis þremur kostum: Sá fyrsti er að segja sem er að ríkissjóður sé tómtur og því ekki svigrúm til að mæta annars sanngjörnum kröfum um skuldalækkun. Það er óvinsælt. Annar er sá að hækka skatta á almenning og nota tekjurnar til að aðstoða þá skuldara sem í hlut eiga. Það yrði trúlega enn óvinsælla en að segja nei. Þriðji kosturinn er sá að þröngva stjórnendum lífeyrissjóðanna til að brjóta lög og láta ellilífeyrisþega borga

brúsann. Óvinsældir stjórnendanna eiga að gera þessa leið vinsæla.

Ríkisstjórnin skákar í því skjóli að vígstaða stjórnenda lífeyrissjóðanna sé svo veik að almenn-ingur sé reiðubúinn að fórna enn meir af lífeyrisréttindum sínum til þess að ná sér niður á þeim. Hver heilvita maður sér þó að ekki er heil brú í þeirri hugsun. Hitt er verra að hún er sprottin af sömu rót og það hugarfarar að sniðganga megi lög og reglur um ábyrga fjármálastjórn ef ríkisstjórnin telur að markmiðið sé göfugt.

Hælana á að setja niður

Verst er þó að þetta dæmi er ekki einstakt. Það endurspeglast víða í fjármálastjórn ríkisins. Ríkissjóður Grikklands komst í þrot vegna þess að grískir stjórnmálamenn héldu útgjöldum í stórum stíl utan við ríkisreikninginn. Þeir teygðu lög til að ná markmiðum sínum rétt eins og stjórnendur gömlu bankanna eru sagðir hafa gert.

Mörgum af þeim verkefnum sem ríkissjóður er nú með á prjónunum er komið fyrir í eign-

arhaldsfélögum þannig að ábyrgð á skuldbindingum og ranverulegt eignarhald er ekki gegnsætt með þeim hætti sem almennar reglur um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir. Verkefnin eru flest þörf og sum mjög brýn en öll af merkileg til þess að dragast inn í samanburð við gríska ríkisfjármálastjórnun.

Kjarni málsins er sá að jafnvel göfug verkefni réttlæta ekki að stofnað sé til skuldbindinga á svig við almennar leikreglur um gegnsæi. Slíkar ákvarðanir bera öll merki þeirrar siðferðilegu

hugsunar sem rannsóknarnefnd Alþingis taldi að hefði átt sinn þátt í falli bankanna. Afleiðingarar ráðast af því hversu lengi mönnum leyfist að fóstura þennan uppvakning.

Fall bankanna er ekki gleymt. Ef fram heldur sem horfir er næsta hrun of sýnilegt til þess að láta hjá líða að hvetja alla þá til að setja niður hælana sem vilja ekki sniðganga leikreglur um ábyrga ríkisfjármálastjórn. Það er siðferðilega rétt og efnahagslega ábatasamt.



HYUNDAI

NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

FRUMSÝNUM NÝJAN i40 Í DAG

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir nú 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur út ábyrgðartímabilið. Þú sinnir einungis reglubundnu eftirliti og bíllinn er í ábyrgð til ársins 2017.

5 ÁRA VEGAADSTOÐ

Til að tryggja ánægju og uppfylla væntingar til gæða bílanna býður Hyundai viðskiptavinum sínum upp á 24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári, fyrir alla þá sem kaupa nýjan Hyundai.

5 ÁRA GÆÐASKOÐUN

Öllum nýjum Hyundai bifreiðum fylgir árleg Gæðaskoðun sem er eigendum að kostnaðarlausu og léttir undir við rekstur bílsins.



Hyundai i40

Verð frá 5.390 þús. kr.

Eyðsla frá 4,3l/100km í blönduðum akstri.
CO₂ útblástur frá 126 g/km.



Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

KYNNTU ÞÉR 5 ÁRA ÁBYRGÐINA

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Littu inn í kaffi og fáðu allar upplýsingar um þau fríðindi sem fylgja Hyundai 5 ára ábyrgðinni.



Ný atvinnustefna – framkvæmdum hraðað

Fjármál

Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra



Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafa skilað áþreifanlegum árangri. Enn dregur úr atvinnuleysi og hagvaxtarþáttur bera allar vitni um að Ísland er á hraðri leið frá björgunarstarfinu eftir hrúnið í átt að uppbyggingu og meiri stöðugleika. Møguleikar til uppbyggingar og nýbreytni eru víðtækir enda sköpuðust afar óvenjuleg þjóðfélagsleg skilyrði í kjölfar bankahrunsins.

Tekjur af auðlindum til uppbyggingar

Efnahagsleg uppbygging og vaxandi þjóðartekjur er eina leiðin til þess að verja til lengdar þá vel ferð sem við viljum búa ungum sem öldnum. Það er okkur því fagnaðarefni að geta kynnt nýja fjárfestingaráætlun fyrir Ísland fram til ársins 2015. Í henni felst ný atvinnustefna ríkisstjórnarinnar með áherslu á græna hagkerfið, skapandi greinar, ferðaþjónustu, tækniþróun og nýsköpun. Fjölbreytnin sem áætlunin ber með sér er sannarlega fráhvarf frá einhæfum áherslum framsóknar- og sjálfstæðismanna á stóriðjuna.

Áformin byggjast að verulegu leyti á því að takast megi að fjármagna tugmilljarða króna verkefni og framkvæmdir á næstu þremur árum með tekjum af veiðigjaldi og leigu aflahlutdeilda ann-

ars vegar og arði af rekstri banka- og sölu á hlut ríkisins í þeim hins vegar. Ætla má að auknar tekjur af veiðigjaldi skili eiganda sínum – þjóðinni – 40 til 50 milljörðum króna næstu þrjú árin. Með hliðstæðum hætti má gera ráð fyrir að 75 milljarðar komi í hlut ríkisins á næstu þremur árum úr bönkunum. Þetta er þó háð því að sátt takist um að sjávarútvegurinn leggi meira af mörkum til uppbyggingar en hann gerir nú með sérstöku veiðigjaldi. Þetta er einnig háð þeim arði sem ríkið hefur af rekstri bankanna og sömuleiðis því að vel takist að selja hlut ríkisins í þeim á næstu misserum þótt ekki sé ætlunin enn um sinn að selja meirihlutaeignina í Landsbankanum. Ríkisfjármálaáætlun er að sjálfsgöðu í forgangi eins og áður og fjárfestingaáætlunin mun engu breyta um markmiðið um jöfnuð í ríkisfjármálum árið 2014. Auknar fjárfestingar og kraftmeiri efnahagsbati mun styðja þá vegferð.

Framkvæmdum flýtt

Á þremur næstu árum er ráðgert að 39 milljarðar króna af þessum tekjum renni til fjárfestinga í samræmi við áætlun okkar. Hún byggist á þeim rökum að skynsamlegt sé að verja umtalsverðum hluta auðlindagjaldsins og þeirra fjármuna sem bundnir hafa verið í bönkunum í framkvæmdir og innviði samfélagsins með skipulögðum hætti. Gangi allt að óskum og lög um aukin veiðileyfagjöld taki gildi 1. september næstkomandi væri þannig hægt að flýta gerð Norðfjarðar- og Dýrafjarðarganga um 3 ár og hefjast jafnvel

handa strax á næsta ári. Á þremur næstu árum er gert ráð fyrir að 7,5 milljörðum króna verði aukið við samgönguáætlun, en það gerbreytir þeirri mynd sem við blasir í samgöngubótum á næstu árum.

En arðsins af auðlind sjávar á þjóðin einnig að njóta með öðrum hætti. Á þremur næstu árum er gert ráð fyrir að verja allt að 6 milljörðum króna til rannsókna og tækniþróunarverkefna. Jafnframt er ráðgert að verja 3,6 milljörðum króna til sóknaráætlana landslutanna. Með þessu er ráðgert að efla fjölbreytni atvinnulífsins og

myndasjóðs. Byggingariðnaðurinn varð fyrir miklum skakkaþöllum eftir þensluárin fyrir hrun og atvinnuleysi er mikið innan greinarinnar. Samkvæmt fjárfestingaráætluninni er ráðgert að flýta viðhaldi fasteigna í eigu ríkisins. Verja á 1,5 milljörðum króna aukalega til margvíslegra viðhaldsverkefna víða um land þegar á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdir við nýtt fangelsi hefjist von bráðar og verður tveimur milljörðum króna varið til þeirra næstu tvö árin. Á næstu tveimur árum verð-

in munu skila fleiri störfum og meiri tekjum. Það á einnig við um tekjur ríkissjóðs enda verður ekki kvikað frá því markmiði að skila ríkissjóði hallalausum árið 2014 og greiða jafnt og þétt niður skuldir. Viðvarandi hallarekstur ríkissjóðs er uppskrift að lán-töku og auknum vaxtakostnaði. Við höfum einsett okkur að gera ríkisreksturinn sjálfbær- an á nýjan leik og sá er auðvitað kjarninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Athuganir benda til þess að af 39 milljarða króna fjárfestingum samkvæmt áætluninni muni um 17 milljarðar króna skila sér sem tekjur í ríkissjóð á næstu þremur árum.



Gangi allt að óskum og lög um aukin veiðileyfagjöld taki gildi 1. september næstkomandi væri þannig hægt að flýta gerð Norðfjarðar- og Dýrafjarðarganga um 3 ár og hefjast jafnvel handa strax á næsta ári.

fjölgja störfum í þekkingariðnaði. Undir merkjum sóknaráætlana er að nást sá ánægjulegi árangur að fulltrúar landslutanna forgangsraða sjálfir þeim verkefnum sem til greina kemur að styðja með þessum hætti.

Næring fyrir atvinnulífið

Nálægt þriðjungu arðsins af bönkunum og sölu á hlut ríkisins í þeim verður varið næstu þrjú árin til margvíslegrar uppbyggingar í ferðaþjónustu, skapandi greina og grænna og vistvænna verkefna. Alls er um að ræða 22 milljarða króna. Til dæmis er ætlunin að tvöfalda árlegt framlag til Kvík-

ur á þriðja milljarð króna varið til framkvæmda við Landeyjahöfn og smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju.

Búast má við því að ársverkefningaáætlunin að veruleika. Það segir þó ekki alla söguna því gera má ráð fyrir margfeldisáhrifum sem gæti fjölgað störfum alls um 10.000 á næstu þremur árum. Þetta hefur jákvæð áhrif á vinnu- markaðinn en búast má við að atvinnuleysi verði rúm 4 prósent árið 2015 samkvæmt áætluninni.

Hallalaus ríkissjóður 2014

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að örva atvinnulífið eftir áföll-

Stillum saman strengi

Ég fagna aukinni samstöðu á Alþingi um mikilvæg hagsmunamál þjóðarinnar. Það á ekki aðeins við um undirbúning og gerð þeirrar fjárfestingaráætlunar sem hér er reifuð. Þar hefur Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, lagt gjörva hönd á plóg. Samstaðan á einnig við um mótun nýs og betra Stjórnarráðs og stuðning í þinginu við lýðræðisumbætur og mótun nýrrar stjórnarskrár. Slík vinnubrögð eru merki um heilindi og heilbrigð viðbrögð þingmanna við kröfu þjóðarinnar um ný vinnubrögð og siðbót íslenskra stjórnmála. Aukinn samstarfs- vilji um mál sem varða mikla hagsmuni almennings getur aukið trú manna á að Alþingi sé vanda sínum vaxið og hafi aðeins almannahag en ekki sérhags- muni að leiðarljósi.

VILTU TAKA ÞÁTT Í RANNSÓKN Á SAMFALLSBROTUM Í HRYGG?



Rannsókn um áhrif tveggja tegunda bakbelta á verki frá samfallsbrotum í hrygg.

Óskað er eftir þrjátíu einstaklingum til að taka þátt í rannsókn þar sem kanna á áhrif tveggja bakbelta á verki sem stafa af samfallsbrotum í hrygg og bera saman við hefðbundna meðferð þar sem bakbelti eru yfirleitt ekki hluti af meðferðinni. Bera á saman hversu þægileg beltin eru og hversu mikið þau minnka verki frá samfallsbrotum í brjóst- og lendhrygg í samanburði við að nota ekki bakbelti. Sóst er eftir einstaklingum sem hafa verið greindir með samfallsbrot í brjóst- og lendhrygg á síðustu sex vikum og eru ekki að nota bakbelti. Skilyrði er að brotin hafi verið greind af lækni og hafi ekki þurft skurðaðgerðar við. Við samfallsbrot í hrygg fá flestir sjúklingar verkjalyf og sjúkrahjálfun og í völdum tilfellum bakbelti. Í þessari rannsókn á að kanna hvaða áhrif það hefur á verki að nota bakbelti sem ná hærra upp á brjósthrygginn en hefðbundin bakbelti.

Óskað er eftir hressu fólki á öllum aldri sem hefur verið greint með samfallsbrot í hrygg á síðustu 6 vikum til að liðsinna okkur við þessa rannsókn. Þátttakendur þurfa að gangast undir læknisskoðun ábyrgðarlæknis rannsóknarinnar til að fá staðfestingu á hæfi sínu til að taka þátt í rannsókninni.

Þátttakan felst að öðru leyti í því að þátttakendum er skipt í þrjá hópa af handahófi. Tveir hópanna fá svo sitt hvora tegundina af bakbelti til að nota í 6 vikur og svara spurningalistum um gæði beltanna og notkun, heilsufar, lyfjanotkun, þróun bakverkja og áhrif á daglegar athafnir við upphaf rannsóknar og eftir 1, 3 og 6 vikur. Þriðji hópurinn fær ekki bakbelti en svarar spurningalistum um heilsufar, lyfjanotkun, þróun bakverkja og áhrif á daglegar athafnir við upphaf rannsóknar og eftir 1, 3 og 6 vikur.

Greiðsla er í boði fyrir þátttöku og tryggingar hefðbundar fyrir þátttöku í slíkri rannsókn. Rannsóknin hefur hlotið samþykki Vísindasiðanefndar.

Þeir sem hafa áhuga á að liðsinna okkur geta haft samband við Sigríði Láru Guðmundsdóttur í síma 664-1257 eða í tölvu- pósti slgudmundsdottir@ossur.com eða við Pétur Helgason í síma 664-1090 eða í tölvupósti phelgason@ossur.com. Ekki er litið á það sem skuldbindingu þótt haft sé samband, heldur að viðkomandi óski eftir frekari upplýsingum vegna áhuga á þátttöku.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar fyrir hönd Össurar er Dr. Þorvaldur Ingvarsson læknir.



Ferðavagninn færðu hjá okkur!

80
1981
2011
Dethleffs



Frá þýska hjólhýsarisaranum **Dethleffs** sýnum við hjólhýsi í hæðsta gæðaflokki með ríkulegum staðalbúnaði þar sem gæði og falleg hönnun fara vel saman



Létt og meðfærileg **Eximo** hjólhýsi

Eximo 520L



Verð: 2.898.000kr

- Svefnpláss fyrir 4 til 5.
- Heildar lengd 6,86 m.
- Lengd utanmál 5,70 m.
- Innanmál 5,03 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1050 kg



Eximo 460



Verð: 2.798.000kr

- Svefnpláss fyrir 4.
- Heildar lengd 637 cm
- Lengd 4,57 m.
- Innanmál 457 cm
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 1000 kg.



Eximo 370



Verð: 2.498.000kr

- Svefnpláss fyrir 3 - 4.
- Heildar lengd 5,57 m.
- Lengd utanmál 4,21 m.
- Innanmál 3,66 m.
- Breidd 2,30 m.
- Þyngd 820 kg.



Staðalbúnaður í EXIMO hjólhýsum

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 25 mm einangrun í þaki og veggjum.
- 30 mm einangrun í gólf.
- Galveneseruð grind (Alko).
- Góð flexitora fjöðrun.
- Prýstibremsur.
- Skyggðir tvöfaldir gluggar með rúllu-mykratjöldum og flugnaneti.
- 13 pinna tengill í bíl með hleðslu.
- 12 og 230 volta rafkerfi með hleðslu.
- 80 Ah rafgeymir.
- 91 Lítra ísskápur.
- Klósett m/kassettu.
- Tveggja hellu eldavél með rafm. kveikjara.
- Truma 3400 gasmiðstöð með rafm. hitun (ultra heat) og blásturs kerfi. Ekki Ultra heat í 370.
- Rafmagns vatnshitari.



Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet



Verð: 3.198.000kr m/ útdraganlegri hlið.

Rockwood Premier 1904 10 fet



Verð: 2.798.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet



Verð: 2.998.000kr
Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- Upphækkað á 15" dekkjum
- Sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- Galvaniseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kælikápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftluga m/þriggja hraða víftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stór geymslukassi að framan
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útljós
- 1 x færanlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi (10 fet)

Rockwood A-Hýsi 12 fet

Verð: 2.898.000kr



Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn®

Hvenær vegur maður að...

Dómsmál

Helga Vala
Helgadóttir
héraðsdómslögmaður



Þann 30. apríl sl. voru 15 og 16 ára gamlir hælisumsækjendur dæmdir í 1 mánaðar langt óskil-orðsbundið fangelsi fyrir að hafa framvísað fölsuðum skilríkjum í Leifsstöð.

Vegna mikillar og oft á tíðum villandi umræðu um málið, og um túlkun og innihald ákvæðis 31. gr. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna, er mér bæði ljúft og skylt að upplýsa hvernig sérfræðingar í flóttamannarétti álíta að túlka beri ákvæðið, svo það megi verða til að fræða þá sem kunna að vilja tjá sig um málefnið eða ákvæðið sjálf.

Fyrst er vert að geta þess að flóttamannasamningurinn hefur verið í gildi gagnvart Íslandi frá árinu 1956. Skv. 31. gr. samningsins ber aðildarríkjum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að veita hælisleitendum vernd gegn refsingu hafi þeir komið með ólög-mætum hætti. Skilyrðin eru að um flóttamann hafi verið að ræða, sem komið hefur ólöglega inn í landið,

beint frá landi þar sem lífi hans eða frelsi var ógnað og að hann gefi sig tafarlaust fram við stjórnvöld og óski hælís. Um fyrstu tvö skilyrðin þarf ekki að orðlengja hér heldur vikið að seinni skilyrðinum. Flóttamannastofnun SP hefur í ráðgefandi áliti sagt höfunda samnings eingöngu hafa undanskilið frá verndinni þá flóttamenn sem þegar höfðu fengið hæli eða sest að um lengri eða skemmri tíma í öðru landi. Undir þetta hefur tekið Guy Goodwin-Gill, lagaprófessor við Oxfordháskóla. Tekur vernd ákvæðisins því til þeirra sem hafa viðdvöl í ríkjum á leið sinni á áfangastað, og þeirra sem á einhvern hátt hefur ekki tekist að fá vernd í þeim ríkjum sem þeir flýja til.

Skal þá vikið að túlkun á orðunum „gefi sig tafarlaust fram“. Í útvarpsviðtali var þetta túlkað sem svo að sá sem kæmi með fölsuð skilríki félli sjálfkrafa utan verndar því þá væri viðkomandi ekki að gefa sig tafarlaust fram. Þetta er alrangt, því hælisleitandinn á oft ekki annarra kosta völ en að ferðast með fölsuð skilríki og er beinlínis gert ráð fyrir vernd honum til handa vegna þess. Hann þarf hins vegar að óska hælís, eins og umræddir drengir hafa gert. Þess ber að geta að hér er um órstutta greiningu að ræða um þetta viðkvæma efni, en

er undirrituð tilbúin til að útskýra betur á öðrum vettvangi.

Formaður lögmannafélags Íslands, Brynjar Nielsson hrl., hefur kosið að koma fram opinberlega og vega að starfsheiðri undirritaðrar vegna þessa máls. Ekki átta ég mig á hvað formanninum gengur til, enda þekki ég hann ekki neitt og hef aldrei þurft að mæta honum í dóm-sal eða á öðrum vettvangi. Þegar ég heyrði af málefnum ungu flóttamannanna var mér eðlilega brugðið

þekkja til í flóttamannarétti, hafa viðrað undarlegar túlkanir á samningnum, og efast um þekkingu mína í sakamálaréttarfari og refsilögum. Er með ólíkindum að formaðurinn telji sig þess umkominn að ræða um mína þekkingu á einhverju, enda hefur hann engar forsendur til þess. Þá ber að geta þess að formanninum ber, eins og öðrum lögmonnum, að fara að siðareglum lögmanna, hvar segir að lögmenn skuli sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti

Er með ólíkindum að formaðurinn telji sig þess umkominn að ræða um mína þekkingu á einhverju, enda hefur hann engar forsendur til þess. Þá ber að geta þess að formanninum ber, eins og öðrum lögmonnum, að fara að siðareglum lögmanna ...

og fannst ekkert tiltökumál að tjá mig um málið þegar fréttamaður óskaði. Hef ég hvort tveggja unnið að vörn í viðlíka sakamáli sem og starfað að málefnum hælisleitenda, setið námskeið hjá Flóttamannastofnun SP og lesið óteljandi rit um efnið. Formaðurinn ýjar að því að ég hafi þar tjáð mig í pólitískum tilgangi, og eykur síðar ávirðingar í minn garð og segir mig hvorki

og framkomu, sem og að lögmaður megi einungis hafa uppi gagnrýni á störfum annars lögmans á málefnanlegum grundvelli og skuli forðast að valda honum álitsspöllum umfram það sem málefnið gefur ástæðu til. Mæli ég með því að formaðurinn leiti endurmenntunar hjá kollegum sínum í siðareglum lögmanna sjálfum sér og stéttinni til heilla.

Forseti og siðferði

Forsetaembættið

Porsteinn
Vilhjálmsson

fyrirverandi prófessor og
ritstjóri Vísindavefsins



Í samfélögum Vesturlanda nú á dögum eru tvær valdamíðstöðvar helstar. Önnur er á vettvangi stjórnmalanna en hin í viðskiptalífínu, meðal atvinnurekenda. Hún minnr nú á sig daglega í fjölmiðlum okkar með auglýsingum útvegsmanna, sem verða þó ekki til umræðu hér.

Það skiptir almenna borgara miklu hvernig samskiptum þessara tveggja miðstöðva er háttað á hverjum tíma. Þannig finnst flestum eðlilegt að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar láti sig varða gengi atvinnulífsins og jafnvel einstaka atvinnugreina ef gætt er höfs og jafnræðis og spilling kemst ekki að. Öðru máli gegnir um það þegar stjórnmalamenn fara að skipta sér af einstökum fyrirtækjum. Slíkt er bæði óviðeigandi vegna jafnræðis og felur í sér skammsýni og spillingarhættu.

Gott dæmi um óheppileg afskipti stjórnmalamanna af einstökum einkafyrirtækjum felst í herferð forsætisráðherra

Par var ráðherra að stíga inn á leikvöll þar sem hann átti ekki heima samkvæmt umboði þjóðarinnar.

landsins fyrir áratug gegn einu stærsta fyrirtæki landsins sem hefur notið hylli neytenda en mátti síðar lúta í duftið ásamt mörgum öðrum. Þar var ráðherra að stíga inn á leikvöll þar sem hann átti ekki heima samkvæmt umboði þjóðarinnar.

Annað dæmi gerðist þegar forseti landsins tók að vingast við tiltekna víkinga sem kenndir eru við útrás, mæra sérstaka hæfni þeirra í hástemmdum ræðum, tengja meint afrek þeirra við „rætur íslenskrar menningar“ og veita þeim heiðursmerki þjóðarinnar. Um það og annað þessu tengt má lesa nánar í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis frá 2010 (um forsetann sérstaklega í kafla II.4 í 8. bindi).

Hvaða úrræði hefur almenn-ingur í landinu þegar ráðamönnum verður fótaskortur með þessum hætti? Við höfum vitaskuld kjörseðilinn en það er því miður ekki nóg, eins og dæmin sanna. Annað úrræði sem okkur stendur til bóða er að smíða siðareglur, leiðarljós til að skerpa vitund og viðmið, ígrundaðar reglur sem flestum þykja sjálfsagðar þegar þær eru komnar á blað en geta engu að síður haft mikil og æskileg áhrif, bæði meðan þær eru í mótun og eftir að þær taka gildi.

Frambjóðendur sem gefa nú kost á sér í forsetakjöri virðast hafa mismunandi skoðanir á því hvort æskilegt sé að setja forsetaembættinu siðareglur, meðal annars með hliðsjón af reynslu fortíðarinnar. En forseti sem er meðmæltur þessu framfaramáli stuðlar þar með að því að hann og forsetaembættið verði það sameiningartákn sem sundruð og vondauf þjóð þarf á að halda um þessar mundir.

RÁÐSTEFNA › GRAND HÓTEL REYKJAVÍK › mánudagur 21. maí 2012 › kl 13:00-16:00


Framtíð lífeyrismála á Íslandi

DAGSKRÁ:

- 13:00 Setning: Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs Íslands
- 13:10 **Uppbygging íslenska lífeyrissjóðakerfisins**
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða
- 13:40 **Lífeyrismál frá sjónarhorni vinnumarkaðarins**
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
- 14:00 **Samspil lífeyrissjóða og almannatryggingakerfisins; horft til framtíðar**
Árni Gunnarsson, formaður nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins
- 14:20 Kaffihlé
- 14:50 **Allt er gott sem endar vel**
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins
- 15:10 **Er framtíðin björt eða svört?**
Ásmundur Stefánsson, löggiltur ellilífeyrisþegi
- 15:30 Pallborðsumræður framsögumanna
- 16:00 Ráðstefnuslit

Ráðstefnustjóri: Rannveig Guðmundsdóttir,
formaður Samstarfsnefndar um málefni aldraðra og fv. ráðherra

ALLIR VELKOMNIR – AÐGANGUR ÓKEYPIS





Talían

(örverk fyrir tríó með heimþrá, þul og kranabómu)

Sviðið er þilfar. Tveir starfsmenn bogra og bardúsa, annar fiktur í útvarpi. Í 27 metra hárrí brú mótur fyrir kaskeiti.

Útvarp: M/s Helgafell fer frá Immingham 23/4, Rotterdam 24/4, Cuxhaven 26/4...

A: Að vera eða ekki vera. Á áætlun.

Skipstjóri: (í hátalara) Starfsmenn á þylfar þilfari, starfsmenn á þilfari. Viljiði gjöra svo vel að sleppa talíunni.

A: Já, en þá fellur tjaldið.

B: Tjald? Er Talía um borð? Gyðja leiklistarinnar?

Skipstjóri: (dæsir) Nei, það er talía í bómunni sem hífir gáminn með þýska brúðuleikhúsinu sem börnin ætla að sjá í Íslensku óperunni þegar dagur rennur.

B: (hátíðlega) Þegar dagur rennur.

A: (hallar sér yfir borðstokkinn, skimar) En hvar, herra?



Skipstjóri: Hvar, hvað?

A: Hvar pantaðirðu sæti?

Útvarp: ...Aarhus 28/4, Kollafirði 30/4, Reykjavík 01/5...

> Við flytjum þýngstu verkin.

Samskip er traustur styrktaraðili Listahátíðar í Reykjavík 2012



Afmælishátíð ICEWEAR í verslun okkar í Bankastræti þann 19. maí!



- Blöðrur og íspinnar frá Emmessís fyrir börnin frá kl. 13-16 •
 - Ingó mætir með gítarinn og spilar og syngur kl. 14 •
 - Leikhópur verður á svæðinu með óvæntar upptökur •
 - Risaafmælisakka og Fríssi Fríski •
 - Á milli kl. 17-19 heldur DJ Ívar Pétur uppi stemmningunni og léttar veitingar verða í boði •
 - Lukkuhjól í gangi allan daginn.
- Þú gætir unnið fría flík eða fengið ríflegan afslátt! •
- Veislustjóri er Ástríður Viðarsdóttir •
 - **Allir velkomnir!** •

Orkídea sem óx upp úr kolabing

Bryan Ferry er rokkari sem sagt er að líklegri sé til að endurinnrétta hótélherbergi en rústa því. Eftir 40 ár í bransanum sækir hann Ísland heim fyrsta sinni í tilefni Listahátíðar í Reykjavík. *Sif Sigmarsdóttir* hitti hann fyrir í London þar sem hún komst að eigin raun að ástæðum þess að hann telst enn kvennagull og hvers vegna hann myndi sóma sér vel sem konungur Frakklands.

Rifflaður flauelsjakki léti flesta sextíu og sex ára karlmenn líta út eins og stærðfræðiprófessor sem lifði í þeirri trú að tilgangur olnbogabóta væri að fela gót. En ekki Bryan Ferry. Á herðum tónlistarmannsins sem gjarnan er kallaður svalasti maður poppheimsins er rifflað flauelið nær því að vekja hugrenningatengsl við franska konunga miðalda sem tóku ástfóstri við efnið svo það hlaut heitið „le corde du roi“ eða þráður kóngsins. Líkindin reynast ekki svo fjarri lagi.

„Afsakið óreiðuna,“ segir Ferry er hann tekur á móti mér í bjartri setustofu fyrir ofan stúdíóið hans í Kensington-hverfi Lundúnaborgar. Veggina þekja hvítmálaðar hillur fullar af vandlega röðuðum bókum og listmunum. Ef þetta er óreiða, hvernig er umhorfs hjá honum þegar hann er nýbúinn að taka til?

Ferry er alræmdur fyrir aðdáun sína á mannasíðum. Ég þori því ekki annað en að spyrja hvernig hann hafi það í dag en meðal Breta er sú spurningin almenn kveðja sem jafngildir halló og er yfirleitt einfaldlega svarað með „gott“. En Ferry svarar af einlægni. „Ég er dálítið þreyttur.“ Ástæðan eru rússneskir nágrannar hans sem eru að gera upp hús sitt. Borhljóðin héldu fyrir honum vöku. Hann hallar sér lítið eitt aftur svo sléttist úr retró ullarbindi sem er vandlega skorðað undir kruga vel pressaðar ljósblárrar skyrtu. Hárgræiðslan virðist í senn tilviljanakennd og úthugsuð. Hann er vel á sig kominn og situr teinréttur í sæti sínu. Ef þetta er Bryan Ferry ósof-inn, hvernig lítur hann út úthvíldur? Hann andvarpar létt. „En ég hlakka til að fara til Íslands,“ segir hann og þírir augun kankvís.

Ferry var að ljúka æfingum fyrir tónleika sem haldnir verða í Hörpu dagana 27. og 28. maí. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík auk þess sem þeir marka upphaf alþjóðlegra Nelson Mandela daga á Íslandi sem haldnir eru til heiðurs Mandela og hugsjónum hans.

„Þú ert bara námuverkamaður“

Bryan Ferry er einn fárra tónlistarmanna frá áttunda áratug síðustu aldar sem kemst nálægt því að vera jafnheitur í dag og hann var fyrir 40 árum. Hann gerði garðinn frægan með hljómsveit sinni Roxy Music sem starfað hefur með hléum síðan 1971. Auk þess hefur hann átt glæstan sólóferil. Sem söngvari og lagahöfundur vakti hann snemma athygli fyrir fagað listarokk og flauelsmjúka rödd. Hann varð þó ekki síður þekktur fyrir einstakan stíl þegar kom að framkomu og klæðaburði. Honum var eitt sinn lýst sem svo svölum að það bæri að hengja hann upp á vegg í Tate-myndlistarsafninu. Vörumerki hans, smókingjakkar og kurteisleg framkoma, er eins langt frá einkennisbúningi rokkarans og hægt er að hafa það. En yfirbragðið er langt frá uppruninum.

„Foreldrar mínir hefðu orðið himinlifandi,“ segir hann um fund sinn við drottninguna. „Þau voru auðmjúk. Þau hefðu hugsað: „Guð minn eini, sjálf drottningin!“ Þau hefðu átt bágt með að trúa þessu. Foreldrar mínir bjuggu við erfiða aðstæður. Þau höfðu hvorki rafmagn né rennandi vatn. Þetta var frumstætt.“

Ferry fæddist á Norður-Englandi inn í verkamannafjölskyldu. Faðir hans var námuverkamaður og ræktaði hesta sem notaðir voru við námugróftinn. Ferry ólst upp ásamt tveimur systrum sínum í litlu raðhúsi. Þau höfðu yfir að ráða úti-kamri og tinbaðkari sem hékk á einum veggnum. „En ég hef ekki yfir neinu að kvarta,“ segir Ferry.

„Ég gekk í góðan grunnskóla þar sem kenndu mér framúrskarandi kennarar. Þeir vöktu hjá mér áhuga á sögu, bókmenntum og listum.“ Örlög Ferrys voru ráðin er hann fékk inngöngu í listadeild Háskólans í Newcastle. Sammenendur hans töldu hann góðan námsmann og var áhugi hans á sjónlistum talinn jaðra við þráhyggju. Á námsárunum hóf hann að fíkta við tónlist. Hann útskrifaðist árið 1968 og fluttist til London þar sem hann kenndi leirkeragerð uns hann



SJÓNÆNI ÞÁTTURINN ER AFAR MIKILVÆGUR „Fyrir hvert lag sem við spilum útbúum við myndband sem varpað er á tjald á sviðinu. Slík sjónlistaverk eru jafnveigamikill hluti af mér og tónlistin mín,“ segir Ferry.

stofnaði Roxy Music sem naut skjótra vinsælda.

Ferry hefur verið legið á hálsi fyrir að hafa snúið baki við rötum sínum og sækja í elítuna. Hann gefur lítið fyrir gagnrýni um að hann hafi yfirgefið stétt sína. Þrátt fyrir framburð sem er ekki svo fjarri aðalsbornum hreim Englandsdrottningar og yfirstéttarlegan klæðaburð virðist auðmýkt foreldra hans vera honum í blóð borin. Hann er hógvæð og á það til að gera góðlátlegt grín að sjálfum sér. „Ég virðist vera að verða viðtekinn,“ segir hann og hlær. „Ég sem hélt alltaf að ég væri neðanjarðartónlistarmaður.“ Hann á einhverju sinni að hafa lýst sjálfum sér sem orkídeu sem óx upp úr kolabing. Ein helsta eftirsjá hans er að hafa á háskólaárum sínum hreytt í föður sinn: „Hvað veist þú? Þú ert bara námuverkamaður.“

Fallegir hlutir úr fortíðinni

„Mér hefur aldrei verið boðið til Íslands áður,“ segir Ferry og brosir svo hrifandi brosi að eitt og sér nægir það til að útskýra orðstír hans sem kvennagull. „Ég hef starfað við tónlist lengi. Það er alltaf gaman að heimsækja nýja staði.“ Ferry segir þó að sér muni ekki gefast mikill tími til að skoða sig um á Íslandi. „Það sem ég geri venjulega þegar ég spila í borgum er að heimsækja einn stað. Ég fer á listasafn. List hefur alltaf átt hug minn og hjarta.“

Telur Ferry að áhugi hans á hinu sjónræna hafi haft áhrif á það hvernig hann hefur skapað ímynd sína? „Ég hef alltaf verið áhugasamur um hvernig hlutirnir líta út, um hinar mörgu mismunandi hliðar hönnunar. Hvort sem um er að ræða bifreiðar, húsgögn eða byggingar. Það er ekki ólíklegt að þessi áhugi endurspeglist í því hvernig ég kem fram og ekki síður í því hvernig ég set verk mín fram.“

Rætur Ferrys í sjónlistum leika stóra rullu þegar kemur að tónlistarferli hans. Ferry hefur sjálfur komið að hönnun allra plötuumslaga sinna sem og umslaga Roxy Music en þau prýða að jafnaði föngulegar fyrirsætur. Ófáar þeirra hafa verið dómur sem Ferry sló sér upp með. Má þar nefna Jerry Hall sem skreytir plötuna Siren, fimmtu plötu Roxy Music, en hún yfirgaf Ferry fyrir Mick Jagger. Á þeirri nýjustu má berja augum Kate Moss klædda litlu

öðru en smarögðum. Vegna tækniframfara telur Ferry tónleika sína vera sjónrænt skemmtilegri í dag en áður fyrr. „Fyrir hvert lag sem við spilum útbúum við myndband sem varpað er á tjald á sviðinu. Slík sjónlistaverk eru jafnveigamikill hluti af mér og tónlistin mín.“ Og ef áður var þörf segir hann nú nauðsyn. Hann hrukkar enníð íbygginn. „Ég get ekki hlaupið jafnhraðt fram og til baka á sviðinu og ég gerði hér áður fyrr.“

Eitt hljóð leiðir til annars

Hönnunar- og listaáhuginn kom Ferry í bobba í viðtali við þýska dagblaðið Welt Am Sonntag árið 2007. Í áköfu spjalli við blaðamann sem spurði hann áhlits á byggingum Alberts Speer og kvikmyndum Leni Riefenstahl kvadst hann sjá fegurð í íkónahefð nasista. Ummælin fóru sem eldur um sinu um heim allan. Ferry baðst afsökunar á ummælunum sem hann sagði einvörðungu hafa verið látin falla á forsendum listasögu. „Eins og allir aðrir heilvita einstaklingar álit ég nasistana og allt sem þeir stóðu fyrir illt og víðurstyggilegt.“

Þótt Ferry sé á sextugasta og sjöunda aldursári segist hann hvergi nærri nálægt því að setjast í helgan stein. Hann sé með tvær plötur í vinnslu. Fyrir á árinu kvæntist hann hinni 29 ára Amöndu Sheppard, fyrstum kærustu sonar síns. Fyrstu eiginkonu sinni, Lucy Helmore, módeli og alræmdri partípiú sem sat fyrir á plötualbúmi áttundu plötu Roxy Music, Avalon, var hann giftur í 21 ár. Eiga þau fjóra syni saman. Hjónabandinu lauk vegna framhjáhalds Helmore.

Ferry segir það forvitnina sem reki hann áfram þegar kemur að tónlistinni. „Ég er forvitinn í eðli mínu. Ég veit ekki hvers vegna. Ég vil stöðugt að gera eitthvað nýtt.“ Hann segist hins vegar ekki vita hvað fylli hann andagift. Enn brýst hógvæðin fram sem hlýlegur hlátur. „Innblasturinn kemur frá einhverjum öðrum stað. Ég er bara eins og stjórnanði. Eitt hljóð leiðir til annars og skyndilega er maður á einhvers konar ferðalagi.“

Dálæti á drottningunni

Elísabet Englandsdrottning er ekki sú elina sem sæmt hefur Ferry viðurkenningum nýverið. Auk þess að hreppa 12. sætið í vali GQ tímaritsins yfir best

klæddu tónlistarmenn allra tíma hlotnaðist honum á dögnum æðsta heiðursnafnbót Frakka í bókmenntum og listum (Officier de l'ordre des arts et des lettres). Af lítillæti kemur Ferry sér undan því að svara til um hvaða þýðingu það hafi fyrir hann sem listamann að hljóta slíka vegsemd með því að víkja talinu að athöfninni í Buckingham Palace. „Það er ótrúlegt hve vel rekin höllin er. Það eru hermenn sem stýra athöfninni af mikilli leikni klæddir glæsilegum einkennisbúningum með rauðum rákum niður með buxnaskálmunum. Og framkoma þeirra og manna-siðir eru óaðfínanleg. Þeir segja manni hvað maður á að gera. Athöfnin er voðalega indæl. Drottningin er með góða áru. Mér líkar það að við skulum vera með drottningu. Ég er „tradisjónalisti“ í þeim skilningi.“

Ég ítreka spurninguna. Skiptir utan-aðkomandi viðurkenning listamanninn Bryan Ferry máli? Hann horfir fjarrænn framhjá viðmælanda yfir antifinnréttaða setustofuna. Glott færast yfir andlitið. „Ja, ef einhver segir við mann „mér líkar vel við þig“ þá er það alltaf voðalega huggulegt. Þetta er dálítið svoléiðis. Maður hugsar: „ó, en huggulegt.“ Augun staðnæmast á glugga sem snýr út í lítið sund sem leiðir að skarkala stórborgarinnar. „Fyrir mig persónulega var þetta dálítið hjartnæmt.“ Hann lítur á mig sposkur. „Og franska viðurkenningin var auðvitað bara súper kúl.“ Hann skellir upp úr. „Ég elska franska sögu; ógnarstjórnnina; Versali. Nú hafa þeir sveiflast dálítið í hina áttina Frakkarnir.“ Dökkar augabrúnirnar rísa. „Kannski að þá vanti kóng.“ Hann gerir sér upp franskan heim. „Verst að franskan mín sé ekki betri...“ Mjúkur, flauelskenndur hlátur fyllir stofuna á ný.

Leiti Frakkur sér kóngs virðist Bryan Ferry uppfylla flest þau skilyrði sem slíkur embættismaður þyrfti að hafa til að bera. Hann er valdsmannslægur en auðmjúkur. Seiðandi rödd hans hefur lag á að fanga fjöldann. Hann er yfirlýstur „tradisjónalisti“ sem hefur hefðir í hávegum. Hann er svo sígildur að mönnum finnst til greina koma að hengja hann upp á vegg við hlöð stórvverka myndlistarsögunnar. Síðast en ekki síst tekur hann sig öðrum mönnum fremur vel út í „le corde du roi“.

GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAR

FAGLEG OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA



VERSLUNIN FLYTUR!

30 - 50% AFSLÁTTUR AF FLÍSUM

20% AFSLÁTTUR AF PARKETI



HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

 mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET-FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 4242 www.heimahusid.is

Fjölbreytt annríki á forsetastóli

Vart hefur verið hægt að tala um hversdagslega daga í embætti forseta Íslands síðustu áratugi. Allt frá stofnun lýðveldisins hafa forsetarnir getað mótað embættið eftir eigin áherslum og ætíð hefur verið í mörg horn að líta. Þorgils Jónsson kynnti sér skyldu- störf forseta heima og að heiman, en *starfsemi og umfang forsetaembættisins* hefur aukist mikið síðustu ár og áratugi.

Um hlutverk, valdsvið og framtíð forsetaembættisins hefur mikið verið rætt og ritað allt frá því að Sveinn Björnsson settist fyrstur manna á forsetastól við stofnun lýðveldisins árið 1944. Hinar hversdagslegu starfskyldur sem á forseta eru lagðar hafa hins vegar haldist lítt breyttar í grunninn í þessa tæpu sjö áratugi.

Samkvæmt stjórnarskrá Íslands hefur forseti margt konar aðkomu að stjórn landsins, bæði löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi, ásamt Alþingi og stjórnvöldum.

Þess utan felst starfið í að koma fram hér á landi eða erlendis, eða taka á móti gestum fyrir hönd lands og þjóðar, en forseti stýrir einnig ríkisráðsfundum. Þá fundar hann með fólki um hins ýmsu málefni.

Skrifstofur forseta voru til að byrja með í Alþingishúsinu en árið 1973, í embættistíð Kristjáns Eldjárns, voru þær fluttar í Stjórnarráðshúsið. Við embættistöku Ólafs Ragnars Grímssonar árið 1996 var starfsemi forsetaskrifstofu svo flutt að húsinu Staðastað við Sóleyjargötu. Í raun er ekki hægt að tala um hefðbundinn vinnudag á skrifstofunni hjá forseta þar sem skyldur hans eru afar fjölbreyttar.

Lykilþáttur í samskiptum forseta og þjóðar

Sem þjóðhöfðingi hefur forseti jafnan verið ötull við að ferðast um landið og hitta Íslendinga. Sveinn Björnsson fór víða á sínum tíma, Ásgeir Ásgeirsson ferðaðist um landið hvert sumar á meðan hann var forseti og þessi hefð hefur haldist alla tíð. Til dæmis segir í bók Páls Valssonar um Vigdís Finnbogadóttur, Vigdís – Kona verður forseti, að hún hafi lagt mikið upp úr opinberum heimsóknum innanlands.

„Í huga Vigdísar voru slíkar heimsóknir lykilþáttur í sambandi forseta við þjóð sína og hún lagði mikið upp úr þessum þætti starfsins.“ Þá segir í bókinni Saga af forseta, sem Guðjón Friðriksson ritaði um Ólaf Ragnar að hann hafi jafnan miðað að því að fara í eina til fjórar opinberar heimsóknir innanlands á ári.

„Það hefur verið mér mikilvægt í allri þessari umræðu um landsbyggðina að halda tengslum við fólkið þar. Það gefur mér líka tækifæri til að hlusta á hvað fólkið er að segja,“ hefur Guðjón eftir Ólafi Ragnari.

Tilgangur forsetanna með þessum heimsóknum í gegnum tíðina hefur ekki síst verið að efla samkennd og vekja athygli á lífi og starfi fólksins í landinu.

Andlit Íslands út á við

Í tímans rás hefur hlutverk forseta sem andlit Íslands út á við aukist



STÁÐASTAÐUR Forsetaskrifstofurnar hafa verið í húsinu Staðastað frá árinu 1996. Þar eru fjórir starfsmenn, en sá fjöldi hefur haldist óbreyttur í rúma tvo áratugi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stórum. Fyrri forsetar fóru vissulega víða.

Fyrir embættistöku hafði Sveinn Björnsson verið sendiherra Íslands og landstjóri og að mörgu leyti gegndi hann svipuðu hlutverki og utanríkisráðherra landsins. Hann fór hins vegar aðeins í eina opinbera heimsókn erlendis, að því er fram kemur í bók Gylfa Gröndal, það var til Bandaríkjanna árið 1944.

Ásgeir gerði víðreist og fór meðal annars alla leið til Ísraels. Hann var líka meðal gesta í brúðkaupi Margrétar Þórhildar, síðar Danadrottningar, og Hinriks prins.

Í viðtali við Frjálsa verslun árið 1973 sagði Kristján Eldjárn, aðspurður um þjóðhöfðingjaheimsóknir, að slíkt væri veigamikill þáttur í alþjóðlegu samstarfi þó slíkum heimsóknum hafi verið í hóf stillt. Kristján sagði erfitt að meta áhrif og gagnsemi slíkra heimsókna en bætti við: „Sjálfur held ég að ýmislegt gott spretti upp af þessu öllu saman.“

Slíkum ferðum fjölgaði mjög í embættistíð Vigdísar og Ólafs Ragnars. Bæði má rekja þá þróun til bættra samgangna og nýrra áherslna. Vigdís vakti athygli á heimsvísu sem fyrsta konan sem kjörin var þjóðhöfðingi og nýtti sér þá athygli til að kynna Ísland um heim allan.

Ólafur Ragnar hefur einnig verið

ötull við að kynna land og þjóð erlendis sem og íslensk fyrirtæki, nýsköpun og fjárfestingakosti. Hann hefur hins vegar óneitanlega verið umdeildur fyrir málflutning sinn, sérstaklega fyrir hönd útrásar fyrirtækjanna á sínum tíma.

Heimboð og heimsóknir

Þá eru ótalin margt konar heimboð og heimsóknir sem forsetinn hefur á sinni könnu.

Forseti býður jafnan miklum fjölda gesta heim á Bessastaði ár hvert og fylgir því jafnan nokkur en mismikill undirbúningur eins og gengur. Eftir fyrstu stórveisluna sem Kristján Eldjárn og Halldóra kona hans héldu, segir forseti í dagbók (sem Gylfi Gröndal vitnar í í bók sinni um Kristján):

„Nú vitum við hvernig svona veisla gengur fyrir sig, og næstu veislur ættu ekki að reyna eins á okkur... Þegar alls er gætt eru þessar veislur bara skemmtilegar, ég vona fyrir gestina, en einnig fyrir okkur, kannski það skemmtilegasta sem við gerum.“

Í bókinni um Ólaf Ragnar segir að hann búi sig jafnan vel undir fundi og athafnum sem hann sækir og setji sig inn í mál og skrifi ræður sínar út frá því.

Það virðist hafa verið síður forseta og segir Gylfi í bókinni um Ásgeir að hann hafi samið allar sínar ræður sjálfur.

Forseti og „hörðu málín“

Þegar kemur að „hörðu málunum“ svokölluðu hafa forsetar haft afar mismunandi hátt á sínum störfum.

Stjórnskipulegt hlutverk forseta miðaði jafnan að stjórnarmyndunum en í tíð Ólafs Ragnars hefur synjunarvald forseta einnig verið í brennidepli eins og alkunna er.

Sveinn tók virkan þátt í stjórnarmyndunum, sem og Ásgeir og Kristján var sannarlega meðvitaður um hlutverk sitt og möguleika á að mynda utanþingsstjórn.

Þessu fylgir að forseti þarf að vera vel inni í þjóðfélagsmálum.

Í bók Gylfa um Ásgeir er meðal annars vitnað í viðtal þar sem Ásgeir segir um stjórnarmyndunarhlutverkið:

„Forsetaembættinu held ég, að fylgi meira álag en fólk almennt gerir sér grein fyrir. [...] Ef um slíkt [stjórnarmyndun] er að ræða þarf forseti að vera nákvæmugur þeim höfuðmálum, sem eru á dagskrá með þjóðinni. Það þarf töluverð umsvif til að fylgjast með þingstörfum og blaðaskrifum.“

Skyldur og gleðistundir

Í það heila má segja að þrátt fyrir að forseti hafi jafnan getað mótað embætti sitt og störf eftir sínum helstu hugðarefnum hafi jafnan verið töluvert annríki í störfum.

Ráða má af dagbókarfærslum Ólafs Ragnars á vef embættisins að

í mörg horn sé að líta. Þar eru færðir til bókar nær daglega ýmiss konar fundir og ferðalög auk þess sem ljóst má vera að þess utan hitti forseti ýmsa aðra.

Í bókinni um Vigdís segir að annir og álag sem fylgdu embættinu hafi komið henni á óvart. Hún var enda umsetin af erlendum miðum vegna þeirrar nýbreytni sem hún markaði sem kona í sæti kjörins þjóðhöfðingja.

Kristján Eldjárn virðist hins hafa verið sér fyllilega meðvitaður um hvað hann tók sér fyrir hendur. Í viðtalinu við Frjálsa verslun segir hann:

„Um embætti forseta Íslands á það að sjálfsögðu við, að vanda þess, skyldur og gleðistundir þekkir enginn til hlítar nema sá, sem sjálfur hefur reynt það. En ég get ekki með sanni sagt, að neitt hafi komið mér sérstaklega á óvart í embættinu sjálfu, það er í meginatriðum eins og ég hafði hugsað mér að vera mundi.“

Sjö einstaklingar hafa lýst yfir framboði til forseta í kosningunum sem fara munu fram í sumar. Sagan sýnir að forsetinn hefur jafnan mótað embætti sitt eftir sínum helstu hugðarefnum.

Hver svo sem ber sigur úr býtum á fyrir höndum mikið annríki, en verkefnið eru afar fjölbreytt og miklir möguleikar fyrir forseta að beita embættinu eftir sínum áherslum.



FYRSTUR Í EMBÆTTI Sveinn Björnsson var fyrsti forseti Íslands. Hann sést hér á skrifstofu forseta sem var í Alþingishúsinu allt til ársins 1973. MYND/VIGFÚS SIGURGEIRSSON

PRÓUN VERKEFNA FORSETANS

Hraðinn hefur aukið annríkið

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur



Aðspurður um helstu breytingar á daglegum störfum forseta segir sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson að þau hafi breyst í takt við íslenskt samfélag.

„Það er kannski helst að fyrri forsetar, Sveinn, Ásgeir og Kristján, gegndu embættinu á allt öðruvísi tímum. Hraðinn í samfélaginu er miklu meiri nú og fjölmiðlaáreiði var þá ekkert líkt því sem er nú, sem og í embættistíð Vigdísar. Þeirra störf voru þess vegna með öðrum hætti.“

Guðni segir þó að í mörgum veigamiklum atriðum sé margt þó svipað þrátt fyrir að dagskráin sé eflust þéttari nú.

„Forsetinn er þjóðhöfðingi Íslands. Sem slíkur þarf hann að sitja veislur, tekur á móti erlendum sendiherrum hér á landi sem afhenda honum skilríki sín. Forseti er verndari ýmissa samtaka og fer á fundi og hátíðarsamkomum um allt land og talar til þjóðarinnar á orlagastundum í blíðu og stríðu og flytur henni ávörp.“

Vöndum til verka - vinnum saman

Ljóst er að sjávarútvegsfrumvörp ríkisstjórnarinnar munu ekki binda enda á deilur um stjórn fiskveiða. Þvert á móti hafa frumvörpin orðið tilefni harðari deilna en nokkru sinni fyrr.


Ályktanir og yfirlýsingar úr öllum áttum tala sínu máli og fjöldi neikvæðra umsagna sem bárust atvinnuveganefnd Alþingis segja sitt.

Mál er að linni. Íslenskir útvegsmenn óska eftir víðtækri sátt um stjórn fiskveiða. Til að svo megi verða þarf að vanda til verka og vinna saman.


Við skorum á stjórnvöld að leggja grunn að breiðum samráðsvettvangi um þetta mikilvæga hagsmunamál með því að draga frumvörpin til baka og hefja viðræður þar sem að komi fulltrúar allra stjórnsmálaflokka, sveitarfélaga og hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

Varanleg sátt sem hámarkar arð þjóðarinnar af nýtingu fiskistofnanna er sameiginlegt markmið okkar allra.

F.h. Lands sambands íslenskra útvegsmanna



Adolf Guðmundsson
formaður



Friðrik J. Arngrímsson
framkvæmdastjóri



Ólafur H. Marteinsson
varaformaður



netto
Kræsingar & kostakjör

LAMBALÆRI
RAUÐVÍNSKRYDDAÐ



40% AFSLÁTTUR

1.379

ÁÐUR 2.298 KR/KG

GOÐI

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ!

GRÍSARIF
BBQ



1.499

ÁÐUR 1.898 KR/KG

GOÐI

NAUTAPIPARSTEIK
FERSKAR



30% AFSLÁTTUR

2.484

ÁÐUR 3.549 KR/KG

VÍNARBRAUÐ
SÉRBAKAÐ

NÝBAKAD
TILBOÐ



99

ÁÐUR 198 KR/STK

50% AFSLÁTTUR

NAUTAMÍNÚTUSTEIK
FERSK



30% AFSLÁTTUR

2.449

ÁÐUR 3.498 KR/KG

GRÍSAVÖÐVI
BRAZIL

Kjötbankinn



1.198

ÁÐUR 1.498 KR/KG

MAISSTUBBAR
6 STK - 830 G



25% AFSLÁTTUR

269

ÁÐUR 359 KR/PK

MELÓNUR
GULAR



50% AFSLÁTTUR

99

ÁÐUR 198 KR/KG

ÁVÖXTUR
VIKUNNAR



40% AFSLÁTTUR

299

ÁÐUR 498 KR/KG



KÍKIÐ VIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP!

HAMBORGARAR
XXL 6X135G
FROSID

Kjötbankinn



958

ÁÐUR 1.198 KR/PK

PYLSUR
BRATWURSTE
220G



198

ÁÐUR 239 KR/PK



LAMBASIRLOINSNEIÐAR
GRILL - KRYDDAÐAR



1.689

ÁÐUR 1.989 KR/KG

ALOE VERA DRYKKIR
500 ML



BLÁBERJA
ANANAS
GOJI BER

269

ÁÐUR 309 KR/STK

FANTA ORANGE
6X330 ML



34% AFSLÁTTUR

66KR STK

395

ÁÐUR 598 KR/PK

Tilboðin gilda 17. - 20. MAÍ

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Sumar konur stara í sturtunni

Sífelld algengara verður að konur skreyti líkama sinn með stórum og áberandi listaverkum. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir og Valgarður Gíslason ljósmyndari hittu vinkonurnar Hildi, Lindu, Bergrósu og Ólafíu sem allar eru forfallnir húðflúrsafnarar.

Pegar vinkonurnar Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, Berg-rós Hjálmarsdóttir, Ólafía Kristjánsdóttir og Hildur Sif Kristborgardóttir fá sér gönguferð niður Lauga-veginn taka allir eftir þeim. Ekki eingöngu vegna þess að þær eru glæsilegur hópur, heldur vegna þess að allar eru þær alskreyttar húðflúri. Þær eru löngu búnar að venjast því að horft sé á þær. Þær segja flesta horfa af forvitni, margir hrósi þeim, en stöku manneskja líti þær hornauga.

Hildur: Áður fyrr voru tattúin tengd við dópneyslu og glæpa-menn og maður verður stundum var við þessa tengingu enn þá. Sumir fylgjast ekki með og vita ekki hvað þetta er orðið algengt.

Linda: Þetta hefur gjörbreyst. Dagmamman þín og tannlækn-irinn eru örugglega með tattú. Við erum bara venjulegar konur sem viljum fegra líkama okkar. Ég, til dæmis, hvorki reyki né drekk og er góð fyrirmynd fyrir börnin mín í alla staði, þó að ég sé með flúr.

Hildur: Við erum flestar mömmur. Allar ósköp eðlilegar og ekkert úti á djamminu um allar helgar. Við hugsum vel um börnin okkar, komum heim til okkar eftir vinnudaginn, eldum kvöldmat og skutlum á æfingar eins og annað fólk.

Linda: Mér finnst einfaldlega ofsalega fallegt að vera svona skreytt. Ég fer í sund og horfi á ykkur hin sem eruð ekki með flúr og mér finnst þið vera allsber.

Má ekki bjóða þér að taka mynd af mér?

Allar hafa þær fengið spurninguna hvort þær sjái ekki eftir þessu og enn fleiri spyrja hvað þær ætli eiginlega að gera, þegar þær verði gamlar og húðin farin að gefa eftir.

Linda: Ég held ég fái mér bara fleiri flúr þegar ég verð orðin gömul! Mér finnst flúrin mín æðisleg í dag og mér á eftir að finnst það þá líka. Það er bara þannig. En þetta hvetur mann til að hugsa vel um sig og líta vel út. Það er alltaf verið að horfa á þig.

Bergrós: Ég verð helst vör við að eldri konur í sundi horfi á mig. Ég hef spurt þær hvort þær vilji ekki bara taka mynd af mér, þær horfa svo mikið. Þetta finnst mér dónaskapur. En reyndar fæ ég líka rosalega mikið af hrósi. Meira af því heldur en eitthvað neikvætt.

Ólafía: Margar stelpur á mínum aldri spyrja hvort ég sjái ekki eftir þessu. Mér finnst það skrítn spurning. Ég sé ekki eftir neinu.

Einu sinni smakkað, þú getur ekki hætt

Stelpurnar tengjast í gegnum tattústofuna Reykjavík Ink á Frakkastíg 7, en Linda rekur hana ásamt manni sínum, Össuri Hafþórssyni. Tilvonandi eiginmaður Bergrósar er meðeigandi að Reykjavík Ink, Ólafía er þar starfsmaður og Hildur er tryggur kúnni og vinur eigendanna. Þær segja allar að tattúin þeirra séu lífsstíll, enda voru þær ungar þegar þær þróuðu fyrst með sér smekk fyrir þeim.

Bergrós: Ég byrjaði að hafa áhuga á þessu þegar ég var átta ára. Bróðir þabba míns kom í heimsókn og var nýbúinn að fá sér tattú og mér fannst það svo kúl. Ég spurði mömmu strax þá hvort ég mætti fá. Þegar ég var þrettán ára stalst ég svo til að fá mér jurtatattú á mjóbakið, sem átti að fara af eftir nokkur ár. En það fór náttúrulega aldrei af og ég lét tattúvera yfir það seinna. En strax þá vildi ég bara meira og meira.

Ólafía: Þetta er svona „einu sinni smakkað, þú getur ekki hætt“. Mitt fyrsta var í september 2009, ég stóð á ákveðnum tímamótum þá og ákvað að fá mér tattú. Það er ljóð ofan á ristinni, sem ég samdi fyrir litla bróður minn. Mig langaði í tattú þegar ég var fimmtán ára – eins og allar vinkonur mínar – en þabbi bannaði mér það. Ég er eiginlega fegin í dag, að hafa hlýtt honum, því ég ætlaði að fá mér tribal-sól á mjóbakið.

Hildur: Ég fékk mér fyrsta flúrið sextán ára, annað fjórum árum seinna og svo dreka á bakið árið 2002. Þegar ég fékk mér drekan, sem er svolítið stór, héldu margir að ég væri orðin klinkuð. Svona stór tattú voru ekki algeng á konum þá. Svo tók ég mér smá pásu og fór aftur af stað fyrir um fjórum árum. Ég hætti ekkert úr þessu.

Linda: Þetta virkar þannig að þú byrjar að hugsa um næsta flúr á meðan verið er að flúra þig.

Eins og krakkar í nammilandi á tattúfestivalinu

Engin þeirra er hætt að safna og þær er allar við það að missa nætursvefn af eftirvæntingu, en þann 7. til 9. júní eru væntanlegir til Íslands nokkrir heimsklassa húðflúrarar sem munu taka þátt í tattúfestivali í Reykjavík. Það eru Linda og eiginmaður hennar, Össur, sem skipuleggja það, en þau eru eigendur Reykjavík Ink. Þær ætla allar að láta bæta við flúri þá.

Linda: Þetta er í sjöunda sinn sem við höldum þessa hátíð. Við erum að fá hingað flotta tattúlistamenn sem koma alls staðar að úr heiminum. Í portinu hjá Bar 11 verðum við með risastórt veislutjald, sem verður í raun eins og risastór tattústofa. Þangad kemur alls konar fólk á öllum aldri, forvitið fólk sem vill bara skoða og aðrir sem ætla að fá sér flúr. Þú bara kemur inn og hefur úr aragrúa af artistum að velja. Artistinn teiknar svo fyrir þig á staðnum og þú ferð beint í flúr.

Hildur: Þetta er ótrúlega skemmtileg helgi. Fyrir okkur sem erum í tattúnum er þetta eins og fyrir krakka í nammilandi. Mann langar að fá sér tattú hjá þeim öllum.

Enga karlmenn án húðflúrs, takk


Bergrós: Mér finnst bara það flottasta í heimi að sjá stráka með „sleeve“ [þegar allur handleggurinn er tattúveraður].

Hildur: Ég á reyndar óflúraðan kærasta, en hann verður það ekki mikið lengur. Hann langar reyndar í tattú og ég gaf honum það í afmælisgjöf, svo nú er hann bara að ákveða hvað hann ætlar að fá sér.

Ólafía: Ég held bara að ég myndi ekki vilja eiga óflúraðan kærasta.



ÓSKÖP VENJULEGAR STELPUR Þær Hildur Sif Kristborgardóttir, Linda Mjöll Þorsteinsdóttir, Bergrós Hjálmarsdóttir og Ólafía Kristjánsdóttir segjast vera ósköp venjulegar stelpur sem finnst fallegt að skreyta líkama sinn. Þær ætla allar að bæta við sig mörgum húðflúrum enn.



SVARTHVÍT Ólafía sker sig úr hópnunum að því leyti að hennar tattú eru öll svarthvít.



MERKT BÖRNUNUM Linda Mjöll er með nöfn barna sinna fjögurra á hægri kálfanum.



RÓSIR OG FIBRILDI Flest tattú Bergrósar eru á upphandleggnum og niður eftir bakinu.



VIRÐULEGI FORSETI. MILLJÓNIR!

Fjórfoldur Lottópottur stefnir í 27 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

FRAMHALD AF SíÐU 30



FLÚRAR SJÁLF Algengt er orðið að konur láti flúra á líkama sinn stórar myndir. Ólafíu hafði langað í húðflúr frá því hún var sextán ára og lét verða af því árið 2009. Í dag er hún með nokkur húðflúr sem hún teiknaði sjálf og er á góðri leið með að verða flúrari að atvinnu.



Dagmamman þín og tannlæknirinn eru örugglega með tattú. Þetta er orðið það algengt.

MÖMMU BRÁ Í BRÚN
Hildur Síf stalst til að fá sér sitt fyrsta flúr þegar hún var sextán ára. Mamma hennar var ekki ánægð með uppátækið þá, en er hrifin af húðflúri dóttur sinnar í dag.



TATTÚVERAÐASTA KONA ÍSLANDS? Fót- og handleggir Lindu eru þétt tattúveraðir. Hún segist þó hvergi nærri hætta að safna.



SUMIR STARA Bergros verður helst vör við að eldri konur í sundi stari hissa á flúrið hennar. Hún verður þó frekar vör við jákvæða athygli en neikvæða.

Veislubjónusta - Ráðstefnubjónusta




Pantaðu fyrir sumarið eða veturinn í tæka tíð
Veislusalur okkar tekur 80-200 manns
Við sendum líka veitingar og útvegum alla þjónustu

Ferskir og fjölbreyttir ráðstefnumatseðlar • Glæsilegir veislumatseðlar

- Veislubjónusta
- Ráðstefnubjónusta
- Glæsileg pinnaborð í móttökur
- Hollur matur á leikjanámskeið

Cocktail .is
Veislubjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • cocktail@cocktail.is • salur.is • s. 899-8994



einfaldlega betri kostur

SUMARSPRENGJA




25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
SÓFUM OG SÓFABORÐUM



OG VIÐ MEINUM ÖLLUM!



TILBOÐ GILDIR 19. - 26. MAÍ
NÝTT KORTATÍMABIL

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

kaffi **ILVA**

Kjúklingasalat
Kjúklingur, ostadoritos,
fetaostur, paprika, cashew
hnetur og gúrka 999,-



Rappar gegn kvenfyrirlitningu

Pórdís Nadia Semichat sendi frá sér sitt fyrsta lag og myndband, Passaðu þig, í síðustu viku. Hún segir íslenska hipphoppheiminum vera stjórnað af karlmönnum og vill veg kvenna meiri í dægurmeningunni. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við hana.

Um daginn fékk ég lánaðan iPod hjá fimmtán ára stelpu og hlustaði á fullt af lögum á honum. Ég varð virkilega reið, í alvöru, því það er ógeðslegt að hlusta á texta margra hipphoppplaga í dag. Þeir verða sífellt karllægari og ég ákvað að slá til og gefa út lag sjálf, til að berjast gegn þessari þróun, í stað þess að bíða eftir að einhver annar gerði það,“ segir Pórdís Nadia Semichat sem sendi frá sér sitt fyrsta lag, Passaðu þig, í síðustu viku. Í laginu rappar Pórdís Nadia gegn þeirri kvenfyrirlitningu sem hún telur einkenna hinn íslenska hipphoppheim.

Senunni stjórnað af körlum

Þú ert að gefa út þitt fyrsta lag, 27 ára gömul, og ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur?

„Ég var í rapphljómsveit þegar ég var fjórtán ára, en við gáfum ekki út nein lög. Bandið hét fyrst Plan B, þar til við föttuðum að til væri hjólabrettavörumerki með sama nafni, svo við breyttum nafninu í Funk Flames en vorum oftast kynnt á svið sem Fuck Flames. Ég hætti að rappa á sínum tíma vegna þess að strákur, sem síðar rappaði með Rottweiler-hundunum, var alltaf að segja okkur í hljómsveitinni að hætta að rappa því við kynnum það ekki. Eitt sinn hitti ég hann á götu og hann byrjaði að ýta við mér og skipaði mér að hætta, því ég væri ógeðslega léleg og mesta drasl sem hann hefði heyrt. Ég tók þetta afskaplega nærri mér og vildi ekki gera neitt eftir þetta. Hann náði að sannfæra mig um eigið ógæti í þessum málum. Fyrir nokkrum árum var ég svo byrjuð í uppistandinu og langaði til að búa til grínkarakter sem rapaði, en þótti það of mikil klisja því það er vöðalega auðvelt að gera grín á röppurum. Ég hugsaði málið í dagóðan tíma og ákvað svo að láta vaða. Íslensku hiphoppseuninni er stjórnað af karlmönnum og þótt það hafi verið mjög góðar stelpur að rappa hefur ekkert heyrst frá þeim lengi. Eins eru margar karlasveitir að gera mjög góða hluti, eins og til dæmis Úlfur Úlfur sem ég er verulega ánægð með. Kvenfyrirlitning kemur hvergi fyrir í textum þeirra, en þeir eru mjög vinsælir. En mér finnst of margt af því sem er vinsælt gegnsýrt af kvenfyrirlitningu.“

Geturðu nefnt dæmi um slíkt?

„Mér þykir til dæmis mjög skrýtið að Erpur, eða Blaz Roca, megji segja það sem hann segir í sínum textum.“

Attu þá við texta vinsælla laga eins og Við elskum þessar mellur og Viltu dick?

„Til dæmis. Mér finnst ekki nægilega góð réttlætning á textum í þessa veru að svona hafi þetta alltaf verið í hipphoppi. Ef Erpur segði svona hluti í öðrum aðstæðum, til dæmis á vinnustað, yrði hann rekinn samstundis. Eða ef hann talaði svona um ákveðinn kynþátt eða samfélagshóp, Pólverja eða fólk í hjólastólum, hversu margir yrðu sáttir við það?“

Nú vilja ýmsir aðgreina Erp og Blaz Roca, að sá síðarnefndi sé í raun eins konar karakter sem ekki megji rugla saman við manninn.

„Ég þekki Erp ekki persónulega og get því ekki sagt til um það, en ég skynja enga kaldhæðni í mörgu af því sem Erpur segir. Þetta er svipað og með Gillzenegger, sem átti að vera grínkarakter en var hvorki myndin né kaldhæðinn.“

Fæ stundum samviskubít

Hipphoptónlist hefur löngum verið gagnrýnd fyrir texta og yfirbragð kvenfyrirlitningar en samt sem áður hlusta margir sem bera hag kvenna fyrir brjósti, kvenmenn og karlmenn, á þessa tegund tónlistar. Skapar það ekki þversögn og hugsanlegt vandamál?



RAPPARI Pórdís setur þá pressu á sjálfa sig að vera best í því sem hún gerir. Það var m.a. þess vegna sem hún hætti að koma fram sem uppistandari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég held að margir velti þessu fyrir sér og vissulega geri ég það. Ég hef hlustað á hipphoptónlist síðan ég var tíu ára og líður oft eins og hræsnara þegar ég heyrir gott lag sem mig langar að dansa við, en textinn gerir það að verkum að ég fæ samviskubít. Kvenfyrirlitningin á það líka til að leynast í lögum þótt hún sé ekki aðalmálið. Hún er orðin svo hversdagsleg.“

En kemur þá til greina að sniðganga hreinlega tónlist sem stríðir gegn jafnréttisvitundinni?

„Það er erfitt að segja, því svo fátt annað er í boði. Ég get hæglega fundið lög þar sem umfjöllunarefnið er ekki stelpur sem fæddust til að stunda gott kynlíf, en framboðið er lítið. Svipað má segja um bíómyndir og sjónvarp. Maður þyrfti að vera ansi smásmugulegur til að fylgja hugsjóninni eftir út í ystu æsar.“

Gerði lagið fyrir stelpurnar

Hefurðu fengið viðbrögð við laginu?

„Ég bjóst fastlega við því að lagið og myndbandið [þar sem Pórdís Nadia teymir meðal annars nakinn karlmann í ól] myndu vekja athygli, en ekki svona mikla athygli. Myndbandinu er ætlað að snúa þessum hefðbundnu kynjahlutverkum á haus og ég held að flestir geri sér grein fyrir því. Viðbrögðin hafa mestanpart verið góð en ég hef líka séð verulega ljótar athugasemdir og aðrar þar sem fólk gagnrýnir framtakið og færir rök fyrir máli sínu. Það er gott og þannig á það að vera. Í ummælum á Facebook sagði einn að hann væri nú alveg til í að ríða mér en ég kynni ekki að rappa fyrir fimmaura. Annar sagði að ég ætti að drífa mig aftur inn í eldhús. Svona ummæli finnst mér bara óttalega krúttleg og get ekki tekið þau inn á mig. Ég hugsá bara „æi“ þegar ég les svona lagað. Leiðinlegast finnst mér þegar ég heyrir af öðrum stelpum sem rakka lagið niður. Þeim má auðvitað alveg finnst þetta hallærislegt og ég vonlaus rappari, en ég gerði þetta lag fyrir stelpurnar en alls ekki til að ganga í augn á einhverj-

um stráku. Á móti kemur að á þessum stutta tíma síðan lagið kom út hafa margar stelpur haft samband við mig og lýst yfir áhuga á að vinna með mér. Sumar hafa sagt mér að þær eigi helling af textum heima hjá sér en hafi aldrei þorað að gera neitt við þá, en nú séu þær tilbúnar. Tvær vinkonur mínar ákváðu meira að segja að stofna hljómsveit strax, svo kannski fer ég bara að vinna að fleiri lögum með fleiri stelpum. Mig langar til að gera plötu og þróa tónlistina betur. Ef einhverjar stelpur hafa áhuga á að vinna með mér mega þær endilega hafa samband við mig, til dæmis í gegnum Facebook.“

Lifi ekki fyrir álit annarra

Áður en rappið gegn kvenfyrirlitningu kom til hafðirðu getið þér gott orð sem uppistandari, meðal annars með Uppistöðufélaginu sem samanstóð af kvenkyns grínistum, en nú hefurðu sagt skilið við uppistandið. Hvers vegna?

„Ég var í uppistandinu í um tvö ár og var komin með dálítinn leiða á því. Svo er ég líka þannig gerð að þegar ég geri eitthvað finnst mér ég verða að vera best í því og það er dálítið erfitt að vera best í uppistandi. Ég setti mikla pressu á sjálfa mig að vera alltaf ógeðslega myndin og ef það tókst ekki varð ég ofsalega leið. Þetta tók á andlega og undir lokin var ég orðin þínu bitur. Mér leið eins og ég væri í keppni við grínhópinn Mið-Ísland, þótt líklega hafi enginn annar litíð svo á að um nokkra keppni væri að ræða. Til dæmis lenti ég nokkrum sinnum í því að einhver vildi bóka mig til að koma fram og ég nefndi upphæðina sem ég vildi fá fyrir. Þá varð viðkomandi hissa á því að ég rukkaði það sama og Ari Eldjárn, hafði væntanlega fyrst reynt að fá Ara en svo snúði sér að mér til að reyna að lækka verðið. Þessi bransi gengur rosalega mikið út á álit annarra á þér. Þú þarft alltaf að vera myndin og verður ómeðvitað dálítið upptekin af því hvað öðrum finnst um þig. Ég fílaði það ekki, því mig langar ekki að vera týpan sem

lifir fyrir álit annarra. Það voru því nokkrir hlutir sem gerðu það að verkum að ég hætti í uppistandinu.“

Orðið fyrir fordómum

Þú hefur unnið á Næsta bar í nokkur ár. Á síðasta ári vakti nokkra athygli blogg þitt um fordóma sem þú varðst fyrir í vinnunni. Hver var kveikjan að því?

„Á Næsta bar vinna nokkrir innflytjendur. Þabbi minn er frá Túnis og þar sem ég er dökk upplifði ég þar í raun hvernig er að vera innflytjandi því viðskiptavinir komu fram við mig eins og þá. Stundum er það hálf ógeðslegt. Til dæmis gerðist það oft að fólk vildi kvarta yfir einhverju og talaði því við eigandann, sem er spænskur en talar miklu betri íslensku en ensku. Um leið og fólk heyrði að hann var með hreim fór það að tala við hann á ensku og varð jafnvel brjálað og hreytti í hann: „Af hverju talarðu ekki íslensku, helvítis útlendingurinn þinn?“ Eitt skiptið var ég að afgreiða á barnum og sneri baki í tvo menn þegar annar þeirra sagði: „Djöfull er hún flott þessi. Þær eru svo flottar þessar „tæjur“ og alveg trylltar í rúminu.“ Svo var viðmótið oft þannig að ég væri heimskari en aðrir þegar einhverjir héldu að ég talaði ekki íslensku.“

Hefurðu orðið fyrir fordómum á fleiri vígstöðum?

„Áður en ég byrjaði að vinna á Næsta bar hafði ég varla nokkuð orðið fyrir fordómum. En mér finnst vanta meiri fjölmenningu í alla menningu á Íslandi, rétt eins og konur mættu vera meira áberandi í leikhúsum, bíómyndum, auglýsingum og svo framvegis. Þegar ég var fengin til að leika í Inspired by Iceland-auglýsingunni frægu vorum við þrjú sem vorum dökk í útliti sem mættum á tókustað, en hinir voru ljóhærðir og bláeygðir. Þá kom upp úr kafinu að við þrjú áttum að leika túristana. Mér finnst mikilvægt að fjölmenningu sé gert hærra undir höfði svo það sé fleira í boði fyrir leikara, sem eru ekki alíslenskir, en að leika bara útlendinga.“



FOSSBERG
IDNADARVÖRUR OG VERKFÆRI

FLEIRI FRÁBÆR TILBOÐ Á HEIMASÍÐUNNI OKKAR WWW.FOSSBERG.IS

Líttu við í Dugguvogi og fáðu þér kaffi og konfekt með okkur!

**AFMÆLISTILBOÐ
VIKUNA 21-25. MAÍ**

Hraðastýrður slípirokkur WE 14-125 PLUS

Vörunr. ME600281000

Verð: 22.995 kr.

áður 34.995 kr.

- 1400 wött
- 125 mm. skífa
- 7000-10500 sn./mín.
- M14 ró



Öryggisskór

Vörunr. EJS7218

Verð: 12.495 kr.

áður 14.995 kr.

- Oliuslipað hágæðaleður
- Opnir, með táhlíf
- Hágæðasóli og hæll með dempara



Brunn-dæla

Vörunr. ME0250750000

Verð: 14.995 kr.

áður 19.995 kr.

- Dælir allt að 7.500 L / klst.
- Dælir ögnum að 30mm.
- Flotrofi



**Tilboðin gilda frá
mánud. 21. maí**

Slípivél MBSM 100-130

Vörunr. SR3921226

Verð: 79.995 kr.

áður 89.995 kr.

- Mótör: 50Hz 1,5 kW / 230V
- Bandstærð: 100 x 1220mm.
- Stærð (LxBxH): 690 x 390 x 360



HLJÓÐBÓKADAGAR


FRÁBÆRAR Í BÍLINN, MEÐ PRJÓNASKAPNUM, Í GARÐVINNUNA OG FYRIR BÖRNIN



Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999




Tilboð kr. 1.999
Verð kr. 2.699



Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999



Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999



Tilboð kr. 2.899
Verð kr. 3.699



Tilboð kr. 2.299
Verð kr. 3.599



Tilboð kr. 1.999
Verð kr. 2.699



Tilboð kr. 2.999
Verð kr. 3.999



Tilboð kr. 1.499
Verð kr. 2.199



Tilboð kr. 2.299
Verð kr. 2.899



Tilboð kr. 3.699
Verð kr. 4.999



Tilboð kr. 1.999
Verð kr. 2.899

Tilboð glíðir til og með 05.06.12



5% aukafsláttur ofan á öll tilboð.
Skráðu þig í Vildarklúbbinn í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

20%

AEG CE 4200

Verð áður	22.999
Tilboðsverð	18.399
Pú sparar	4.600

20%

AEG CE 4122

Verð áður	21.900
Tilboðsverð	17.520
Pú sparar	4.380

20%

SHIATSU NUDDSÆTI OG ÞRÝSTINUÐ

Verð áður	52.790
Tilboðsverð	42.232
Pú sparar	10.558

20%

SHIATSU SPOT NUDDSÆTI

Verð áður	52.790
Tilboðsverð	42.232
Pú sparar	10.558

20%

KITCHENAID HRÆRARI MEÐ SLEIKJU

Verð áður	5.990
Tilboðsverð	4.792
Pú sparar	1.198

ALLRA SÍÐUSTU FORVÖÐ

að gera reyfarakaup á **KRINGLUKASTI**

40%

NORPRO STÁL SKAFA/SAXARI

Verð áður	2.199
Tilboðsverð	1.319

30%

GUFUSLÉTTIR

Verð áður	9.990
Tilboðsverð	6.990
Pú sparar	3.000

50%

GRILLGRIND 29X29CM

Verð áður	3.299
Tilboðsverð	1.649
Pú sparar	1.650

JAMIE OLIVER TEFAL LÍNURNAR

20%

Kæru verðandi brúðhjón

BRÚÐARGJAFALISTI er þægileg lausn

- INNEIGN**
Við stofnun brúðargjafalistans fá brúðhjónin inneign sem eykst við hverja úttekt sem getur hljóðað upp á 6,77–10% af heildartölu úttekta. Eftir brúðkaupið fá hjónin nýbökðuð senda inneignarnótu sem þau geta notað að eigin vild.
- GÓÐGERÐARMÁL**
2% af heildartölu listans rennur til góðgerðamáls að vali brúðjónanna og Byggt og búið leggur fram mótframlag að sömu upphæð – og tvöfaldast þannig framlagið!
- GLÆSILEGIR VINNINGAR**
Allir skráðir brúðargjafalistar fara í pott, með glæsilegum vinningum t.d. Kitchen Aid hrærivél, sem dregið verður úr í lok sumars.

27%

KJÚKLINGASTANDUR NORPRO "BJÖRKJÚLLA"

Verð áður	2.499
Tilboðsverð	1.824

20%

GARMIN FORERUNNER 110

Verð áður	29.900
Tilboðsverð	23.900
Pú sparar	6.000

Nýjung
Sendu staðsetningu í tölvuna eða simann þinn

20%

GARMIN GTU-10 TRACKER

Verð áður	49.900
Tilboðsverð	42.400
Pú sparar	7.500

20%

GARMIN OREGON 450

Verð áður	64.900
Tilboðsverð	51.920
Pú sparar	12.980

20%

GARMIN NUVI 2545LM

Verð áður	42.900
Tilboðsverð	34.320
Pú sparar	8.580

20%

GARMIN NUVI 40

Verð áður	24.900
Tilboðsverð	19.900
Pú sparar	5.000

45%

KÆLITASKA 8 LÍTRA

Verð áður	2.199
Tilboðsverð	1.199
Pú sparar	1.000

ÓDÝRI 50%

SUMARMARKAÐURINN

RYKSUGUVÉLMENNI

ALLTAF HREINT MEÐ HOOVER

HOOVER RBC 003

Verð áður	64.990
Tilboðsverð	56.990
Pú sparar	8.000

HOOVER RBC 009

Verð áður	84.990
Tilboðsverð	74.990
Pú sparar	10.000

40%

TRISTAR VÖFFLUJÁRN BELGÍSKT

Verð áður	9.999
Tilboðsverð	5.999
Pú sparar	4.000

25%

RÚLLETTA DRYKKJULEIKUR

Verð áður	3.999
Tilboðsverð	2.999
Pú sparar	1.000

ALLAR 25% HJÓLAVÖRUR

Hjólalásar • Viðgerðarsett
Hjólápumpa • Hjólatöskur
Brúsastafrív



25%
**ALLAR
FERÐAKRÚSIR**

EXQUISIT ÞURRKARI MEÐ RAKASKYNJARA

Verð áður 59.900
Tilboðsverð 54.900
Þú sparar 5.000

EXQUISIT KÆLISKÁPUR Í BORDHÆÐ

Verð áður 39.900
Tilboðsverð 29.900
Þú sparar 10.000

EXQUISIT ÞVOTTAVÉL 6KG.

Verð áður 79.900
Tilboðsverð 69.900
Þú sparar 10.000

Electrolux
ergorapido

20%



SKAFT- OG HANDDRYKSUGA

Verð áður 24.900
Tilboðsverð 19.920
Þú sparar 4.980



23%
DOMO MÍNÚTUGRILL
Verð áður 12.999
Tilboðsverð 9.999
Þú sparar 3.000



50%
**WEINBERG
ELDHÚSVOG**
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 3.000

byggto og búid

568 9400 byggto og buid.is | Kringlunni

ÓDÝRI HEIMILIS- TÆKJA MARKAÐURINN ALLT A 2.990



25% **25%** **25%**
25% **40%** **25%**

30%

HITABRÚSI 0.5 L-STÁL

Verð áður 2.749
Tilboðsverð 1.924

KITCHENAID TILBOÐ

Hrærivél + matreiðslubók + glerskál



24% **23%**
Á meðan
birgðir endast

SCOTT ÚTVARP

Verð áður 6.749
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 1.750

MARMARA MORTÉL

Verð áður 4.499
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 1.500

TRISTAR BLANDARI 500W - GLERKANNA

Verð áður 9.990
Tilboðsverð 6.990
Þú sparar 3.000

25%

BRAUN TANNBURSTI MEÐ RAFHLÖÐU

Verð áður 3.990
Tilboðsverð 2.990
Þú sparar 1.000

weber

WEBER Q-220 Á FÓTUM

21%
Verð áður 74.999
Tilboðsverð 58.889
Þú sparar 16.110

KJÚKLINGASTANDUR

Fullt verð 6.999
Kringlukast 5.599
Þú sparar 1.400

KJÖTHITAMÆLIR

digital þráðlaus
Fullt verð 9.499
Kringlukast 6.999
Þú sparar 2.500

GRILLBURSTI STÁL

Verð áður 549
Tilboðsverð 275

KJÖTHITAMÆLIR

Verð áður 999
Tilboðsverð 499



20%

Pure Komachi 2 hnifalínan eru hágæða hnifar frá KAI í Japan. KAI hefur framleitt hnifa í yfir 100 ár. Pure Komachi 2 hnifarnir eru með litaðri "non-stick" húð, þannig að allt hráefni sem verið er að vinna festist síður við blaðið og mjög auðvelt er að þrifa þá. Hnifarnir njóta mikilla vinsælda um heim allan.

Kyningarverð frá 2.399 til 3.599

Grænmetishnifur

Til að flýsja og skera

Brauðhnifur

Fyrir allt brauð og rúnstykki, góður í tómata

Santoku hnifur

Japansk vinnusax

Kjöthnifur

Fyrir lambalærið, kalkúnabringuna, graflaxinn og fleira

Alhliða hnifur

Fyrir melónur, appelsínur, sitrónur og þess háttar

Kokkahnifur

Saxar allt grænmeti og fleira

Grænmetishnifur

Saxar allt grænmeti og fleira

Landar Abramovich þeim stóra?

Úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld þar sem Chelsea og FC Bayern München eigast við. Roman Abramovich, eigandi Chelsea, hefur ekki enn náð „stóra titlinum“. Sigurður Elvar Þórólfsson stíklar á stóru í aðdraganda stærsta leiks ársins.

Einn stærsti einstaki íþróttaviðburður hvers árs er úrslitaleikur Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu og fer hann fram í kvöld í München í Þýskalandi. Talið er að allt að 200 milljón manns fylgist með úrslitaleiknum í beinni sjónvarpsútsendingu og það eru Chelsea frá Englandi og FC Bayern München frá Þýskalandi sem leika til úrslita að þessu sinni. Leikurinn er sýndur á Stöð 2 sport og hæfst klukk-

Liverpool hafði betur í vítaspyrnukeppni, 4-2.

UEFA, knattspyrnusamband Evrópu, ákveður með löngum fyrirvara hvar úrslitaleikir Meistaradeildarinnar fara fram. Á næsta ári, þann 25. maí árið 2013, fer úrslitaleikurinn fram á Wembley í London á Englandi, en úrslitaleikurinn fór fram á Wembley í fyrra. Árið 2014 verður úrslitaleikur á Estadio da Luz í Lissabon í Portúgal.

Í sögulegu samhengi er FC



ÁHYGGJUFULLUR Roman Abramovich, var ekki ánægður þegar Chelsea tapaði úrslitaleiknum í Moskvu gegn Manchester United árið 2008.

NORDICPHOTOS/GETTY



Chelsea hefur keypt leikmenn fyrir um 130 milljarða kr. á undanförunum níu árum.

an 18.45. Hörður Magnússon mun lýsa leiknum beint frá München.

FC Bayern er með gríðarlega sterkt lið og möguleikar liðsins aukast gríðarlega þar sem úrslitaleikurinn fer fram á heimavelli liðsins. Og það er hrein tilviljun að þýska liðið er í þeirri stöðu að leika til úrslita í stærstu keppni heims hjá félagsliðum á eigin heimavelli, Allianz Arena, í München.

Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1984 þar sem annað liðið í úrslitum Meistaradeildarinnar er á heimavelli. Þá léku Roma frá Ítalíu og enska liðið Liverpool á Ólympíuleikvanginum í Róm. Leikurinn endaði 1-1 eftir framlengingu og

Bayern München með mun betri árangur í Meistaradeild Evrópu en Chelsea. Þjóðverjarnir hafa átta sinnum leikið til úrslita og árangurinn er 50% vinningshlutfall. FC Bayern fagnaði sigri 1974, 1975, 1976 og 2001, en liðið tapaði úrslitaleikjunum 1982, 1987, 1999 og 2010. Chelsea hefur einu sinni leikið til úrslita, árið 2008, þar sem Manchester United hafði betur í vítaspyrnukeppni í Moskvu.

Roman Abramovich, eigandi Chelsea, hefur enn ekki upplifað þann draum sinn að félagið fagni sigri í Meistaradeild Evrópu. Hann hefur lagt gríðarlega fjármuni í liðið frá því hann eignaðist Chelsea árið 2003.

Það má færa rök fyrir því að Frakkinn Marcel Desailly og Daninn Jesper Grønkjær hafi átt stóran þátt í því að Chelsea er í eigu Abramovich. Rússneski milljarðamæringurinn hafði lengi gælt við þá hugmynd að eignast lið í ensku úrvalsdeildinni og sagan segir að hann hafi ákveðið að taka slaginn eftir að Chelsea tryggði sér sæti í Meistaradeild Evrópu vorið 2003. Desailly og Grønkjær tryggðu Chelsea 2-1 sigur gegn Liverpool í lokaumferðinni og Chelsea komst þar með í Meistaradeildina í annað sinn í sögu félagsins.

Átta knattspyrnustjórar á níu árum Abramovich hefur ekki slegið slöku við í þeirri vinnu að koma Chelsea í fremstu röð. Margt hefur áunnist en „sá stóri“ er eftir. Chelsea hefur fjórum sinnum tapað í undanúrslitum Meistaradeildarinnar frá því að Abramovich eignaðist liðið og liðið tapaði úrslitaleiknum í Moskvu árið 2008 eftir vítaspyrnukeppni.

Það er ekkert grín að vera í vinnu hjá Roman Abramovich enda hafa átta knattspyrnustjórar komið við sögu hjá félaginu á sl. níu árum. Peningar eru ekkert vandamál hjá Abramovich en enskir fjölmiðlar hafa greint frá því að hann hafi greitt á bilinu 65-75 milljónir punda eða sem nemur 13-15 milljörðum króna í starfslokasamninga og bætur vegna knattspyrnustjórana átta.

Enskir fjölmiðlar hafa reiknað það út að Abramovich hafi frá árinu 2003 keypt leikmenn fyrir rétt rúmlega 640 milljónir punda eða sem nemur 130 milljörðum króna.

Bæði Chelsea og FC Bayern hafa átt betri keppnistímabil en

það sem er að ljúka núna. Chelsea endaði í sjötta sæti ensku úrvalsdeildarinnar og André Villas-Boas, knattspyrnustjóri liðsins, var rekinn í byrjun mars á sínu fyrsta starfsári. Liðið lék langt undir væntingum undir hans stjórn en eftirmaður hans, Roberto Di Matteo hefur náð frábærum árangri – bikarmeistaratitli á Wembley og hann kom liðinu í gegnum gríðarlega erfið verkefni í Meistaradeildinni gegn Napólí frá Ítalíu og sjálfum Evrópu-meisturunum frá Barcelona á Spáni í undanúrslitum.

Forseti FC Bayern verður reiður þegar hann tekur bensín

Uli Hoeness forseti FC Bayern München hefur gagnrýnt harðlega vinnubrögð þeirra félaga sem eru í eigu ríkra einstaklinga – og þar er Abramovich efstur á lista. Hoeness sagði í gær við fjölmiðla að hann væri ekki sáttur við að gróði olúfyrirtækja væri notaður til þess að fjármagna rekstur fótbolta og vísaði þar á Chelsea. „Ég verð reiður í hverri einustu viku þegar ég kaup þús. Maffian sem á olúfyrirtækin tekur peningana úr mínum vasa til þess að fjárfesta í leikmönnum. Að mínu mati er „skítalykt“ af þessu öllu saman og við erum í samkeppni við þessi lið,“ sagði Hoeness meðal annars. Ef FC Bayern fagnar sigri í úrslitaleiknum fær félagið um fjóra milljarða króna í sinn hlut og slíkir peningar eiga að mati Hoeness að skipta öllu máli í rekstri fótbolta. „Ef Abramovich hættir að dæla fé í Chelsea þá verður hægt að kaupa félagið fyrir sama verð og krossgátublað í hvaða sjoppu sem er,“ bætti Hoeness við.

GUMMI BEN

Veikleikar í varnarleiknum hjá báðum liðum

Guðmundur Benediktsson íþróttafréttamaður Stöðvar 2 sport ætlar að njóta þess að horfa á úrslitaleik Meistaradeildarinnar sem áhugamaður um knattspyrnu. „Þetta verður án efa mikil skemmtun og mjög sérstakt fyrir FC Bayern að vera á sínum eigin heimavelli í þessari stöðu. Chelsea mun leggja upp með að verjast og „þirra“ Þjóðverjana og ef það tekst gæti varnarmúr þeirra opnast. FC Bayern getur spilað frábæra vörn en það eru veikleikar í þeirra liði sem Chelsea gæti nýtt sér. Þar má nefna að það gæti opnast mikið fyrir Juan Mata á miðsvæðinu þar sem í lið FC Bayern vantar miðjumanninn Luiz Gustavo sem er í leikbanni. Jerome Boateng, varnarmaður FC Bayern, er ekki maður stóru leikjanna og hann gæti verið í aðalhlutverki í þessum leik,“ segir Guðmundur. Fjarvera fjögurra fastamanna í liði Chelsea mun að sjálfsögðu hafa mikil áhrif á liðið að mati Guðmundar. „Varnarlína Chelsea er brothætt, Gary Cahill og David Luiz, hafa ekki verið með að undanförunum vegna meiðsla og þeir þurfa að standa vaktina í fjarveru Johns Terry og Branislav Ivanovic. Og það er ekki einu sinni víst að þeir séu klárir í slaginn,“ segir Guðmundur Benediktsson.

PAULREYNDUR DÓMARI

Pedro Proenca mun stýra sýningunni

Pedro Proenca frá Portúgal er dómari sem UEFA treystir best til þess að standast álagið sem fylgir því að dæma úrslitaleikinn í Meistaradeild Evrópu. Proenca er 41 árs að aldri og hann hefur verið alþjóðlegur dómari frá árinu 2003. Frá þeim tíma hefur hann dæmt 65 leiki á vegum UEFA og tvívegis bikarúrslitaleikinn í Portúgal. Á þessu ári hefur hann dæmt fimm leiki í Meistaradeildinni og þar á meðal leik Inter frá Ítalíu og franska liðsins Marseille í 16 liða úrslitum keppinnar. Aðstoðardómararnir eru einnig frá Portúgal en þeir heita Bertino Miranda og Ricardo Santos. Spánverjinn Velazco Carballo er fjórði dómari leiksins og er hann til taks ef til þess kæmi að Proenca gæti ekki lokið við störf sín. Stuðningsmenn Chelsea geta glaðst yfir þeirri staðreynd að síðast þegar dómari frá Portúgal dæmdi úrslitaleikinn í Meistaradeild Evrópu þá fagnaði enska liðið Nottingham Forest sigri árið 1980.



PEDRO PROENCA

Dansandi gleði



Maxímús Músíkús lærir allt um ballett!



... hrífandi og hugmyndarík bók, frábærlega myndskreytt og dásamleg kynning á heimi

ballettsins.

Bravó!!!“

HELGI TÓMASSON,
LISTRÆNN
STJÓRNANDI
SAN FRANCISCO-
BALLETTSENS

Geisladiskur fylgir



LAUGARDAGUR 19. MAÍ 2012

ÞJÓNUSTA

VIÐ FATLAÐA

Kynningarblað Góð aðstoð, mannréttindi mega ekki skerðast, hjálpartæki, verðlaun, Með okkar augum.



4,2 kg.

Sá léttasti

Eirberg ehf • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100

Fjölbreytt þjónusta fagfólks

Vinun, ráðgjafar- og þjónustumiðstöð býður þjónustu í heimahús fyrir breiðan hóp sem eru börn og unglingar, fullorðið fatlað fólk og aldraðir.

Áherslan hjá Vinun er „þjónustan heim“ sem þýðir að þjónusta við börn og unglinga fer að mestu leyti fram í þeirra umhverfi. „Það er í samfélaginu sem við þurfum að virkja fólk og styðja við það í því að takast á við daglega þætti og læra á umhverfi sitt og styrkja félagslega,“ segir Gunnhildur Heiða Axelsdóttir, framkvæmdastjóri Vinunar.

Sveigjanleiki

„Það sem gerir okkar þjónustu frábrugðna þjónustu sveitarfélaganna er sá sveigjanleiki sem við getum boðið upp á í þjónustunni. Við getum brugðist við með lítilli fyrirhöfn og göngum í það sem þarf að gera.“

Hægt er að leita til Vinunar með börn með einhverfu eða aðrar fatlanir þar sem foreldrar þurfa stuðning heim.

Félagsstuðningur

Fyrir unglinga hefur Vinun verið að þróa ákveðna útfærslu af liðveislum sem kölluð er Félagastuðningur en hann felst í að styðja við ungt fólk sem hefur einangrast félagslega vegna fatlana sinna og styðja það við að byggja upp félagslega færni.

Fullorðið fólk getur einnig nýtt sér Félagastuðning. „Þessi stuðningur hefur gefið góða raun fyrir

geðfatlaða, fólk með þunglyndi og kvíðaröskun. Með svona stuðningi er hægt að koma í veg fyrir sífelldar innlagnir fólks á geðdeildir og bæta lífsgæði þeirra í samfélaginu verulega,“ segir Gunnhildur.

Fagfólk

Vinun er með sveigjanlega þjónustu við fatlað fólk og aðstoðar fólk við daglegar athafnir á þeim tíma sem það óskar eftir. Fyrirtækið er með sérvalinn úrvalshóp sem hefur sérþekkingu á að sinna mænusködduðum. Vinun býður jafnframt upp á mjög fjölbreytta þjónustu við aldraða og er hún metin með viðkomandi hverju sinni. Hún getur falist í almennum stuðningi heima við, aðstoð við böðun, læknisferðum, aðstoð í sjúkrannuð, almenna færnisþjálfun heima við og svo mætti lengi telja.

„Á okkar snærum erum við með fagfólk eins og hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, fólk vant hjúkrunarþjónustu, uppeldisfræðing, einhverfuráðgjafa, fjölskylduráðgjafa og fólk sem þekkir til vinnu við börn og unglinga. Þeir sem skoða heilbrigðiskerfið ættu að sjá að „þjónustan heim“ og stuðningur úti í samfélaginu er það sem koma skal.“

Góðar lausnir

Við viljum svo gjarnan að þeir sem



Gunnhildur vildi að þeir sem stýra heilbrigðiskerfinu hér á landi myndu horfa til þeirra lausna sem Vinun býður.

MYND/STEFÁN

„Við getum brugðist við með lítilli fyrirhöfn og göngum í það sem þarf að gera.“

stýra velferðarmálum í dag horfi til þessara lausna, því það er dýrt að gera ekki neitt og ætla að hafa alla inni á stofnunum og þá gildir einu hvort um er að ræða fatlað fólk sem þarf mjög sértæka þjónustu, aldraða eða foreldra sem þurfa aðstoð með fötluð börn sín.

Forvarnir eru besta og ódýrasta leiðin sem hægt er að fara til að leggja grunn að góðri heilsu allra til lengri tíma litið,“ segir Gunnhildur.

Nánari upplýsingar um þjónustu Vinunar er að finna á heimasíðu hennar, www.vinun.is.

Sjálfsbjörg - Þekkingarmiðstöð

http://www.thekkingarmidstod.is

SJÁLFSBJÖRG
ÞEKINGARMIDSTÖÐ

5 500 118 Fjölmiðlatorg Facebook Leita

RÉTTINDI AÐGENGI ATVINNA & MENNTUN VELFERÐ FRÆÐSLA TÓMSTUNDIR

VEFUR ÞEKINGARMIDSTÖÐVAR FER Í LOFTIÐ 8. JÚNÍ 2012

www.thekkingarmidstod.is

Netspjall

FRÉTTIR

- Húsnæðið að Hátúni nánast tilbúið ...
- Starfsmenn komnir til starfa ...
- Ekkert gjald tekið fyrir ráðgjöf ...

Á DÖFINNI

- Fjölbreytt námskeið
- Jafningjafraeðsla
- Fyrirlestrar

ÞEKKIR ÞÚ RÉTT ÞINN?

- Lög og reglugerðir
- Samningur Sameinuðu þjóðanna
- Hjálpartæki

Sjálfsbjörg - Þekkingarmiðstöð | Hátúni 12 | 105 Reykjavík | Sími 5 500 118

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SUMAR Í KROPPINN

Þó kuldinn bíti enn í kinnarnar er sumarið sannarlega komið og um að gera að minna sig á það með því að úða í sig ferskleika. Skerið epli, perur, melónur, jarðarber og banana í skál. Stráið súkkulaðispæni og sitrónuberki yfir og fáið sumarsælu í kroppinn áður en haldið er út í helgina.

**NÝ KJÓLASENDING
FRÁ FRANK LYMAN**

Skoðið
á laxdal.is

**BERNHARÐ
LAXDAL**
Laugavegi 63 • S: 551 4422

ÚT ÚR GOLFSKÁPNUM

GOLF FYRIR HOMMA OG LESBÍUR Nýstofnaður golfhópur samkynhneigðra er tilvalinn vettvangur fyrir feimna golfara sem ófeimna, enda markmiðin stór.

FRAMHALD Á SÍÐU 4

www.gabor.is - facebook.com/gaborserverslun

Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum

Sérverslun með
Gabor® 25 ár
á Íslandi

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Vissir þú að...
börn þig arið á hvíla, leikjum og
skemmtunum sem hafa orðið þeirra

40-80% afsláttur

púðar
rúmföt
handklæði
barnavörur
og margt fleira

Lagersala

laugardag & sunnudag
Laugavegi 178
11-16 báða dagana

ÞAÐ ER Í LAGI AÐ VERA KÚKÚ

SNIÐUGT Steinarr Lár og Valdimar Geir Halldórsson eru stórhuga menn og handlagirnir að auki. Þeir hafa stofnað ferðaþjónustufyrirtækið Kúkú Campers sem býður bílaleigubíla með gistimöguleika. „Það á að vera hægt að vera kúkú á Íslandi,“ segir Steinarr.

Kúkú Campers er bílaleiga sem býður upp á sendibíla sem þeir Steinarr Lár og Valdimar Geir Halldórsson hafa sjálfir breytt þannig að það er hægt að gista í þeim. „Markmið Kúkú Campers er að gera ferðamönnum kleift að ferðast um landið án þess að fara á hausinn. Við erum í raun að selja frelsi,“ segir Steinarr Lár, annar eigenda Kúkú Campers.

Fyrirtækið býður þrjár gerðir af bílum. Hefðbundna „iðnaðarmanna-sendibíla“ sem tveir geta gist í, stærri bíla sem henta fjórum og eru búnir tjaldi sem er dregið út og fjórhjóladrifna bíla sem henta til dæmis í veiðiferðir. Í bílunum er 190x120 sentimetra rúmpláss, borðbúnaður og sitthvað fleira. „Þetta er ódýr lausn en hjá okkur er hægt að fá bílaleigubíl og gistingu á tólf þúsund krónur á sólarhringinn á opnunartíðni í júní. Það er fullbókað hjá okkur í júlí og við finnum þörf fyrir fleiri bíla en eins og eru þeir tuttugu talsins.“

Steinarr segir markhóp Kúkú Campers ekki bundinn aldri eða kyni. „Markhópurinn er bundinn af hugarástandi. Við höfðum til fólks sem langar til að gera eitthvað öðruvísi. Það á að vera hægt að vera „kúkú“ á Íslandi ef fólk langar. Hugarástand

Kúkú er að fólk geti gert það sem það vill svo lengi sem það ber virðingu fyrir landinu. Í hinum pólitískt rétt-sýna heimi verður að vera hægt að flýja veruleikann og gera eitthvað ruglað. Flestir kunnarnir okkar eru á milli tvítugs og fertugs en við erum að fá fólk sem er rúmlega fimmtugt og er búíð að gera allt. Búíð að gista á öllum flottustu hótélum í heimi og borða finan mat út um allt og langar að gera eitthvað allt annað, upplifa algjört frelsi,“ segir hann.

Þeir félagar hafa farið óhefðbundnar leiðir til að vekja athygli á fyrirtækinu og einn liður í því er notkun karaktersins Big Boss. „Big Boss mætir á skrifstofuna hjá okkur þann fyrsta júní en hann má sjá nú þegar á heimasíðunni kukucampers.is. Honum má einnig sjá bregða fyrir á planinu hér á Klapparstígnum þar sem Kúkú Campers er til húsa og þar má líka skoða bílana okkar. Þeir eru hver um sig tileinkaðir alþjóðlega þekktum persónum sem hafa kannski ekki alltaf haft allt sitt á hreinu. Til dæmis er það Tiger Woods-bíllinn sem hentar þeim sem hyggja á framhjáald sérstaklega vel. Svo er það Winona Ryder-bíllinn sem er sérsniðinn fyrir kaupalkana,“ segir Steinarr í gamansömum tón. ■ **ibh**



FLOTTUR Big Boss er karakter sem starfar við markaðssetningu hjá Kúkú Campers. Honum finnst í lagi að vera „kúkú“. MYND/GVA

GOTT AÐ VERA ÖÐRUVÍSI

Steinarr segir markhóp Kúkú Campers ekki bundinn af aldri eða kyni heldur hugarástandi.

FRELSIÐ ER YNDISLEGT

Bílarnir eru ýmist með gistipláss fyrir tvo eða fjóra. Frelsið við það að geta plantað bílaleigubílnum nánast hvar sem er og fengið sér blund er ótvírætt.

SKERA SIG ÚR

Bílarnir eru skrautlegir og hver um sig tileinkaður alþjóðlega þekktum persónum. Má þar nefna Winonu Ryder og Tiger Woods.

GLÆNÝ OG STÓRGLÆSILEG

MUSICA 503 HÁGÆÐA HJÓLHÝSI FRÁ

ERU KOMIN TIL LANDSINS!

Fimm stjörnu ferðafrelsi!



P.Karlsson er umboðsaðili þýska gæðamerkisins LMC á Íslandi. LMC leggur metnað sinn í framleiðslu á gæðavögnum þar sem faguð hönnun fer saman við frábæra smíð. Fimm stjörnu ferðafrelsi á góðu verði!



Sjón er sögu ríkari!

Verið velkomin

í nýjan sýningarsal okkar að Ögurhvarfi 2, Kópavogi.



P. KARLSSON EHF.

Sími: 517-5200
pkarlsson@pkarlsson.is
www.pkarlsson.is
www.lmc.is

Opið:
Mánudaga-föstudaga: 10-18
Laugardaga: 12-16
Sunnudaga: 13-17



ego dekor

TV skenkur -hvítt háglans

-25%



Breidd: 200cm - Verð: 125.000,-
Tilboðsverð: 93.750,-

Breidd: 160cm - Verð: 108.000,-
Tilboðsverð: 81.000,-



-20%

AMBER tungusófi
Stærð: 290X165
Verð: 242.000,-

Tilboðsverð: 193.600,-

-25%

Sófaborð

Hvítt gler/króm
Stærð: 130X70
Verð: 58.000,-
Tilboðsverð: 43.500,-



-20%

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD OG HEILSA
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAADGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opíð frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is



Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið



- og við þjónum þeim öllum

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft



GOLDEN GLOBE
BESTI DRAMAPÁTTURINN
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

skemmtilegri

★ ★ ★ ★

PEOPLE - USA TODAY - NEW YORK POST - NEW YORK DAILY NEWS - BLOOMBERG TV

HOMELAND

Á SUNNUDAG Á STÖÐ 2

Námskeið

YOGASTÖÐIN
HEILSUBÓT
SÍÐUMÚLI 15
S: 588-5711
WWW.YOGASTODIN.IS

**Sumartilboð
2 fyrir 1
í yoga**



Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skippholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

TILBOÐ
3 fyrir 2
Af hundafóðri.

15kg poki kostar frá 3.326,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.



Langar þig í hund?

Hundaréktarfélag Íslands er aðili að FCI, alþjóðsamþykktum hundaréktarfélagi, sem tryggir rekjanleika ættboka, beinir sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundategunda. HRFÍ stuðlar að góðum samskiptum á milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is



Gullfallegir vel ættaðir Labrador hvolpar tilb. til afh. Með ættbók frá HRFÍ. https://www.facebook.com/LabradorHvolpar - Áhugas. hringi í s. 820-5670.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó
Funahöfða 17a -19 Rvk og
Dalshraun 13 Hfj M/ baði.
eldh., þurrkara og þvottavél.
824 4535.

Room for rent 1-2 person and
studio. Funahöfða 17a -19 Rvk
and Dalshraun 13 Hfj Whith
Bath, kitch, washing room incl.
Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

2 Herbergi til leigu við Kringluna RVK einnig í LUND í sviþjóð. S. 899 2060/499 2072

107 Reykjavík

Til leigu 4ja herb. íbúð á göðum stað í Vesturbænum. Íbúðin er um 85 fm og skiptist í 3 herb., stofu, baðherb., eldhús og gang. Uppl. í s. 860 8172 (eftir kl. 17 á daginn)

Til leigu 3ja herbergja 90 fm íbúð. Efri hæð í litlu húsi á sv. 105 rvk. Geymsla á lofti, aðgangur að þvottahúsi í kjallarara. Garður, gældyr velkomin. Reyklaus. Leiga 120 þús.pr.mán án hita og rafmagns. Bankaábyrgð og meðmæli. Uppl. sendist á: leiga105rvk@gmail.com

Herb til leigu í seljahverfi fyrir konu. S: 821 9209

Óskum eftir íbúð til leigu.

Reyklaust og reglusamt par frá Akureyri óskar eftir íbúð til leigu nálægt Háskóla Íslands. Við erum bæði í námi við HI og vantar íbúð frá og með 1. júní nk.hæ Sími: 849-5557, Árni Björn.

Íbúð til leigu í hverfi 108

3ja herbergja 86 fm íbúð til leigu ásamt innbúi frá 1. júní til 31. ágúst í hverfi 108. Sérinnangangur, garður og huggulegheit. Uppl. í gsm. 663 8141

Herbergi til leigu 101. Wyhajme pokój prakla aneks kuchenny tazienka, ogrzewanie swiatto w cenie. 893-2012

Til leigu 2herb íbúð í Furugrund í kóp. alls 45fm2, V.100þ. Allt inni, Húsg geta fylgt. Íbúðin er á söluskv. S.699 4368

56 fm íbúð til leigu í sumar, í suðurhlíðum Kópav. 110 þús. mán. Uppl s. 858 8489

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu stórt, bjart herb. m/ stórum skápum í 4 herb. íbúð. Með aðg. að baðh., þvottavél og eldh. 200 kóp. Leiga: 50 þ. og trygging. S. 660 0550.

Meðleigjandi óskast: 2ja barna móðir óskar e. reglusamri konu sem meðleigjandi í stóru einbýlishúsi í Seljahverfi, tilvalið t.d. fyrir skólástúlkur, mæður með börn og allt þar á milli. uppl. 821 9209.

Húsnæði óskast

Íbúð óskast strax

Óska eftir 3 - 4ja herb. íbúð helst í 107, 105, 108. Má vera íbúð helst sem þarfnað viðhalds. Greiðslugeta 130þ. Marínó 820 2383.

Móðir með 2 börn, óskar eftir 3-4 herb. íbúð í Hafnarf. helst sem skólasvæði Viðistaðaskóla. Ásdís S. 698 6262.

Sumarbústaðir



Undir jökli, þar ríkir feegurðin ein. Jaðar, Arnarstapa. Fallegur og hlýlegur bústaður með góðri verönd. 46 fm, 2 svefnherbergi og svefnloft. Nýleg eldhúsinnrétting. Ásett verð 8,9 mkr. Upplýsingar í síma 8242621 og 8212621.



Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!

Gistaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 85 þús. Stök nótt virkan dag 30.000.-þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www.summer-house.weebly.com

Atvinnuhúsnæði

Gott 150fm atvinnulagerhúsnæði á göðum stað í Garðabæ til leigu. Einar innkeyrsludyr, einnig 200fm bifreiðaverkstæði í kópavogi fullbúð tækjum. Uppl. í vatnsk@simnet.is

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.IS
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í
KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING

Verð frá 1050 dkr/hóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Verkefni í 6 vikur:
Fyrirtækjakynningar

Spennandi og skemmtilegt
Starfsúmsókn á www.nuna.is

Góð aukavinna

Kynningar í fyrirtæki og fleira. Vantar eldklára og hressa manneskju í skemmtilegt og spennandi verkefni næstu 6 vikurnar. Góð tölvukunnáttu og reynsla í markaðsstörfum æskileg. Árangurstengd laun með kauptryggingu. Sendu umsókn á vefnum: www.nuna.is

Skipstjóri á 13,33 mtr 19,78 brt bát óskast!!

Sægarpur ehf óskar eftir að ráða skipstjóra á Garp Sh-95. Garpur er 13,33 mtr neta og gildubátur staðsettur í Stykkishólmi. Upplýngar veitir Aðalsteinn í Síma 852-3782

Samhjálp

Óskar eftir matráði á meðferðarstofnunina Hlaðgerðarkot frá miðjum júlí. Um fast starf er að ræða og unnið er a svokölluðum kokkavöktum 3-2-3. Nánari upplýsingar um starfið og umsóknir sendist á netfangið thorunn@samhjalp.is fyrir fimmtudaginn 31.maí.

Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður. Pizzabakara - Sendla. Um er að ræða hentugan vinnutíma í fullt/hlutastarf. 20 ára og eldri. Góð laun fyrir rétta fólk. Umsóknir sendist á atvinna@wilsons.is

Málningarvinna

Óskum eftir röskum málara í tímabudið verkefni. Sendið upplýs. á santon@mi.is

Vanur grófumaður óskast, uppl í síma.694 3205

Góð íslenskukunnátt! Góð aukavinna eða aðalvinna á kvöldin.

Getum enn bætt við okkur traustum starfsmanni í símasölu frá kl. 17.00-22.00 - 2-5 kvöld vikunnar. frá ca. 35+ ára þjálfun á staðnum. Upplýsingar í síma 869 0291 milli kl. 14.00-16.00 Kristín.

Vinna heima

Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 822 8244.

Reykjavík Bakery. Gimli Kanada er til sölu gott tækifæri fyrir dugleg fólk sem kann að baka eða elda. Áhugasamir sendi skilaboð á birgirrob@gmail.com

Hellulagnir, garðvinna

Óskum eftir duglegum og vönum manni, í hellulagnir og lóðaráfrang. S. 692 0711 og 773 0400

Hressingarskálinn leitar að starfsfólki í eldhús, endilega sendið ferilskrá á glennmoyle@gmail.com eða komið og fyllið út umsókn á staðnum, Austurstræti 20. Hressingarskálinn is looking for kitchen staff, please send your CV to glennmoyle@gmail.com or come down and fill out an application, Austurstræti 20.

Atvinna óskast

63 ára karlmaður lærður húsnæðingur vantar vinnu. Margt annað kemur til greina. 844 7901, Guðmundur.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt fritt í s. 555-4321
Karlur auglýsa fritt, 535-9922

Heitar kynslögur

905-2002 • 535-9930

Símadómur • Live spjall

908-6000 • 535-9999

Spjaldómur 908 5500

Opið allan sólarhringinn.
Engin bið nema þegar talað er.

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Fasteignir

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957
Sala fasteigna í **55** ár
Eista starfandi fasteignasala landsins



Hraunbær - mikið endurnýjuð – falleg og mikið endurnýjuð sameign.



Falleg talsvert endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í mjög góðu fjölbýli. Endurnýjað eldhús, baðherbergi og fl. Mjög snyrtileg endurnýjuð sameign. Innréttingar eru að mestu háglans hvíttsprautaðar í eldhúsi. Flísar og parket. Góðar svalir. Verð 18,3 millj. Mikið áhvilandi. Allar nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson á Eignamiðlun.

Mikilvægt að réttindi skerðist ekki

Margt hefur áunnist í málefnum blindra og sjónskertra undanfarna áratugi hérlandis. Þrátt fyrir það er mikilvægt að vera vel á verði svo ýmis réttindi tapist ekki.

Stuðningssumhverfi blindra og sjónskertra hefur tekið miklum framförum undanfarna áratugi hérlandis. Í dag njóta þeir fjölbreyttrar þjónustu og stöðugt er verið að þróa nýjar leiðir til að gera betur. Haraldur Gunnar Hjálmarsson hefur verið sjónskertur alla ævi þar til hann varð blindur haustið 2011. Að hans mati er stuðningskerfið hérlandis í góðum farvegi. „Í heildina hefur allt stuðningskerfið vaxið og batnað mikið hér á landi. Sú þróun tók meðal annars mikinn kipp snemma á áttunda áratugnum.“

Haraldur bjó í Danmörku í 33 ár og segir töluverðan mun hafa verið á þeim tíma milli landa þegar kom að þjónustu við blindra og sjónskerta. „Ég fann það strax og ég kom til Danmerkur að þeir voru lengra komnir en Íslendingar með uppbyggingu stuðningskerfis. Mér sýnist á öllu að við Íslendingar séum á svipuðum slóðum í dag og nágrannaþjóðir okkar.“

Ýmsar tækninýjungar undanfarna ára hafa breytt daglegu lífi blindra og sjónskertra. Þar má meðal annars nefna tilkomu GSM-símans og hljóðbóka. GSM-síminn



Haraldur Gunnar Hjálmarsson hefur verið sjónskertur nær alla ævi en er listagóður píanóleikari. MYND/GUNNAR V. ANDRESSON

varð fljótt mikilvægt öryggistæki auk þess sem hann nýtist vel til almennra samskipta. Ýmsar tækninýjungar hafa komið fram undanfarna ár í tengslum við símann, meðal annars forrit sem býr til talmál úr sms-skeytum. Eins og fyrr segir hefur margt áunnist undanfarna áratugi í málefnum blindra og sjónskertra. Haraldur segir þó

að mikilvægt sé að passa vel upp á að þau réttindi skerðist ekki. „Þróunin eftir hrun hefur verið sú að sífellt er verið að spara og skera niður um allt samfélagið. Sé til dæmis búið að skera niður þjónustu er hættan sú að berjast þurfi fyrir þeim réttindum á ný. Þetta á ekki bara við um Ísland heldur er þetta að gerast alls staðar.“

Fagleg einstaklingsmiðuð þjónusta fyrir fatlaða og fjölskyldur þeirra

Stingum af!

Upplifðu Ísland
Sumarhúsaferðir, tjaldútilegur,
ævintýraferðir og göngur

Tökum að okkur að skipuleggja ferðir fyrir alla aldurshópa bæði innanlands og utan. Útvegum aðstoðarfólk og ferðafélaga.

YLFA ehf sérhæfir sig í nærþjónustu innan og utan heimilis, ráðgjöf og þjálfun



Nærþjónusta og ráðgjöf

Nánari upplýsingar má finna á www.ylfa.is og í síma 849-3985

Sprengisandur BYLGJAN
kraftmikill þjóðmálaþáttur 989
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10-12

Námið minn stóri lottóvinningur

Sólrun H. Jónsdóttir er í hópi þeirra 18 nemenda sem útskrifuðust úr Náms- og starfsendurhæfingu Hringsjár nú í vor. Hún segir námið hafa umsnúið lífinu til góðs og stefnir á áframhaldandi nám í HR í haust. Fyrir tveimur árum hefði henni ekki dottið í hug að hún gæti sest á skólabekk.

Ég er allt of gömul og heimsk til að geta lært.“ Þetta voru svör Sólrunar H. Jónsdóttur þegar henni var bent á Náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá af ráðgjafa hjá Virk, Starfsendurhæfingarsjóði. Það var fyrir tveimur árum en nú í vikunni útskrifaðist Sólrun úr fullu námi Hringsjár og stefnir á HR í haust.

„Ég uppgötvaði að ég var ekkert of gömul og ekkert of heimsk“, segir hún hlæjandi og rifjar upp tildrög þess að hún dreif sig í skólann.

„Ég hafði átt í miklum erfiðleikum í mörg ár. Annar drengurinn minn er einhverfur og var mjög mikið veikur. Hann var ýmist inn eða út af spítala í langan tíma og allt okkar líf snerist í kringum veikindi hans. Það tók mikinn toll af yngri drengnum okkar og af mér, bæði andlega og líkamlega en ég þurfti oft að slást við drenginn. Þegar hann fékk búsetuúrræði breyttust aðstæður fjölskyldunnar og ég fór að vinna fulla vinnu á leikskóla. Vinnan með börnunum hjálpaði mér mikið andlega en líkaminn var þá orðinn svo illa farinn að ég þurfti að fara í aðgerð og varð í framhaldinu að hætta að vinna, eftir tæp þrjú ár á leikskólunum.“

Sólrun segir það hafa verið áfall að þurfa að hætta að vinna og finna hvernig líkamlegt þrek hennar var orðið að engu. Hún sem alla tíð hafi unnið mikið og vilja standa sig.

„Allt í einu átti ég bara að sitja ein heima og ég man að ég hugs-



Helga Eysteinsdóttir, forstöðumaður Hringsjár, ásamt Sólrunu H. Jónsdóttur en Sólrun stefnir á að ljúka stúdentsprófi eftir fullt nám hjá Hringsjá. MYND/GVA

aði „er þetta mitt hlutskipti núna?“ Mér leið ömurlega. Ég prófaði því eitt námskeið hjá Hringsjá eftir viðtalið í Virk og eftir það varð ekki aftur snúið.“ segir Sólrun en hún fór í framhaldinu í þriggja anna fullt nám sem metið er til framhaldsskólalæininga. Hún líkir skólagöngunni við lottóvinning.

„Að hafa fengið þessa hvatningu til náms var minn stóri lottó-

vinningur. Ég lærði námstækni og skipulagningu og að setja mér markmið. Sjálfstraustið óx þegar ég fann að ég gat þetta og kennararnir hvöttu mig áfram. Í náminu er tekið tillit til allra. Við vorum 12 í bekknum og kennararnir gátu því sinnt hverjum og einum eins og þurfti. Ég hélt til dæmis að ég gæti aldrei lært stærðfræði en kennaranum tókst það sem

engum öðrum kennara hefur tekist.“ segir hún hlæjandi.

„Ég lærði líka á tölvu en áður kunni ég varla að kveikja á þeim. Svo lærði ég líka bókmenntir og les bækur núna með allt öðru hugarfari en áður. Mér fannst ég jafningi allra í skólanum og uppgötvaði minn styrk og mína getu. Í Hringsjá eignaðist ég líka dýrmæta vini fyrir lífstíð.“

HRINGSJÁ

HRINGSJÁ er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla.

Þar er boðið upp á einstaklingsmiðað nám í heimilislegu og notalegu umhverfi með góðri stöðþjónustu. Áhersla er lögð á að hver og einn fái tækifæri til að blómstra og fái aðstoð við hæfi.

Markmiðið er að gera nemendur færa um að takast á við nám í almennum framhaldsskólum og/eða fjölbreytt störf í almennum vinnumarkaði.

Hægt er að sækja um nám eða námskeið hjá Hringsjá í Hátúni 10 d, 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar má finna á www.hringsja.is.

Sólrun stefnir á frumgreina-deild HR í haust og ætlar sér að ljúka stúdentsprófi. Hún segir ákvörðunina um að fara í nám hafa umsnúið lífi hennar til góðs og haft áhrif á alla fjölskylduna.

„Yngri strákurinn minn er ofsalega ánægður með mömmu sína og við lærum saman við eldhúsbordið. Hann er stoltur af mér og allt mitt fólk fyrir að ég skildi grípa þetta tækifæri. Þegar líkaminn sagði stopp fannst mér allar dyr lokast. Nú veit ég að þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar og ég á möguleika.“



FATLAÐIR Í ÞRÓUNARLÖNDUM

Talið er að það séu um það bil 500 milljónir manna sem búa við líkamlega eða andlega fötlun. Af þessum 500 milljónum búa 350 milljónir í þróunarlöndum. Óalgengt er að fatlaðir einstaklingar í þróunarlöndunum fái aðstoð en um 98% fatlaðra í þeim löndum fá litla sem enga aðstoð.

Algengt er að fötluð börn í Afríku, Indlandi og fleiri stöðum fái enga ást eða umhyggju í barnæsku og ekki er óalgengt að þau séu borin út. Börnin ganga yfirleitt ekki í skóla og fá enga kennslu heima fyrir. Rannsóknir sýna að eftir því sem kennslan er minni því fleiri eru geðrænu vandamálin. Minni kennsla leiðir einnig til meiri fátæktar. Það sorglega er að ef allir þessir einstaklingar fengju þá umhyggju og lækniástoð sem þeir þurfa á að halda væri hægt að gera þeim lífið auðveldara.

Líkamlega fatlaðir einstaklingar í þróunarlöndum eiga á hættu að verða fyrir röskun á geðheilsu vegna þess að þeir eru oft einangraðir frá umheiminum eða verða fyrir fordómum og einelti.

Á strætum borga þar sem mikil fátækt ríkir má oft sjá fötluð börn úti á götu að betla. Foreldrar eða forráðamenn senda þau út til þess að afla peninga fyrir heimilið. Til eru dæmi um að foreldrar heilbrigðra barna ýmist afmyndi þau eða aflimi til að þeim sé sýnd meiri vorkunn þegar þau betla úti á götu.



Dagur B. Eggertsson ásamt glöðum hópi vinningshafa.

FENGU VERÐLAUN

Listahátíðin List án landamæra hlaut

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 16. maí sl. Það var Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, sem afhenti fulltrúum Listar án landamæra verðlaunin í Höfða. Listahátíðin List án landamæra var fyrst haldin á Evrópuári fatlaðra árið 2003 og hefur verið árlega síðan. Verðlaunin eru höggmynd eftir Ragnhildi Stefánsdóttur myndlistarmann. Margrét M. Norðdal, framkvæmdastýra hátíðarinnar, tók við verðlauninum.

MEÐ OKKAR AUGUM

Á næstu dögum munu tókur hefjast á nýrri þáttaröð af Með okkar augum.

Þátturinn verður framleiddur með sömu áhöfn og framleiddi fyrstu þáttaröðina.

Fyrsti þátturinn af sex verður frumsýndur miðvikudaginn 4. júlí.

„Þátturinn hefur vakið mikla athygli hjá systursamtökum okkar á Norðurlöndunum,“ segir Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri Proskahjálpar á Íslandi, en þættirnir hafa fengið mörg verðlaun, þar á meðal Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins.



Þáttagerðarfólk sem vann þættina Með okkar augum.

Styrk og traust Stoð í 30 ár

Stoð fagnar þrítugsafmæli sínu um þessar mundir. Í tilefni þess býður afmælisbarnið til mánaðarlegra fyrirlestra um fagleg málefni sem tengjast starfsemi fyrirtækisins og stoðtækjagerð. Sá næsti verður 31. maí um sérsmíðuð sæti, belti og höfuðstuðning.

Metnaður okkar felst fyrst og fremst í því að skjólstaðingum okkar farnist sem best með okkar liðsinni og þeim þægindum að hjá okkur er hægt að finna velflest hjálpar- og stoðtæki á einum stað,“ segir Vala Þórólfsdóttir stoðtækjafraeðingur hjá Stoð.

Hún segir hægt að gera ótrúlega margt til að létta líf fatlaðra og auðvelda til muna alla umönnun þeirra.

„Stoðtæki eru í sífelldri þróun. Þar má nefna spelkur sem áður voru fyrirferðarmiklar úr þungu stáli, plasti og áli. Nú eru þær unnar úr léttri blöndu plasts og koltrefja sem gerir þær niðsterkar, léttari, sveigjanlegri og miklum mun fyrirferðarminni,“ útskýrir Vala sem handgerir hverja einustu spelku út frá einstaklingsmiðuðum sérþörfum.

„Fólk á öllum aldri getur þurft á spelku að halda til lengri eða skemmri tíma. Þær eru til stuðnings þegar vantar upp á vöðvafærni líkamans, sem meðferðarúrræði í stuttan tíma, framhald af sjúkrahjálfun eða til stuðnings til lengri tíma þegar reynt er að vinna gegn krepptum vöðvum, halda þeim styrkum og blóðflæði gangandi,“ útskýrir Vala.

Koltrefjar eru einnig notaðar í bolspelkur sem vinna gegn skekkjum í baki og þyngdarafli



Vala Þórólfsdóttir er stoðtækjafraeðingur hjá Stoð. Hér má sjá hana vinna í gísmóti fyrir spelku.

MYND/PJETUR

einstaklinga sem ekki geta haldið sér uppi.

„Þá sérsmíðum við hjálma fyrir flogaveika og valta einstaklinga sem er hætt við að detta á höfuðið,“ upplýsir Vala.

Hún segir úrval hjálpartækja ríkulegt í Stoð. Má þar nefna þrýstingssokka, brunaumbúðir, gervilimi, eftiraðgerðaföt, gervi-brjóst, hárkollur og stuðnings-

hlífar fyrir íþróttameiðsl og væga hnéskaða sem ekki þarfnast uppskurðar.

„Stærsti viðskiptavinur Stoðar er Hjálpartækjasmíðstöð Sjúkra-trygginga Íslands. Flestir koma til okkar fyrir tilstuðlan lækna eða sjúkrahjálfa en öllum er velkomið að leita til okkar og víst að margir uppskæru af því bót og betrun. Fólk harkar oft af sér ótrú-

legustu hluti og áttar sig ekki á að hægt sé að líða betur. Í starfinu upplifi ég því oftar en ekki léttu fólks sem segist alltaf hafa liðið illa í fótum en ekki verið meðvit- að um rétt sinn á bæklunarskóm.“

Stoð – stoðtækjasmíði er við Trönuhraun 8 í Hafnarfirði og á Suðurlandsbraut 34 í Reykjavík. Sími 565 2885. Sjá nánar á www.stod.is.

Léttara líf og meiri vellíðan

Í Stoð fæst fjölbreytt úrval fyrsta flokks hjólastóla sem allir eru útbúnir út frá persónulegum þörfum hvers og eins.

Einstaklingurinn er miðpunkturinn í öllu okkar starfi,“ segir Kristina Andersson, stoð- og hjálpartækjasmíður hjá Stoð.

„Okkar markmið er vellíðan og léttara líf fyrir fatlaða. Margir koma að þeirri vinnu og þróunin er mikil svo fatlaðir einstaklingar geti lifað sem eðlilegustu lífi.“

Meðal nýjunga í hjólastólum nefnir Kristina rafknúinn standhjólastól sem hægt er að tjakka upp þannig að einstaklingurinn „standi upp“ í stólum.

„Með því getur hann meðal annars teygst sig í hluti sem eru ofar en borðhæð og horfst í augu við standandi fólk,“ útskýrir Kristina.

Í Stoð eru tvær deildir stoðtækja fyrir fatlaða; innkaupadeild með tilbúin hjálpartæki og sérsmíðadeild þar sem stoðtækja- og hjálpartækjasmíðir vinna náið með sjúkra- og iðjuþjálfum.

„Úrvalið er ríkulegt. Við erum með allt frá göngugrindum yfir í hágæða hjólastóla fyrir börn og fullorðna. Við bjóðum krossramma-, fastramma- og hæginda-hjólastóla, barnahjólastóla og undirstell fyrir sérsmíðuð sérsmót,“ segir Kristina og bætir við að einnig sé hægt að breyta krossramma-, fastramma- og hægindahjólastólum fyrir sérsmót.

„Við mætum öllum þörfum út frá persónulegri nálgun og útfærslum. Því leggjum við höfuðáherslu á að hitta alla skjólstaðingum okkar svo hægt sé að útbúa hjólastól eftir máli og stilla hæð og halla eftir þörfum hvers og eins,“ segir Kristina.

Í Stoð fást einnig rafmagnshjólastólar, þríhól fyrir þá sem halda illa jafnvægi og léttari hjólastólar fyrir aðstoðarmenn.

„Fyrir þá sem ekki geta keyrt hjólastól með handafli er auðvelt



Hér má sjá Völu Þórólfsdóttur stoðtækjafraeðing og Kristínu Andersson, stoð- og hjálpartækjasmíði, í Hjálpartækjaverslun Stoðar í Hafnarfirði.

MYND/PJETUR

að tengja mótur við hjólið og stýra því með stýripinna,“ útskýrir Kristína.

Stoð selur einnig kerrur fyrir fötluð smábörn.

„Í þær er auðvelt að smíða sérstuðning, bæta við stuðningsbeltum og sérstökum höfuðpúðum fyrir þau sem hafa ekki stjórn á líkama sínum,“ upplýsir Kristína.

HJÓLAHÁTÍÐ

FÖSTUDAG-LAUGARDAG-SUNNUDAG
18.-20. maí

20% afsláttur

á öllum Univega reiðhjólum

Að auki fylgir aukahlutapakki öllum fullorðins-reiðhjólum þessa helgi (hraðamælir, lás, brúsi og brúsastatif)

Reiðhjólahjálmur fylgir öllum barnahjólum.

OPIÐ:

Föstudag 10-18

Laugardag 10-17

Sunnudag 13-17

Við erum flutt í stærri og betri húsnæði að Dalshrauni 13 - við hliðina á American Style



UNIVEGA

FOCUS
b i k e s

SCHWINN® Kalkhoff

VISA

Nýtt kortatímabil



Þú getur notað aukakrónur Landsbankans hjá okkur

Hjóla sprettur

VERSLUN OG VIÐGERÐIR

Hjólasprettur - Dalshrauni 13 - 220 Hafnarfjörður - Sími 565 2292 - www.hjolasprettur.is

STELLA
MCCARTNEYVICTORIA
BECKHAMJONATHAN
SAUNDERS

Íþróttir innblástur sumartískunnar

Pægingin eru í fyrirrúmi í sumartískunni en helstu hönnuðir heims eru sammála um að fatnaður með íþróttalegu ívafi sé lykiltrend ársins 2012. Bómullarpeysur, víðar buxur, skærir litir, einfaldir stuttermabolir, anórakkar og stuttbuxur voru áberandi á tískuvikunum síðastliðið haust þegar sumartískan var opinberuð. **Stella McCartney og Isabel Marant** eru heitustu hönnuðir sumarsins en báðar sóttu þær innblástur til íþróttanna í sumarlinum sínum. **Álfrún Pálsdóttir** tók saman sportlega sumartísku.




ISABEL MARANT

MARC
JACOBSBCBG
MAX
AZRIAALEXANDER
WANG

LACOSTE

FYLGHIHLUTIR SUMARSINS 2012



Íþróttaskór: Burt með háu hælana og prufaðu þægilega íþróttaskó við svarta kjólinn og nælonsokkabuxurnar eða finu svörtu buxurnar. Íþróttaskór eru komnir á tískuradar sumarsins og ekki skemmir fyrir ef þeir eru í skærum neonlitum.



Derhúfan: Hið gamla, góða og vel þekktta höfuðfat derhúfan fær uppreisn æru í sumar. Hvort sem hún er með merki að framan, einlit eða úr leðri þá er derhúfan fylgihlutur sumarsins. Meira að segja fatahönnuðurinn Victoria Beckham var með derhúfur í sýningunni sinni fyrir sumarið.

Reebok EasyTone fjör Útilíf Kringlunni

Laugardaginn 19.maí kl 14-16

- Nivea vegleg gjöf fylgir öllum seldum EasyTone skóm.
- Nivea glaðningur fyrir alla sem máta EasyTone skó.
- 20% afsláttur af EasyTone skóm.

Kl. 14:00

Fjórið hefst á Zumbatíma í boði Reebok. Kennari er Guðný Zumbasníllingur og einn vinsælasti Zumba-kennari landsins. Veglegir vinningar fyrir 5 heppna aðila sem dansa. Dregið strax að tíma loknum.

Verðlaun eru:

- EasyTone eða TrainTone skópar (1 vinningur)
- Q10 pakki frá Nivea. (5 vinningar)

reebok.is

Reetone
Reebok




Krossgáta

Lárétt

- Gutta gerir gengin, sbr. hátíðleg loforðin (16)
- Feimin eru furðuleg undur (13)
- Læt jarðlag á fóninn (6)
- Haf merkja sviðið fyrir pótintápartinn á þingi (15)
- Blið unum með bliðum (9)
- Skola skúrana (10)
- Hægfare bakkasnúður hefur enga skel (13)
- Loft festi grisju (8)
- Auðgast á vafasömu jurtabjástri (11)
- Sóðar og sveppir og frenjuflókar (9)
- Jurtahnyðja var í brennivíninu en læknar núna (9)
- Aðeins óvissir þurfa að fara þessar brautir (9)
- Rukkar fyrir viðlag (4)
- Snjókoma mun komast (5)
- Er Vala til heimilis handan steinveggs? (10)
- Dollujurt er orðskrípi (7)
- Daunsætur dragi lykt að vitum (7)
- Sílasigt; hin óljósu veiðisvæði (8)
- Jóðlaði söng (7)
- Fljót birta í fyrndinni (6)

Lóðrétt

- Ræflarölt gegn nauðgurum (11)
- Samanlagt mun ræktun trjáa steypa brennihjall (13)
- Fjöldi bylti (10)
- Verslunarfilingur, segir kúnni (8)
- Leita hjartarins í klóm krapans (7)
- Sker tvisvar og skýri það ýmist svona eða hinsegin (7)
- Bauna út rugli um beljubæli (7)
- Stór spillti víti frá þessum gaur (7)
- Seinagangur þýður og lipur á hægu skeiði (9)
- Sýður ekki sjó (5)
- Hallarborgin og borgarvígð (13)
- Portvitund um byljustýrða tækni (8)
- Síðvaxin dafnar hægt (12)
- Fær nýgræðingur náttáð er þið færast nær? (7)
- Skil beygja hugleysi (8)
- Suðar vegna vandræða (6)
- Söngsveitin sívælandi (10)
- Próblem pirrar þau sem tala rétt (8)
- Jarðneskar leifar jóa gleðja fugla (8)
- Rolupvottur og reykræsting (7)
- Flest hafa ekki hugmynd um bjána (6)
- Kanadískur bær stendur af sér Ragnarök (5)
- Finn einhverjar fyrir haustið (5)



Lausnarorð síðustu viku var
LEIGJANDINN



FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókunum Karitas án titils og Óreiða á striga frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ingvaldur Sverrisdóttir, Akranesi.**



Lausnarorð

Ef bókstöfnum í skygðu reitunum er raðað rétt saman birtist vinsælt tótmundagaman. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. maí“.



SÍÐUSTU
SÝNINGAR!



Gói og Baunagrasið

Leikhúsglaðningur fyrir alla fjölskylduna!

Sun 20/5 kl. 13:00 **UPPSELT**
Sun 20/5 kl. 14:30 Örfá sæti

BAUNA GRASIÐ

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1897

Skáldjöfurinn Wilde látinn laus eftir tveggja ára fangavist

Hinn annálaði rithöfundur Oscar Wilde losnaði úr fangelsi tveimur árum eftir að hann var fundinn sekur um kynvillu.

Á þessum degi fyrir réttum 115 árum, hinn 19. maí árið 1897, var rithöfundurinn Oscar Wilde látinn laus úr fangelsi eftir að hafa afplánað tveggja ára dóm vegna kynhneigðar sinnar, en hann var fundinn sekur um kynvillu.

Wilde er einn best þekkti rithöfundur allra tíma og er enn vísað til margra hnyttinna tilsvara hans í ræðu og riti.

Hann fæddist á Írlandi, en flutti til Englands þar sem hann nam við Oxfordháskóla og útskrifaðist með láði árið 1878. Eftir það varð hann að rísandi stjörnu í lista- og félagslífi Lundúna.

Wilde gekk að eiga Constance Lloyd árið 1884 og átti með henni tvo syni, en hóf upp úr því að leggja lag sitt við karlmenn.

Það var svo árið 1891 sem hann hitti ungan aðalsmann, Alfred Douglas að nafni, sem átti eftir að reynast örlaga-valdur í lífi hans.

Þeir áttu í stormasömu sambandi um nokkurra ára skeið. Heimildir herma þó að Douglas, sem var jafnan kallaður Bosie, hafi notað Wilde, bæði til að hafa af honum peninga og ekki síður til að skaprauna föður sínum, markgreifanum af Queensberry. Hann gat ekki liðið samkynhneigð sonar síns og var æfur yfir sambandinu við Wilde.

Í reiði sinni, snemma árs 1895, skyldi Queensberry eftir orðsendingu fyrir allra augum í klúbbi Wildes. Þar var rithöfundurinn vændur um kynvillu, sem var ólöglegt á þeim tíma.

Að áeggjan Alfreds höfðaði Wilde mál á hendur markgreifanum vegna ærumeiðinga. Það dómsmál reyndist afdrifaríkt þar eð sönnunargögn og vitni sem Queensberry lagði fram renndu stöðum undir ásakanir hans. Málið var því látið niður falla, en Wilde aftur á móti ákærður fyrir kynvillu og ósæmilega hegðun.

Dómsmálið vakti gríðarlega athygli þar sem Wilde var frægur maður og fylgdist almennigur spenntur með framvindunni.

Þrátt fyrir þróttmikla vörn var Wilde sakfelldur og dæmdur til tveggja ára erfiðisvinnu í fangelsi.

Eftir afplánun hélt Wilde til Parísar þar sem hann lést þremur árum síðar úr heilahimnubólgu.

Goðsögnin á bak við Wilde lifir hins vegar enn góðu lífi og leikritin hans eru sýnd um heim allan.

Alfred Douglas lést árið 1945.



Í FANGELSI FYRIR SAMKYNHNEIGÐ Oscar Wilde slapp úr fangelsi á þessum degi árið 1897.



Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Focus á hagstæðu verði í dag.
Nýjasta spartækni í Ford Focus heitir á útlensku EcoBoost

Komdu í kaffi og kleinur. Kynntu þér spartækni Ford.



Lífið er egóbúst

**Kraftmikill
Focus með EcoBoost**
6 gíra beinskiptur
125 hestöfl



**Ford Focus
með EcoBoost**
Vortilboðið frá 3.450.000 kr.

Mánaðargreiðsla frá 28.706 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar
9,90%

**Eldsneytisnotkun
Focus með EcoBoost**
Frá 4,4 lítrum á 100 km
í langkeyrslu



Þú færð Focus einnig sem skutbíl.
Komdu, reynsluaktu Ford.

**Notaða Focus
vantar á söluskrá**
Settu eldri Focus
uppí nýjan

**Frítt í stæði
Focus með EcoBoost**
Minni útblástur
CO₂: 114 g/km

Spyrðu um
verksmiðjuábyrgð
í allt að 5 ár

Opið í dag

Komdu og skoðaðu Ford
milli kl. 12 - 16 í dag,
Bíldshöfða 6

Settu gamla bílinn uppí nýjan

Tökum allar tegundir
bíla uppí nýja

brimborg

Öruggur staður til að vera á



MANNRETTINDAFRÖMUÐURINN MALCOLM X (1925-1965) fæddist á þessum degi.
„Standir þú ekki með sjálfum þér þá fellur þú fyrir hverju sem er.“

✝
Elskuleg dóttir mín, móðir mín, systir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JAKOBÍNA AXELSDÓTTIR
Austurbrunn 2, Reykjavík,
lést þann 8. maí á Landspítalanum. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.



Fyrir hönd aðstandenda,
Hulda Ásgeirsdóttir
Ásgeir Bragason
Hildur Björnsdóttir
börn og barnabörn.

✝
Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,
KJARTANS ÓLAFSSONAR
Hlaðhamri.



Jóhannes Kjartansson
Jón Kjartansson
Sigurður Kjartansson

Sveinbjörg Guðmundsdóttir
Gyða Eyjólfsdóttir
Olívía Weaving

✝
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
ÁSTA ENGLBERTSDÓTTIR
lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 28. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við fjölskyldan viljum koma á framfæri innilegu þakklæti til starfsfólks á deild H-2 Hrafnistu í Reykjavík.



Sigrún Þórarinsdóttir
Birgir Þórarinsson
Gunnhildur Þórarinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.


Ragnar Pálsson
Dóra Sigurðardóttir
Sveinn M. Ottósson

✝
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
SÓLEY ODDSDÓTTIR
Hrismóum 1, Garðabæ,
lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð Vífilsstöðum miðvikudaginn 16. maí. Jarðarförin auglýst síðar.



Sigurveig Sæmundsdóttir
Oddur Sæmundsson
Jóna Sæmundsdóttir
og fjölskyldur.

✝
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi,
GÚSTAV MAGNÚS SIEMSEN
Skaftahlíð 34, Reykjavík,
lést á Grund við Hringbraut miðvikudaginn 16. maí.



Kristín Siemsen
Ólöf Guðfinna Siemsen
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásbjörn Sigurgeirsson
Baldur Bjartmarsson

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is

Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Ósvaldssonar
df.

PEKKING-REYNSLA-ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485

Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðbjólfsson S: 892 8947



FORMAÐURINN Marta Mirjam Kristinsdóttir gegnir í dag stöðu formanns AUS, en hún fór sjálf til Mexíkó á vegum samtakanna fyrir nokkrum árum.

ALPJÓÐLEG UNGMENNASKIPTI: FYRRVERANDI SKIPTINEMAR KOMNIR AFTUR

HITTAST AFTUR EFTIR 25 ÁR

Í kvöld klukkan 19 slá átta fyrrverandi skiptinemar á Íslandi upp veislu á Farfuglaheimilinu að Sundlaugavegi 34. Fólkið, sem dvaldi hér á landi árið 1987, ætlar að hittast þar með vinum og vandamönnum og rifja upp minningar um horfna tíma. „Mörg þeirra hafa misst tengsl við fósturfjölskyldur sínar og fólk sem var í kringum AUS á þessum tíma og vonast til að ná sambandi aftur,“ segir Marta Mirjam Kristinsdóttir, formaður AUS – alþjóðlegra ungmennaskipta. Það var á vegum þeirra samtaka sem fólkið kom til landsins á sínum tíma.

AUS sendir út og tekur á móti ungmennum alls staðar að úr heiminum. Marta segir orðið sjálfboðaliði ekki ná utan um þá reynslu sem ungmenni öðlist á meðan á dvöl þeirra stendur. „Þetta eru frekar menningarskipti en sjálfboðaliðastörf. Með því að fara út og kynna ólíkra menningu þroskast þú, verður víðsýnni og skilur betur hvernig önnur samfélög virka,“ útskýrir Marta og talar af reynslu, því hún dvaldi sjálf í Mexíkó fyrir nokkrum árum á vegum AUS. „Ég vann bæði á

Sjálfboðaliðarnir frá 1987 sem hittast í dag

Bengt Svensson - Svíþjóð
Tina Flecken - Þýskaland
Michele Anghileri - Ítalía
Judith van Bragt - Holland
Angelica Cantu - Mexíkó
Pirjo Saikkonen - Finnland
Daniela Wiesendanger - Sviss
Lian Siekman - Holland

leikskóla í litlu sveitaborpi, þar sem flest börn bjuggu hjá mjög öldruðum öfum og ömmum, því foreldrar þeirra voru ólöglegir innflytjendur í Bandaríkjunum. Svo vann ég líka á heimili fyrir börn sem höfðu verið tekin af foreldrum sínum vegna vanrækslu,“ segir Marta, sem segist hafa þroskast mikið á þeim tíma. „Þetta var mjög gefandi. Ég fór út með það hugarfar að ég ætlaði að hjálpa heiminum. Hafði mitt vestræna sjónarhorn og hélt að það væri málið. Ég áttaði mig á því að það er ekki alltaf það rétta sem er gert hér heima, við getum lært margt af

Mexíkó og öðrum löndum. Við höldum alltaf að við séum best, en það er ekki alltaf þannig.“

Ungmennin greiða sjálf fyrir þátttöku, sem Mörtu þótti vel þess virði. „Við teljum það nokkuð sanngjarn, miðað við það sem þú færð til baka. Það er mikilvægt fyrir fólk sem er að stíga sín fyrstu skref í að búa erlendis að fá stuðning. Þegar þú ert að upplifa allt nýtt í kringum þig, nýja menningu, fjölskyldu og vinnu, þá er mjög gott að hafa samtökin til að styðja sig við.“

Í boði er að ferðast til fjölda landa í öllum heimsálfum á vegum AUS. Verkefni eru af fjölbreyttu tagi, allt frá því að bjarga skjaldböckum úr útrýmingarhættu, vinna með götubörnum, í þjóðgörðum, með fíklum og svo mætti lengi telja.

Ungmennin sem dvöldu hér á landi árið 1987 og unnu hér fjölbreytt störf teljast ekki ungmenni lengur, en ætla engu að síður að skemmta sér vel í kvöld. Þau hvetja alla sem þau þekktu til að koma og hitta sig í Farfuglaheimilinu í Laugardal klukkan 7.

holmfridur@frettabladid.is

✝
Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
FREYJA JÓHANNSDÓTTIR
lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni uppstigningardags 17. maí. Útförin verður auglýst síðar.



Bragi Agnarsson
Leifur Agnarsson
Laufey Björg Agnarsdóttir
Þór Agnarsson
Vigdís Björk Agnarsdóttir
Finnbogi Jóhann Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Bjarney Runólfsdóttir
Ásdís Þóra Davidsen
Bettina Wunsch

✝
Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,
UNNAR RUNÓLFSDÓTTUR
Miðleiti 5.
Sérstakar þakkir til starfsfólks 2. hæðar suður á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir hlýhug og góða umönnun.



Runólfur Grétar Þórðarson
Kristján Þórðarson
Kristín Þórðardóttir
Margrét Þórðardóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Sigríður Lúðvíksdóttir
Dóra Kristín Halldórsdóttir
Kristinn Már Kristinsson

✝
Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
SIGURÐUR HELGI JÓNSSON
sjómaður,
Kirkjuvegi 11, Keflavík,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 12. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 21. maí kl. 13.00.



Elínborg Jónsdóttir
Jón Sigurðsson
Margrét Sigurðardóttir
Geir Sigurðsson
Ragnheiður Sigurðardóttir
Geirný Sigurðardóttir
Elínborg Kristinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Auður Sólborg Sigurðardóttir
Gunnhildur Ása Sigurðardóttir
Eyjólfur Orri Sverrisson
Helgi Bragason

✝
Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru
PERLU K. PORGEIRSDÓTTUR.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umönnun og elskulegheit. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Frikirkjunnar í Hafnarfirði, sjá frikirkja.is.



Brandur Þorsteinsson
Lárus Geir Brandsson
Jóna Margrét Brandsdóttir
Jón Þór Brandsson
Fríður Brandsdóttir
Hafís Brandsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Marinósdóttir
Guðbergur Ástráðsson
Sif Stefánsdóttir
Guðlaugur Sæmundsson



VERÐVERND BYKO
**LÆGSTA
VERÐIÐ**

SUMARIÐ 2012 Á LÆGRA VERÐI



BYKO 1962-2012
BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

STERLING

KLÚBB verð 43.900 kr.

Vnr. 50657153
STERLING gasgrill, 1716-3,
2 brennarar, niðurfellanleg
hliðarborð, hitamælir,
þrýstjafnari. 11,72 kW.

59.900 kr.

KLÚBB verð 12.900 kr.

Vnr. 41624128
STEEL RATTAN borð og tveir
stólar. Plast/bast, ljósbrúnt,
5 mm hert gler í borði.

18.990 kr.

BOSCH

Vnr. 74810010
BOSCH háþrýstidæla
AQUAT10. 100 bór,
300 ltr/klst., 1300W,
sápukana.

9.995 kr.

Vnr. 53323150
WARRIOR bensínsláttuvél með fjór-
gengismótor. Vélin er 3,75 hestöfl,
stillanleg hæð, sláttubreidd 46 cm.

28.990 kr.

Vnr. 55099120
Gróðurhús, 4 hæðir,
stærð: 125x69x49 cm.

6.990 kr.

SUMARLEIKFÖNG

Vnr. 88583314
Bolti, 16 cm.

690 kr.

Vnr. 41120479
Fata og skóflur í sand-
kassann, alls 8 stk.

649 kr.

Vnr. 49620200
28" göturaiðhjól fyrir karla,
6 gíra með brettum
og bögglabera.

29.900 kr.

Vnr. 41118367
Sápukúlubox.

99 kr.

Vnr. 41120482
Sápukúlusverð.

389 kr.

Vnr. 41120481
Vatnsbyssa, 38 cm,
fjótubla eða bleik.

699 kr.

**ALLIR KRAKKAR
FÁ LITA- OG
LEIKJABÓK BYKO**

Við tökum vel á móti yngstu kynslóðinni í
öllum verslunum BYKO og gefum ungiðinu
liti og skemmtilega lita- og leikjabók.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódjúrrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að aukil! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

NÝTT KORTATÍMABIL

OPIÐ Í DAG



1695
KR. KG.

FERSKT NAUTAGÚLLAS



1695
KR. KG.

FERSKT UNGNAUTASNITSEL



1995
KR. KG.

FERSK NAUTAPIPARSTEIK



BERNAISE SÓSA
NONNA LITLA
KR 279
255 ML.



1495
KR. KG.

BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
SS KRYDDAÐ LAMBALÆRI

**ÍSLENSKT KJÖT
Á GÓÐU VERÐI
Í BÓNUS**

NAUTAVEISLU 4 FERSKIR 80 GR.
NAUTAHAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI

100%
NAUTAKJÖT

595
KR. PK.



100%
NAUTAKJÖT

398
KR. 2 STK.

ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA-HAMBORGARAR



1495
KR. KG.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSID
LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



159
KR. 4 STK.

BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ



1398
KR. 10 STK.

ÍSLANDSNAUT FROSNIR 10 X 100 GR.
UNGNAUTA HAMBORGARAR



1979
KR. KG.

KJÚKLINGABRINGUR



1979
KR. KG.

HOLTA-ÚRBEINUÐ SKINNLAUS
FERSK KJÚKLINGALÆRI



1979
KR. KG.

KJÚKLINGALUNDIR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



10:00-18:80 ALLAR VERSLANIR BÓNUS



1859
KR. 2 STK.

NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX FROSINN BEINHR. M.ROÐI



1859
KR. 2 STK.

NORÐANFISKUR FROSINN LAX GRILLKRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI



1398
KR. 2 STK.

NORÐANFISKUR ÍSLENSK BLEIKJA FROSINN BEINHR. M.ROÐI



598
KR. 200 GR

SOLLU LÍFRAENU CHIA-FRÆIN KOMIN AFTUR



359
KR.200 GR

BÓNUS SPÍNAT FERSKT FRÁ SPÁNI



498
KR. 90 ML

159
KR. 75 ML

698
KR. 500 ML

SENSODYNE WHITENING AQUAFRESH TANNKREM LISTERINE MUNNSKOL 500 ml

FYRIR GÓÐA TANNHEILSU



359
KR. 1 LÍTRI

MÖNDLUMJÓLK MEÐ KALKI



798
KR. 500 ML

HIMNESK JÓMFRÚAROLÍA EXTRA VIRGIN



179
KR. KG

RAUÐ VATNSMELÓNA



275
KR. KG

SÆTAR KARTÖFLUR



139
KR. KG

STÓRAR BÖKUNARKARTÖFLUR FRÁ ENGLANDI



439
KR. 1 KG.

ÍSLENSKIR TÓMATAR I. KG PAKKAÐIR



159
KR. 280 GR

FERSKUR MAIS-STÖNGULL Á GRILLIÐ



89
KR. DS

ÍSLENSK LÍFRAEN JÓGÚRT FRÁ BÍO BÚ 4 TEGUNDIR 170 GR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

Fylgstu með Bónus á Facebook





IGGAPIGG og aðrar söguhetjur úr þáttunum í Næturgarði hitta í mark hjá yngstu börnunum. Á barnavef breska ríkisútvarpsins www.bbc.co.uk/cbeebies/in-the-night-garden er að finna skemmtilega og einfalda leiki fyrir þau yngstu.

Lisaloppa og Kata í ratleik 16
Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira trúðasafnið,” sagði Kata. „Ef það væri nú alltaf svona gaman hjá öllum. Allir skælbrosandi.” „Nei, ekki alveg,” sagði Lisaloppa. „Hér stendur í leiðbeiningunum: Finndu tvo dapra trúða.” „Svo þeir geta verið daprir?” sagði Kata. „Jæja, fúllir trúðar, finnum þá.”

Getur þú hjálpað Kötunni og Lisaloppu að finna þá tvo trúða sem eru daprir?

BRANDARAKISTAN

Nískupúki var alltaf að brýna fyrir syni sínum að spara peninga. Dag einn kom strákurinn heim og sagði hróðugur: „Pabbi, ég hljóp á eftir strætö og sparaði þannig 350 krónur.” „Æ, dreggstauli,” sagði maðurinn. „Þú hefur átt að hlaupa á eftir leigubíl og spara 2.500 krónur.”

Tveir menn áttu hvor sinn hestinn í sömu girðingu. Til að þekkja þá í sundur bundu þeir rauða slaufu á taglið á öðrum þeirra. Dag einn þegar þeir komu í girðinguna var slaufan dottin af. „Hvað gerum við nú?” sagði annar maðurinn. „Ég veit,” sagði hinn. „Ég tek bara þennan rauða og þú þennan bleika.”

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

GERIR STUTTMYND MEÐ VINUM SÍNUM

Jökull Bergsveinsson er þrettán ára strákur í Hafnarfirði sem hefur verið á kafi í kvikmyndum frá því hann var 4 ára. Hann var 8 ára þegar hann gerði sína fyrstu bíómynd og í dag vinnur hann að stuttmyndaseríu með félögum sínum.

Jökull Bergsveinsson er þrettán ára nemandi í 8. bekk í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Þrátt fyrir ungan aldur er hann löngu búinn að ákveða hvað hann ætlar að starfa við í framtíðinni. Hann ætlar að vinna við kvikmyndir og er nú þegar byrjaður að framleiða sínar eigin bíómyndir. Jökull hefur haft áhuga á bíómyndum frá því að hann var lítill. „Þegar ég var 4 ára var upphaldsmyndin mín Lord of the Rings og ég fékk strax mikinn áhuga á því hvernig þetta var allt saman búið til. Þannig að ég fór að skoða á Youtube hvernig bíómyndir eru búnar til, eins og tæknibrellur, byssuskot, sprengjur og smink, skotsár og blóðslettur. Þegar ég var 7 ára byrjaði ég að gera vídeó-áramótakveðjur fyrir fjölskylduna, sem ég geri enn í dag alltaf um áramótin. En ég var um 8 ára þegar ég stóð sjálfur fyrir aftan myndavélina. Ég notaði legókarla sem leikara í fyrstu myndunum sem ég gerði. Þetta voru svona stop-motion vídeó þar sem ég bjó til legókallabardaga.“



VIÐ TÖKUR Jökull er handritshöfundur og leikstjóri stuttmyndaseríunnar Brenndir Bananar sem hann vinnur að með vinum sínum. MYND/ÚR EINKASAFNI

Um þessar mundir er Jökull að vinna að stuttmynd með félögum sínum, en þeir eru að vinna með hugmynd sem þeir fengu 10 eða 11 ára gamlir. „Þetta byrjaði sem flipp en núna er þetta komið út í meiri alvöru. Þetta er þriðja myndin af seríu sem við köllum Brenndir Bananar númer þrjú. Við erum allir skólafélagarnir saman í þessu – Sindri, Kári, Matti, Viktor og Dagur leika í henni og svo er Nicholas, kærasti systur minnar, með vídeóvélina. Ég er leikstjórinn og

“Mamma er líka rosalega hjálpleg en ég held hún sé nú orðin dálítið þreytt á gerviblóðinu út um allt hús og óvart smá á veggjunum.”

er búinn að vinna að handritinu frá því síðasta sumar, með hjálp frá Nicholasi. Ég sé líka um að klippa myndirnar og allar tölvutæknibrellur og makeup-brellur. Það er gaman að búa til gervisár.“

Jökull er staðráðinn í því að vera kvikmyndagerðarmaður alla ævi, en hann er ekki búinn að gera upp við sig hvort hann

verði leikstjóri, klippari eða tókumaður. Hann hefur tvisvar sinnum farið til New York á námskeið hjá New York Film Academy. Hann segir fjölskyldu sína hjálpa sér mikið í kvikmyndagerðinni. „Við hjálpumst mikið að. Pabbi þeytist um allan bæ að ná í dót sem við þurfum og kaupir líka pitsur fyrir okkur strákana og fleira sem okkur gæti vantað. Mamma er líka rosalega hjálpleg en ég held hún sé nú orðin dálítið þreytt á gerviblóðinu út um allt hús og óvart smá á veggjunum. Systir mín hjálpar okkur líka mikið, gerir oft makeup-ið og hjálpar okkur með leikmyndina.“

Á heimasíðu Jökuls, www.jokull.net, er hægt að horfa á myndirnar hans.

www.ms.is

Fáðu þér góða mjólkurskvettu!

KRAKKAKYNNING

Tanja Kristín Árnadóttir

- Aldur:** 9 ára (10 ára eftir mánuð).
- Í hvaða skóla ertu:** Hlíðaskóla.
- Í hvaða stjórnumerkí ertu:** Tvíburunum.
- Áttu happatölu?** 52, 12 og 14.
- Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Fimleikar og að leika við vini mína í stikkfrí og svo leiðis leikjum.
- Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Minute to win it og Malcolm in the middle.
- Besti matur?** Lasagne og jólamaturlinn, sem er kalkúnn.
- Hvaða námsgrein er í upphaldi?** Dans, tónmennt og listasmiðjan.
- Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það?** Ekki ég, en amma mín á hund sem heitir Snælda.
- Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Laugardagur, af því þá er nammidagur og kósýkvöld.
- Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Adele og Lady Gaga.
- Uppáhalds litur?** Bleikur og fjólublár.
- Hvað gerðirðu í sumar?** Ég fór á Egilsstaði og í haust fór ég til Flórída.
- Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Stjörnur og strákapor eftir Kristínu Steinsdóttur.
- Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Söngkona og líka graffískur hönnuður eins og mamma.

STÓRBROTID VERK
AÐ HÆTTI VESTURPORTS

REYKJAVIK — MALMÖ — KAUPMANNAHÖFN — WASHINGTON DC
Í BORGARLEIKHÚSINU 1. OG 2. JÚNÍ

AÐEINS TVÆR SÝNINGAR Á LISTAHÁTÍÐ



MÖGNUM SAGA AFBRÝÐI
OG HATURS, ÁSTAR OG
BRÓÐURPELS

BASTARDS FJÖLSKYLDUSAGA

NÝTT VERK EFTIR GÍSLA ÖRN OG RICHARD LAGRAVENESE
(HANDRITSHÖFUND FISHER KING, P.S. I LOVE YOU, BRIDGES OF MADISON COUNTY)

HANDRIT RICHARD LAGRAVENESE HANDRIT OG LEIKSTJÓRN GÍSLI ÖRN GARDARSSON LEIKMYND BÖRKUR JÓNSSON
LEIKARAR WAAGE SANDØ, PAULI RYBERG, BIRGITTE PRINS, CHARLOTTE E. MUNKSGAARD, FREDRIK GUNNARSON, HÁKAN PAASKE, ELLEN FOSTI
PIA ÖRJANSDOTTER, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR, JÓHANNES NÍELS SIGURDSSON
PRÓDÚSENT DÝRI JÓNSSON BÓNINGAR MARIA GYLLENHOFF LYSING CARINA PERSSON MÚSÍK LARS DANIELSSON, CÆCILIE NORBY

MÍÐASALA | 568-8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Vesturport

Listahátíð í Reykjavík 2012
Reykjavík Arts Festival 18. maí - 3. júní



Borgarleikhúsið



EUROPEISKA
UNIONEN
Européiska
regionala
utvecklingsfonden



Interreg IVA
ÖRESUND - KATTEGAT - SKAGERRAK

TEATERDIALOG
ÖRESUND



norden
Nordisk Kulturfond



KØBENHAVNS KOMMUNE



teater
FAR
302

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. sótt, 6. gangþófi, 8. árstíð, 9. háttur, 11. skst., 12. fet, 14. land í Asíu, 16. kind, 17. gljúfur, 18. flott, 20. nudd, 21. hófdýr.

LÓÐRÉTT

1. kvenflik, 3. átt, 4. örvandi efni, 5. dýrahljóð, 7. sælgæti, 10. kvk nafn, 13. gróm, 15. innileikur, 16. þjálfari, 19. ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. ósku, 6. íl, 8. vor, 9. lag, 11. ft, 12. skref, 14. korea, 16. ær, 17. gl, 18. fín, 20. nú, 21. asni.
LÓÐRÉTT: 1. pils, 3. sv, 4. kaffein, 5. urr, 7. lakkrís, 10. gró, 13. erg, 15. alúð, 16. æfa, 19. nn.

Lokaorð um Nasa

BAKPANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Í byrjun júní á að loka skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. Nú stendur yfir hönnunarsamkeppni um skipulag svæðisins, sem er eflaust eftirsóttasti landskiki landsins fyrir utan Grímsstaði á Fjöllum. Kaupsýslumaður á húsið og vill ráðstafa því öðruvísi en það er gert í dag, en það á eftir að koma í ljós hvers konar hús rís á svæðinu. Tónlistarmenn hafa lagt hart að borginni að bjarga Nasa, en erfitt er að sjá hvernig á að fara að því án þess að punga út mjög mörgum milljónum af almannafé.



NASA er frábær tónleikastaður. Þar er hátt til lofta og vítt til veggja ásamt því að umkomuleiðirnar af rúmu dansgólfinu eru fleiri en gengur og gerist. Draumur tónlistarunnandans. Fyrir listamennina er staðurinn ekki síðri. Sviðið er rúmgott og í hæfilega mikilli hæð, hljóðkerfið er kraftmikið og baksviðsástaðan kyrfilega lokuð af. Sjálfur hef ég sótt staðinn sem áhorfandi og flytjandi (þó ég hafi reyndar aldrei staðið á sviði fyrir framan hóp af jafn hliðhollum áhorfendum og Páll Óskar eða Mugison) og get því auðveldlega sett mig í spor þeirra sem mótmæla lokun staðarins.

EINS sárt og það er að horfa upp á jafn frábæran tónleika-

stað hverfa, þá efast ég um að ekkert komi í staðinn. Nasa hefur verið til í núverandi mynd í tæp ellefu ár. Fullt af góðum hljómsveitum urðu til áður en Nasa opnaði og þær höfðu fullt af stöðum til að koma fram á. Þannig verður það, hvort sem það verður annað hótél við Austurvöll eða ekki.

AUÐVITAB verður ákveðin stemning til í húsum, en steypa, viðurinn, málmurinn og glerið á aðeins takmarkaðan þátt í því. Það er fyrst og fremst fólkið, sem mætir á tónleika, sem skapar stemninguna ásamt listamönnum sem koma fram. Ef Nasa verður rífið, þá skapar sama fólk sömu stemningu einhvers staðar annars staðar. Það er staðreynd, sama hversu mikla yfirburði Nasa hefur í blómstrandi tónleikasenu landsins.

MARGIR einblína á hvað kemur í staðinn og gagnrýna hugmyndir um mögulegan hótélrekstur. Ný hótél dreifast um Reykjavík á hraða njólans og kaupsýslumenn virðast sjá endalaus viðskiptatækifæri í slíkum rekstri. En gæti ekki verið að einhver svari háværu kalli neytenda um tónleikastað sem er sveittari en Rosenberg, með stemninguna af Gamla Gauk, stærri en Ellefan, minni en Hafnarhúsið, jafn kósí og Iðnó og ekki eins hress og Faktorý? Soldið eins og Harpan nema ekki eins stór, brothætt og ... fjármögnuð af almenningi?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Heiðruð af Billboard

Whitney Houston verður verðlaunuð á Billboard-tónlistarhátíðinni sem verður haldin í Las Vegas á sunnudaginn. Söngkonan sáluga fær hin svokölluðu Millenium-heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistarheimsins. Söngkonan Beyoncé fékk sömu verðlaun á síðasta ári.

Jordin Sparks og John Legend munu flytja lag til heiðurs Houston áður en verðlaunin verða afhent. Dóttir Houston, Bobbi Kristina Brown, og frænka hennar Pat Houston, taka við verðlaununum fyrir hönd söngkonunnar, sem lést í febrúar síðastliðnum, 48 ára gömul.



VERÐLAUNUÐ Whitney Houston fær verðlaun á Billboard-hátíðinni á sunnudaginn.

Obama syrgir diskódívu

Barack Obama Bandaríkjaforseti er á meðal þeirra sem hafa vottað Donnu Summer virðingu sína. Diskódívan er látin, 63 ára gömul, eftir baráttu við lungnakrabbamein.

„Rödd hennar var ógleymanleg. Tónlistariðnaðurinn hefur misst goðsögn alltof snemma,“ sagði Obama. Barbra Streisand, sem söng dúett með Summer í laginu No More Tears (Enough Is Enough), sagðist vera í miklu uppnámi vegna fráfalls hennar. Dolly Parton, Dionne Warwick, Kylie Minogue og Sir Elton John vottuðu henni einnig virðingu sína.

Meðal þekktustu laga Summer voru I Feel Love, Love To Love You Baby og State of Independence. Summer hét réttu nafni LaDonna Adrian Gaines. Hún hóf feril sinn í kirkjukórum áður en hún söng með hinum ýmsu hljómsveitum og lék í söngleikjum bæði heima í Bandaríkjunum og erlendis. Hún var ein vinsælasta söngkona áttunda áratugarsins þegar diskótímabilið var í miklum blóma. „Ég vissi alltaf að ég yrði söngvari,“ sagði hún í viðtali árið 1989.

Summer bjó á Flórída ásamt eiginmanni sínum og lætur hún eftir sig þrjár dætur.



LÁTIN Donna Summer er látin, 63 ára, eftir baráttu við lungnakrabbamein.

NORDICPHOTOS/GETTY

Kaupir villu í Beverly Hills

Kynnirinn í American Idol, Ryan Seacrest, ætlar að kaupa glæsivillu leikkonunnar Ellen DeGeneres í Beverly Hills fyrir um sex milljarða króna, samkvæmt vefsíðunni TMZ.com.

Talið er að Seacrest þeni um 5,7 milljarða króna á ári og ætti hann því að eiga fyrir húsinu og rúmlega það. Þessi glæsivilla er 9.200 fermetrar með þremur gestahúsum. Ekki er vitað hvenær Seacrest og kærastan hans Julianne Hough ætla að flytja inn. Kynnirinn setti fyrir á þessu ári eign sína í Hollywood-hæðum á söluskrá.



KAUPIR
GLÆSIVILLU
Ryan Seacrest ætlar að kaupa glæsivillu í Beverly Hills.



ÁNÆGD Kelly Preston var mjög ánægð með myndband eiginmanns síns.

Myndband á mæðradegi

Leikarinn John Travolta bjó til rómantískt myndband handa eiginkonu sinni Kelly Preston í tilefni af mæðradeginum. „Eiginmaðurinn minn Johnny steig sín fyrstu skref sem leikstjóri og bjó til myndband handa mér á mæðradaginn. Mér fannst það svo flott að mig langaði að deila því með ykkur,“ sagði Preston á heimasíðu sinni. Í hinu fjögurra mínútna myndbandi eru alls konar myndir, m.a. af syni þeirra Jett sem lést fyrir þremur árum. Lagið sem hljómar undir er That Face sem Barbra Streisand syngur. Þess má geta að báðir nuddararnir sem kærðu Travolta fyrir kynferðislega áreitni hafa dregið ásakanirnar til baka.

NÝTT KORTATÍMABIL

Sprengidagur

áfram alla helgina

út sunnudag

25%

AFSLÁTTUR

af öllum vörum

20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

LAMBALÆRI Á FRÁBÆ



1398 kr. kg

Lambalæri, ferskt



1398 kr. kg

Trönuberja og eplamarinerað



1398 kr. kg

Hvítlauks og rósmarín marinerað



25% afsláttur

1499 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Lambalærissneiðar



20% afsláttur

1758 kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg
Lambakötiletur



30% afsláttur

1189 kr. kg

Verð áður ~~1648~~ kr. kg
Grísahnakki á spjóti, þú velur: New York eða hvítlauks og rósmarín marineraður marineraðan

PIZZUR
úr kjötbordinu



Ferskar pizzur

Margarita, 320 g **489** kr.
Pepperoni, 345 g **559** kr.
Skinka, 350 g **559** kr.



229 kr. pk.

Stjörnusalat, 350 g



20% afsláttur

398 kr. pk.


Verð áður ~~498~~ kr. pk.
Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g

EXPO - www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og óeðla myndabreytingar



Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum Krónunnar



Nýtt kortatímabil!



RU VERÐI FYRIR ALLA!

1398 kr. kg
Grillkryddað



NÝTT
PIPARMARINERAÐ



1398 kr. kg
New York marinerað



1398 kr. kg

Lambalæri, piparmarinerað



35% afsláttur

259 kr. kg

Verð áður ~~398~~ kr. kg
Móa Buffalo-vængir í boxi, 800 g

2198 kr. kg

Krónu Piri Piri kjúklingabringur

40% afsláttur

2939 kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent

2 í pk.

398 kr. pk.

Ungnauta hamborgari 120 g, 2 í pk.

549 kr. pk.

Maarud flögur, með salti eða papriku, 250 g

79 kr. stk.

Pepsi, Pepsi Max, appelsín, 7 Up og Mountain Dew, 33 cl dósir



Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

LIST ÁN LANDAMÆRA LÝKUR Síðasti viðburður hátíðarinnar Listar án landamæra verður í dag klukkan 15.00 í Smámunafinu í Eyjafirði en þá verður formleg afhjúpun á Sámi smámunaverði sem hópurinn Geðlist gerði. Sami hópur á heiðurinn að Safnverðinum sem gætur Safnasafnsins á Svalbarðsströnd og Skógarverðinum sem gætur Kjarnaskógar. Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, afhjúpar verkið.



MAX KESTNER HEIÐURSGESTUR

Danski leikstjórinn Max Kestner verður heiðursgestur Skjaldborgar í ár. Kestner útskrifaðist úr Danska kvikmyndaskólanum 1997 og hefur hlotið ýmis verðlaun fyrir myndir sínar. Á hátíðinni sýnir hann tvær mynda sinna: Rejsen på ophavet eða Ferðin að upphafinu og Drømme i København eða Drauma í Kaupmannahöfn, en íslenski tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson gerði meðal annars tónlistina við síðarnefndu myndina.

„Við erum dálítið að bregða út af venjunni,“ segir Tinna. „Hingað til höfum við yfirleitt notað tækifærið og heiðrað leikstjóra fyrir framlag þeirra til heimildamyndagerðar, en í þetta sinn erum við með heiðursgest sem er í farabroddi í því sem er að gerast í heimi heimildarmyndagerðar.“

Kestner tilheyrir mjög áhugaverðum skóla, sem leggur áherslu á að heimildarmyndir séu listform sem snúist um tjáningu listamannsins en ekki skrásetningu raunveruleikans. Hann beinlínis hafnar því að heimildarmynd gefi endurspeglis raunveruleikann.“



JANUS BRAGI JAKOBSSON OG TINNA OTTESEN eru potturinn og pannan í heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg á Patreksfirði. Tinna segir sérstaka stemningu ríkja á hátíðinni og aðstæður bjóða upp á nána samræðu um heimildarmyndagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kórstjóri óskast

Sönghópurinn Norðurljós, sem er blandaður áhugamannakór á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir kórstjóra.

Umsóknir skulu berast fyrir 4. júní.

Áhugasamir hafi samband við:
Margrét, gsm 898 5068
Netfang: majasigrun@gmail.com

SKJALDBORGIN ÞÉTTIST

Heimildarmyndahátíðin Skjaldborg verður haldin í sjötta sinn á Patreksfirði um næstu helgi. Rúmlega 20 myndir verða frumsýndar, þar af nokkrar erlendar verðlaunamyndir.

Rúmlega tuttugu fullunnar heimildarmyndir og verk í vinnslu verða frumsýnd á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg, sem haldin verður á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina, 25. til 27. maí næstkomandi.

Þetta er í sjötta sinn sem hátíðin er haldin. Hún hefur smám saman fest sig í sessi sem einn mikilvægasti vettvangur heimildarmynda hér á landi, enda hafa aldrei fleiri umsóknir borist en í ár.

Tinna Ottesen og Janus Bragi Jakobsson eru potturinn og pannan í skipulagningu Skjaldborgar. „Það sem er sérstaklega ánægjulegt er að við fáum fjölda mynda frá fólki sem er að gera sín fyrstu mynd sem og reynsluboltum sem hafa unnið í faginu árum ef ekki áratugum saman, til dæmis Páli Steingrímssyni, Árna Sveinssyni og Steingrími Birgissyni, sigurvegaranum frá því í fyrra,“ segir Tinna.

Erlent samstarf

Meðal nýmæla á hátíðinni í ár er aukin áhersla á erlendar myndir en Skjaldborg er nú komin í samstarf við dönsku heimildarmyndahátíðina CPH:DO, einni áhrifamestu hátíð sinnar tegundar í Evrópu og sýnir tvær verðlaunamyndir frá henni.

„Auk þess að sýna það besta sem er að gerast í innlendri heimildarmyndagerð viljum við líka að fólk fái nasasjón af því besta sem er að gerast erlendis,“ segir Tinna. „Við teljum að það geti ýtt undir ákveðið samtal sem stuðlar að þróun í íslenskri heimildarmyndagerð.“

Þar að auki eykur samstarf við erlendar hátíðir möguleika íslensku myndanna á að komast á flakk út um heim. Framtíðarmarkmiðið er að komast í fleiri samstarfsverkefni þannig að fleiri íslenskar heimildarmyndir fái útbreiðslu fyrir tilstilli Skjaldborgar.“ Dagskráin sem slík leng-

KÓNGUR, LÓAN OG KRAFTAJÖTNAR

Rúmlega tuttugu heimildarmyndir, bæði fullunnar og í vinnslu, verða sýndar í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði 25. til 27. maí. Þar á meðal eru:

Draumurinn um veginn – Gengið til orða

Þriðji hluti af fimm í kvikmyndabálki sem fjallar um pílagrímsgöngu rit höfundarins Thors Vilhjálmssonar til heilags Jakobs á Norður-Spáni. Leikstjóri er Erlendur Sveinsson.

Hrikalegir

Steve Gym er gamalgróin lyftingastöð íslenskra kraftlyftinga, þar sem þjálfarinn Steve (Stefán Hallgrímsson) hefur í fjóra áratugi þjálfað sterkustu menn landsins, auk öryrkja og kynlegra kvista miðbæjar Reykjavíkur. Leikstjóri er Haukur Valdimar Pálsson.

Óskín

Bubbi Morthens fór í stúdíó í janúar á þessu ári til að leggja drög að nýrri plötu. Þetta átti að vera nokkurs konar endurkoma sagnaskáldsins og trúbadoraðsins Bubba, sem var hans helsta einkenni í upphafi ferilsins. Leikstjórinn Árni Sveinsson fékk að fylgjast með og útkoman er portrett af manni sem flestir hafa skoðun á en færstir þekkja.

Spóinn var að vella

Spóinn er einn þeirra fugla sem er samgróinn íslenskrri þjóðarvitund. Hann kemur á hverju vori og hverfur aftur suður á bóginn að hausti. Stutt

er síðan menn komust að því hvert hann fer þá, en hann eyðir vetrardögum í Vestur-Afríku. Leikstjóri er Páll Steingrímsson.

Hvernig er þín týpa?

Myndin fjallar um leturhönnun og mikilvægi hennar. Í myndinni verður kafað inn í heim leturnörða, erlendra og íslenskra. Leikstjórar eru Bára Ösp Kristgeirsdóttir og Ingibjörg Ásmundsdóttir.

Ljóðræn heimildarmynd

Í myndinni verður farið yfir heilt ár í lífi hljómsveitarinnar Sudden Weather Change. Leikstjóri er Loji.

Fjallkonan hrópar á vægð

Mynd um áhrif lausagöngu búfjár og áhrif hennar á gróður- og jarðvegs-eyðingu hér á landi. Leikstjórar eru Jón Karl Helgason og Herdís Þorvaldsdóttir, sem hefur látið þennan málaflökk sig varða árum saman.

Crucic: The Path to Beyond

Hreyfi-heimildarmynd í fullri lengd um Claudio Crucic, 33 ára Rúmena sem deyr í hungurverkfalli í pólsku fangelsi. Hlaut Amnesty Award 2012 á CPH:DOX.

Two Years at Sea

Fylgst er með Jake, sem hefur slitið sig frá umheiminum og komið sér fyrir í hjólhýsi í skoskum skógi. Hlaut aðalverðlaun CPH:DOX 2012.

ist ekki við þessa breytingu en verður þéttari að sögn Tinnu.

Hundrað gesta leggja að jafnaði leið sína á Skjaldborgarhátíðina, margir fara á hverju ári. Tinna segir það hafa ýmsa kosti að halda kvikmyndahátíð í þorpi í tæplega 400 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni.

„Höfuðkosturinn er auðvitað þessi nálægð sem myndast á milli þátttakenda og gesta. Á hátíðum í Reykjavík fer fólk yfirleitt í bíó og svo heim að hugsa um hvað það eigi að hafa í matinn. Þarna skapast ákveðin stemning þar sem fólk á í náinni og „konsent-reraðri“ samræðu um heimildarmyndir, sem getur leitt ýmislegt af sér.“

Á hátíðinni í fyrra voru margar áberandi góðar myndir. Var það einfaldlega óvenjugott ár eða til marks um að íslenskar heimildarmyndir séu almennt að verða betri og betri?

„Ég skal ekki segja, kannski sambland af hvoru tveggja,“ segir Tinna. „Það hefur loðað við heimildarmyndir í gegnum tíðina að þær séu fyrst og fremst myndskreyttar ritgerðir. En ég held að það viðhorf sé sem betur fer á undanhaldi og að almennt sé farið að líta á heimildarmyndir sem alvöru kvikmyndagerð og sjálfstætt listform.“

Dagskrá og viðburði á Skjaldborg má nálgast á skjaldborg.com. bergsteinn@frettabladid.is

HÁDEGISTÓNLEIKAR
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÞRIÐJUDAGINN 22. MAÍ KL. 12.15



STÚLKAN Á HEIÐINNI

- HAUGTUSSA -
EFTIR EDVARD GRIEG

HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR, SÓPRAN
ANTONÍA HEVESI, PÍANÓ

AÐGANGUR
ÓKEYPIS



WWW.OPERA.IS

ÍSLENSKA ÓPERAN

Edda Heiðrún sýnir í Englandi

Listasjóður Ólafar Pétursdóttur, sem var stofnaður í maí 2008 til minningar um Ólöfu Pétursdóttur dómsstjóra til að styðja við hvers konar listsköpun hreyfihamlaðra einstaklinga, veitir í ár tvo styrki, báða tengda vinnusmiðju og sýningu listamanna innan samtakanna The Association of Mouth and Foot Painting Artists Worldwide.

Árlegan styrk sjóðsins, 500.000 krónur, hlýtur Derek K. Mundell, myndlistarmaður og leiðbeinandi í myndlistarkennslu, til að kanna nýjar leiðir í tækni og aðferðum hreyfihamlaðra við listmálun, kynna þær upprennandi lista-

mönnum og til að vinna með öðrum hætti að framgangi þessa þarfa málefnis.

Derek mun sækja vinnusmiðju ofangreindra samtaka í Winchester í Englandi sem leiðbeinandi og gefst þar tækifæri til að kynna listsköpun þeirra sem beita pensli sem haldið er í munni eða á milli tanna.

Ferðastyrk úr sjóðnum, 250.000 krónur, hlýtur Edda Heiðrún Backman, myndlistarmaður og fyrrum leikstjóri og leikkona. Henni hefur verið boðið að halda sýningu á verkum sínum hjá samtökunum og taka þátt í vinnustofu þeirra í Winchester.



STYRKPEGAR Friðrik Pálsson, eiginmaður Ólafar Pétursdóttur heitinnar, afhenti þeim Eddu Heiðrúnu Backman og Derek K. Mundell styrkina.

Guð fær greitt í dollurum

Magnús Helgason opnar sýningu sína Guð fær greitt í dollurum í Galleríi Þoku, nýju galleríi sem staðsett er í kjallara verslunarinnar Hríms við Laugaveg 25, í dag, laugardaginn 19. maí, klukkan 17. Sýningarstjóri er Aldís Snorradóttir.

Í tilkynningu segir að Magnús sýni „komposisjónir, það er, smekklega uppráðar tréplötur með fortíð. Undirliggjandi verkunum eru hugsanir um útmáða fortíð, græðgi, óskuský, efasemdir Guðs, beinar línur og peninga. Verk Magnúsar þarfnast ekki langra útskýringa og eiga að hæfa áhorfendur beint í hjartastað.“

Sýningin stendur yfir til 24. júní og eru allir velkomnir.



TRÉPLÖTUR MEÐ FORTÍÐ Sýning Magnúsar Helgasonar í Galleríi Þoku stendur yfir til 24. júní.



BACH Kammersveitin leikur svítur tónskáldsins undir stjórn Richards Egarr.

Svítur Bach í Eldborgarsal

Kammersveit Reykjavíkur heldur sína fyrstu tónleika í Eldborg á morgun, sunnudaginn 20. maí, klukkan 20 á Listahátíð í Reykjavík, en þeir verða jafnframt fyrstu tónleikarnir sveitarinnar sem að öllu leyti eru helgaðir Jóhanni Sebastian Bach. Kammersveitin leikur Hljómsveitar-svíturarnar fjórar, sem jafnan teljast meðal mestu snilldarverka tónskáldsins.

Kammersveitin leikur svíturarnar undir stjórn Richards Egarr, sem þekktur er fyrir sérlega líflega túlkun barokktónlistar. Egarr er aðalstjórnandi Academy of Ancient Music í London og er eftirsóttur stjórnandi hjá hljómsveitum um allan heim en sem einleikari er hann jafnvígur á sembal, orgel og píanó.



LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR Tilnefnt til Safnaverðlauna fyrir heimasíðu sína.

Þrjú tilnefnd til Safnaverðlauna

Þrjú söfn og verkefni hafa verið tilnefnd til Safnaverðlaunanna 2012.

Byggðasafn Suður-Þingeyinga hlaut tilnefningu fyrir endurnýjun á grunnsýningu í Safnahúsinu á Húsavík, Listasafn Einars Jónssonar fyrir heimasíðu vel tengda hlutverki safnsins og markmiðum og Rannsókn- og varðveislu-sviði Þjóðminjasafns Íslands, fyrir Handbók um varðveislu safnkosts.

Íslandsdeild ICOM (Alþjóðaráðs safna) og Félag íslenskra safna og safnmanna standa saman að verðlaununum, sem eru veitt annað hvert ár. Tilkynnt verður hver hreppir hnossið á íslenska safnadaginn 8. júlí.

Við bjóðum 20% afslátt á Pétur Gaut



Íslandsbanki styrkir með stolti Listahátíð í Reykjavík

Listahátíð í Reykjavík
18. maí - 3. júní 2012



Viðskiptavinir Íslandsbanka fá afslátt á verðlaunasýningu

Leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarsson hefur hlotið mikið lof um alla Evrópu fyrir uppfærslu sína á Pétri Gaut.

Sýningin var frumsýnd í Luzern í Sviss haustið 2010 við frábærar viðtökur og var í kjölfarið valin besta þýskumælandi sýning ársins af gagnrýnendum og áhorfendum á nachtkritik.de.

Íslandsbanki býður viðskiptavinum sínum 20% afslátt af miðaverði á þessa frábæru sýningu.

Greiða skal með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551 1200 eða midasala@leikhusid.is til að fá afsláttinn.

Tilboðið gildir ekki í netsölu.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Sokkabuxnavefur og aðrar innsetningar

Samstarf í samtímamyndlist er meginþema myndlistarverkefnisins „Sjálfstætt fólk“. Sýningar undir þeim hatti opna allar í dag. Meðal sýningarstaða er Hafnarhúsið en þar má meðal annars sjá verk eftir Gjörningaklúbbinn, Jónu Hlíf Halldórsdóttur, Hlyn Hallsson og fleiri.

„Sjálfstætt fólk“ eða (I)ndependent People er heiti umfangsmikils myndlistarverkefnis sem Listahátíð í Reykjavík stendur fyrir í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið, Norræna húsið, Kling og Bang og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Þátttakendur eru myndlistarmenn frá Íslandi, Norðurlöndunum, Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og er áherslan á samstarf í samtímamyndlist.

Sýningarstjóri verksins er Jonatan Habib Engqvist og fékk hann yfir hundrað listamenn til þess að vinna verk saman, bæði listamenn sem hafa áður unnið saman og aðra sem eru að vinna saman í fyrsta sinn.

Þess má geta að á morgun verður haldið málþing í tengslum við „Sjálfstætt fólk“, í Norræna húsinu. Málþingið hefst klukkan eitt.



SOKKABUXNAVEFUR Sokkabuxnainnsetning Gjörningaklúbbsins hefur verið strengd yfir anddyri Hafnarhússins. Verkið ber heitið Sokkabuxnavefur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HLUSTENDA VERÐIAUN FM957

SJÁUMST Í HÖRPU
2. JÚNÍ 2012

STÓRSKOTALIÐ
SKEMMTIKRAFTA

JÓN JÓNSSON, FRÍÐRIK DÓR, SYKUR, DIKTA,
GABRÍEL, OPEE, VALDIMAR, UNNSTEINN MANÚEL,
SVERRIR BERGMANN, TINY OG EMMSJÉ GAUTI
KYNNIR BJÖRN ÞRÁGI

MIÐASALA Í FULLUM GANGI
Á HARPA.IS

KJÓSTU Á FM957.IS
NÆLDU ÞÉR Í BOÐSMIÐA
Á FM957

FM957

TRAMP



HRINGTORG



PRJÓNAHÚSIÐ Mynd af eldhúsinu úr prjónahúsi Elinar Strand Ruin & The New Beauty Council. Verkefnið er unnið í samstarfi við Listaháskóla Íslands og íslenska prjónaklúbba.

OPNANIR FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS

Sýningar sem tengjast myndlistarverkefninu „Sjálfstætt fólk“ opna allar í dag, sú fyrsta klukkan tíu og sú síðasta klukkan níu í kvöld.

10.00: Litla-kaffistofan á Suðurlandsvegi
The Artist Formerly Known as Geist.

11.00: Listasafn Árnesinga í Hveragerði
Horizonic, sýningarstjórar: Emeline Eudes & Ásdís Ólafsdóttir.

13.00–15.00: Listasafn Íslands
AIM Europe, Box, IC-98 + Mikael Brygger & Henriikka Tavi, No Gods, No Parents (UKS), NÝLÓ + Archive of Artist Run Initiatives, Sofía Hultén & Ivan Seal.

Norræna húsið
Learning Site, Superflex, The Awareness Muscle Team.

14.00–16.00: Myndhöggvarafélag Íslands Nýlendugötu 15
Endemi.

ið, galleri
Margrét H. Blöndal & Silvia Bächli, Sýningarstjóri: Chris Fite-Wassilak.

15.00–17.00: Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús
Anonymous, Elin Strand Ruin & The New Beauty Council, Goksøyr & Martens, Institut for Degeneret Kunst, Jóna Hlíf Halldórsdóttir & Hlynur Hallsson, Kling & Bang, Nomedá & Gediminas Urbonas + MIT 4.333, Raflost & Steina, The Icelandic Love Corporation, The Leyline Project, Útúrdúr.

16.00–18.00: Listasafn ASÍ
Rúri & Gunnlaugur M. Einarsson, Wooloo, IC-98.

17.00–19.00: Kling & Bang, galleri
1857, A Kassen.

Kaffistofan
Nemendagalleri

NÝLÓ Nýlistasafnið
Melissa Dubbin & Aaron S. Davidson.

21.00: Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, portíð
Raflost & Steina, The Arduino group og Hestbak.



KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa gull, gullpeninga og gullskartgripi. Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Opið alla helgina frá kl. 10 til 18

Skoðunarkannanir sýna að við borgum best, gerið verðsamanburð.

Verið velkomin



Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000
Pósthússtræti 13 101 Reykjavík

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 19. maí 2012

Fundir

11.30 Vigdís Hauksdóttir alþingismaður verður gestur á síðasta laugardagsspjalli Framsóknarflokksins í vetur. Þar mun Vigdís fjalla um spurninguna: „Eru spurningar um stjórnarskrána skiljanlegar?“ Fundurinn er haldinn í húsaáskynnum Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33.



Hönnun

14.00 Ingibjörg Helga Ágústsdóttir fatahönnuður opnar sýninguna Mál er að mæla í Listasal Mosfellsbæjar. Sýningin er unnin í samstarfi við Bókasafn og Listasal Mosfellsbæjar en verkin eru undir áhrifum þjóðsagna og bókverka.

Söfn

13.00 Náttúrugripasafn Seltjarnarness er 30 ára um þessar mundir og verður að því tilefni opið almennungi í dag. Safnið er til húsa í Valhúsaskóla. Einnig verður myndin Lífríki í landi Seltjarnarness sýnd í skólanum og boðið upp á fugla-skoðunarferð undir leiðsögn Jóhanns Óla Hilmarssonar fuglafræðings klukkan 14.

Umræður

14.00 Heimspekikaffihúsið á Horninu, Hafnarstræti, 15. Umræðuefnið er: Af

hverju komumst við ekki að niðurstöðu? Allir velkomnir.

Opíð Hús

13.00 Ýmsir listamenn sýna verk sín á opnu húsi í Hæðagarði 31. Opíð er til klukkan 18.

Tónlist

22.00 Mugison og félagar slá upp sumargiggi á Nasa við Austurvöll. Miðaverð er kr. 2.000.

Myndlist

11.00 Sýningin Horizonic verður opnuð í Listasafni Arnesinga í Hveragerði. Við opnunina flytja grænlenku listamennirnir Jessie Kleemann og Iben Mondrup gjörming. Sýningin er liður í Listahátíð í Reykjavík en var skipulögð af ARTnord tímaritinu.



13.00 Sýningin Netverk bókverka verður opnuð í Norræna húsinu. Á sýningunni eru valin bókverk úr safneignum Listaháskóla Íslands og Nýlistasafnsins. Sýningin er í tengslum við ráðstefnuna Art in Translation og Sjálfstætt fólk á Listahátíð í Reykjavík.

15.00 Sýningin Kling & Bang, The Demented Diamond of Kling & Bang's Confected Video Archive, verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. Sýningin samanstendur af vídeóverkum sem Kling & Bang hefur safnað markvíst síðan 2009.



16.00 Þrjár sýningar úr sýningarverkefni Sjálfstæðu fólki verða opnaðar í Listasafni ASÍ. Í Ásmundarsal opnar Rúri sýninguna Kortlagning framtíðar. Í Arin-stofu verður sýnt kvikmyndaverk IS-98 - A View from the Other Side. Í Gryfjunni frumsýnir listahópurinn Wooloo heimildarmyndina New Life Horbelev.

17.00 Sýningin Volumes for Sound eftir bandarísku listamennina Melissu Dubbin & Aaron S. Davidson verður opnuð í Nýlistasafninu. Þar munu Dubbin og Davidson ásamt bandaríska tónlistamanninum Shawn Onsgard flytja hljóðverk, en saman koma þau fram undir nafninu Three Planes of Silver.

17.00 Sýningin Texti um listaverk er sjálfstætt verk eftir Katrínu I. Jónsdóttur Hjördisardóttur verður opnuð í Artíma gallerí, Skúlagötu 28. Sýningin stendur til 27. maí.



19.30 Þórdís Björnsdóttir opnar í nafni Emmalyn Bee sýninguna Fóru þá Móse-bækur í Norðurpólnum Seltjarnarnesi. Þetta er innsetningarverk sem felur í sér ljósmyndaseríu, innrammað ljóð í fimm hlutum og skúlptúr.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

SÖSTRENE GRENE



ANNA OG CLARA OPNA NÝJA VERSLUN Í
KRINGLUNNI
ÞANN 25. MAÍ - KL.10.00

SÖSTRENE GRENE, KRINGLAN 4-12, 103 REYKJAVÍK



Finnið nýjar hugmyndir á bloggsíðu okkar:
www.sostrenegrene.dk

HVÆÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 20. maí 2012

→ Tónleikar

14.00 Kammersveit Reykjavíkur flytur Bach svíturarnar í Eldborgarsal Hörpu. Stjórnandi er Richard Egarr. Tónleikarnir eru hluti af Listahátíð í Reykjavík.

17.00 Vortónleikar Kvennakórs Reykjavíkur verða haldnir í Fella- og Hóla-kirkju. Miðaverð er kr. 3.500.

17.00 Sinfóníuhljómsveit áhugamanna efnir til tónleika í Seltjarnneskirkju og fær til sín góða gesti. Selkórinn syngur með hljómveitinni og Einar Jóhannesson klarinettuleikari leikur einleik. Stjórnandi á tónleikunum er Oliver Kentish. Aðgangseyrir er 2000 krónur en afsláttarverð er 1000 krónur fyrir nemendur og eldri borgara. Fritt fyrir börn.

20.00 Pianóleikarinn Arcadi Volodos heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu. Tónleikarnir eru hluti af Listahátíð í Reykjavík.

23.00 Hljómsveitin Samsara heldur tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

→ Leiklist



17.00 Brúðuleikhúsverkið Gamli maðurinn og hafið eftir Bernd Ogrodnik verður sýnt í Þjóðleikhúsinu. Verkið er hluti af Listahátíð í Reykjavík.

→ Síðustu Forvöð

10.00 Sýningarlok á sýningunni Antoni Tàpies - Mynd, líkami, á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni getur á að líta málverk frá rúmlega sjö áratuga ferli katalónska listamannsins Antoni Tàpies. Sýningin á Kjarvalsstöðum er sú fyrsta sem opnuð var eftir andlát hans í fyrra.

→ Söfn



14.00 Boðið er upp á leiðsögn á ítölsku um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins Þjóð verður til -saga og menning í 1200 ár. Leiðsögnin er áhugasömum að kostnaðarlausu. Domenica 20 maggio il Museo Nazionale d'Islanda offre una visita guidata in italiano all'esposizione permanente Formazione di una Nazione - Storia e cultura nell'arco di 1200 anni. La guida inizia alle ore 14:00 ed è gratuita.

→ Opið Hús

13.00 Ýmsir listamenn sýna verk sín á opnu húsi í Hæðagarði 31. Opið er til klukkan 18.

→ Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn Stangarhlý 4. Danshljómsveitin Klassik leikur léttu danstónlist til kl 23.00. Aðgangseyrir er kl 1.500 en kr 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

→ Málþing

13.00 Alþjóðlegt málþing verður haldið í tengslum við myndlistarverkefnið Sjálfstætt fólk í Norræna húsinu. Verkefnið er liður í Listahátíð í Reykjavík. Aðgangur er ókeypis.

→ Tónlist

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur klassískt rokk af plötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da Frakkastíg til klukkan 20. Aðgangur ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Händel í Langholtskirkju

Kór Langholtskirkju flytur Messías eftir Händel í Langholtskirkju annað kvöld, sunnudaginn 20. maí, klukkan 20. Kammersveit Langholtskirkju leikur með og einsöngvarar eru allir úr röðum kórfélaga. Konsertmeistari er Ari Þór Vilhjálmsson og stjórnandi Jón Stefánsson.

Kórinn flutti verkið fyrst 1981 en þetta verður í 24. skiptið sem kórinn syngur verkið á tónleikum. Síðast var verkið flutt á fimmtíu ára afmæli kórsins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá voru kórfélagar 126 talsins en í þetta sinn eru þeir þrjátíu og tveir, átta í hverri rödd. Stefna kórsins er að kórfélagar syngi öll einsöngshlutverk. Á tónleikunum syngja tíu kórfélagar einsöng en þeir eru allir komnir langt í söngnámi.

Messías er eitt mesta kórverk tónbókmenntanna og sennilega er ekkert verk flutt jafn oft, en Händel samdi það á þremur vikum árið 1741.



HÄNDEL Kór og Kammersveit Langholtskirkju hafa æft stíft fyrir tónleikana annað kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Afmælishátíð krakkanna í dag!



Barnafataverslunin okkar í Bankastræti 9 á afmæli í dag. Tilboð, blöðrur, sundpokar og blöðrulistamaður á milli 14 og 16.



20% afsláttur
Bensimon skór



20% afsláttur
Rán vindjakki



20% afsláttur
Rán barnakápa



20% afsláttur
Lóa sett



Mitt kort

ALLIR MÁNUÐIR ÁRSINS EIGA AÐ VERA

SKEMMTILEGIR...

ÞÚ HEFUR ÞETTA ALLT Í HENDI ÞÉR



30%

100
miðar

- 10 kr.



50%

SÉR
TILBOÐ

20%

TILBOÐ



HRINGTORG
& Kortið



Fríðindi



Viðburðir



Bíó



Flug



Matvara



Útgáfutónleikar Bubba

30% afsláttur í boði fyrir korthafa á útgáfutónleika Bubba í Austurbæ og Hofi. Takmarkað magn miða á þessum afslætti. Nánar á midi.is.

Hlustendaverðlaun FM957

Þú getur unnið miða á Hlustendaverðlaun FM957. Fylgstu vel með á Facebook síðu Hringtorgs, hlustaðu á FM957 og þú gætir unnið miða.



HLUSTENDA
VERÐLAUN
FM957
Í HÖRPU 2.JÚNI


Orkan og Shell

Þú færð sérkjör með Orku-lyklinum á bensínstöðvum Orkunnar og Shell og 10 kr. afslátt á lítrann í fyrstu 4 skiptin sem þú notar Orku-lykilinn. Fáðu þér Hringtorgs Orkulykilinn.



Berlín á 29.900

Fram og til baka, með sköttum og gjöldum. 20 sæti í boði. Fyrstir koma, fyrstir fá! Vinsamlega hafið samband við söluskrifstofu Iceland Express í síma 560 0600.



Laugarnar í Reykjavík

Korthafar fá 50% afslátt í sund.



Hamborgarafabrikkan


8 kjúklingavængir fylgja öllum seldum hamborgurum og aðalréttum á mánudögum og þriðjudögum.



ISLENSKA
HAMBORGARA
FABRIKKAN


Laundromat

20% af matsæðli í allt sumar.



Sambíóin

Korthafar fá miða á myndina The Lucky One á aðeins 600 kr. ef miði er keyptur á sambio.is



Sækja fyrir
Android



Sækja fyrir
iPhone

 Arion banki



20 MÍNÚTNA SKOKK þarf til að ná af sér hálfum lítra af bjór, en hálfur lítri inniheldur að meðaltali 195 kalóríur. Einnig getur maður gengið í 40 mínútur eða hjólað í 20 mínútur fái maður samvískubít yfir bjórdrýkkju.

Beðið eftir Godot

Tragikómédia í tveimur hlutum eftir Samuel Beckett

Kvenfélags GARPUR
Styrkt af Menntamálaráðuneytinu.

Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

Er meyjaraftið mýta?

? Sæl, Sigga Dögg. Ég las greinina þína um mýtuna um þröngu þíkuna og var mjög hrifin.

Mig langaði að spyrja þig um eitt, því þú segir að við fyrstu samfarir séu leggöng oft þröng vegna órofins meyjarafts. Ég varð snemma mjög áhugasöm um þetta fyrirbæri, meyjaraftið, því fátt held ég að hafi valdið konum meiri vandræðum í gegnum aldirnar.

Ég rakst af tilviljun á bækling á netinu gefinn út af sænska heilbrigðisráðuneytinu. Þar var staðhæft að meyjaraftið væri mýta. Þar stóð að í leggöngum kvenna væri vissulega líkamsvefur, en hann væri hringlaga og lægi ekki þvert yfir leggöngin eins og haft. Upp á ensku var þetta kallað *vaginal corona*. Þar af leiðandi væri ekki hægt að rjúfa meyjaraftið, og blæðingar við samfarir stöfuðu því alltaf af því að konan væri ekki reiðubúin.

Ef þetta er satt, gætirðu þá notað stöðu þína til að breiða þessa vitneskju út? Það væri svo frelsandi fyrir ungar stelpur að vita að meydómur er ekkert áþreifanlegra fyrirbæri en sveindómur og að þær geta gert nákvæmlega sömu kröfur og strákar til þess að fyrsta skiptið þeirra sé sársaukalaus og ánægjulegt.

SVAR: Ég þakka hólið. Ég las bæklinginn sem þú vísar í og vissulega er það mjög mikilvægt að fræða ungar konur og drengi um staðreyndir málsins.

Meyjaraftið er himna sem getur verið mismunandi í laginu og hulið leggangaopið að hluta til eða alveg. Himnan getur gefið eftir og teygst en hún getur líka auðveldlega rofnað við áreynslu eins og að hjóla. Þegar á ung-



MIKILVÆG FRÆÐSLA Mikilvægt er að fræða ungt fólk um staðreyndir í sambandi við líkama þeirra.

Pað sem hefur valdið okkur vandræðum er þessi tenging himunnar við sönnun um hreinleika og óspjallaða mey.

SIGGA DÖGG
KYNFRÆÐINGUR

lingsaldur er komið þá er því oft lítið eftir af henni. Himnan getur verið misþykk og sumar fæðast alls ekki með hana.

Sumar konur upplifa sársauka, og blæðingu, við fyrstu samfarir út af himnunni (sér í lagi ef hún er þykk) en einnig ef þær eru stressaðar og kannski ekki tilbúnar. Stúlkur geta sjálfar rofið meyjaraftið með því að stinga fingri inn í leggöng og þá eru áhyggjur af því frá. Það breytir því þó

ekki að fyrstu samfarir geta verið sársaukafullar, einmitt út af því að þær eru ekki tilbúnar og þíkan ekki nægjanlega blaut. Það sem hefur valdið okkur vandræðum er þessi tenging himunnar við sönnun um hreinleika og óspjallaða mey. Ef allir vissu að það væri bull þá væri enginn að þæla neitt sérstaklega í meyjaraftinu. Það er í raun ekkert merkilegra fyrirbæri en eyrnamergur.

Ég þakka ábendinguna, kæri lesandi og ætla að sjá til þess að þessi fræðslumoli komist til skila í þeirri kynfræðslu sem ég sinni.

KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!

Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



VELDUR HEILAHRISTINGI Það að skalla boltann getur orsakað heilahristing. Fótballkonur fá frekar heilahristing en fótballmenn.

Fótballkonur fá frekar heilahristing

HEILSA Leikmenn í bandarískum fótballa eru líklegastir til að fá heilahristing við íþróttaiðkun sína, en næst á eftir þeim er knattspyrnufólk líklegast til að hljóta höfuðhögg. Á einum áratug hefur fjöldi heilahristingstilfella í fótballa aukist um 58 prósent.

Bob Cantu, læknir við Emerson sjúkrahúsið í Massachusetts, segir fótballafólk fá heilahristing af því að skalla boltann. „Þetta er heilahristingsfaraldur. Fá íþróttafólk

reglulega heilahristing getur það orðið til þess að það hljóti varanlegan skaða af,“ sagði Cantu í viðtali við NBC.

Það vakti jafnframt athygli að heilahristingstilfelli eru fleiri meðal fótballakvenna en karla auk þess sem þær eru lengur að jafna sig eftir höfuðhögg en þeir. Áhyggjur Cantu voru slíkar að hann lagði til að fótballamönnum yrði alfarið bannað að skalla boltann.



ÓFRÍSK Megrún telst ekki vera hættuleg fyrir barnshafandi konur.

Megrún ekki hættuleg

HEILSA Megrún á meðgöngu er ekki hættuleg fyrir konur og felur ekki sér neina áhættu hvað fóstrið varðar. Þetta kemur fram í grein í tímaritinu *The British Medical Journal*. Þar voru skoðaðar niðurstöður úr 44 rannsóknum sem höfðu áður verið gerðar og tóku rúmlega sjö þúsund konur þátt í þeim.

Samkvæmt grein sérfræðinga tímaritsins er best fyrir ófrískar konur að borða hollan mat og borða ekki fyrir tvo. Það kemur í veg fyrir aukakíló og dregur úr hættunni á einhvers konar vandræðum.

Þessar niðurstöður varðandi megrunina eru í mótsögn við ráðleggingar frá NICE-heilbrigðisstofnuninni í Bretlandi frá árinu 2010, samkvæmt BBC. Þar sem ekki er mælt með megrun fyrir barnshafandi konur því hún geti skaðað fóstrið.

BYLGJAN
989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

FANTA GOTT FORM

BRENNSLA - STYRKUR - SNERPA

6 vikur - fyrir konur og karla

FGF námskeiðið hefur náð miklum vinsældum. Æfingakerfið byggist á einföldum æfingum sem þjálfa upp þol, styrk og snerpu á skjóttan og hnitmiðaðan hátt. Grunnbrensla eykst og í hverjum tíma myndast eftirbruni í líkamanum sem gerir það að verkum að hitaeiningabrennslan heldur áfram á auknum hraða í nokkrar klukkustundir eftir að æfingu lýkur.

Skráðu þig á þetta öflugna námskeið og vertu í fanta góðu formi. Það er aldrei of seint að skora á sjálfa/n sig og komast í sitt besta form.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

Sjáðu hvað þátttakendur segja um námskeiðið á www.hreyfing.is/namskeid



64 ÁR FYLLIR FYRIRSÆTAN, tónlistarkonan og töffarinn Grace Jones í dag. Þrátt fyrir að vera að nálgast sjötugt er Jones í fullu fjöri og spilaði til að mynda á Hróaarskelduhátíðinni árið 2009 í nælonsokkabuxum og samfellu.



30 ROCK Gamanþættirnir ljúka göngu sinni á næstunni.

30 Rock að hætta

Bandarísku gamanþættirnir 30 Rock ljúka göngu sinni eftir að sjöundu þáttaröðinni lýkur á sjónvarpsstöðinni NBC. Áhorf á þættina hefur dvínað töluvert og núna horfa á þá að meðaltali 3,5 milljónir bandarískra áhorfenda. Á sama tíma hefur áhorf á Modern Family og Glee verið mun meira.

Höfundur 30 Rock er Tina Fey, sem fer einnig með aðalhlutverkið á mótum Alec Baldwin. Þættirnir eru að stórum hluta byggðir á starfi Fey við grínþættina Saturday Night Live. Aðeins þrettán þættir verða í síðustu þáttaröðinni, sem er minna en verið hefur.



DIANE KRUGER Í GIAMBISTA VALLI

TILDA SWINTON Í HAIDER ACKERMANN

FREIDA PINTO Í ATELIER VERSACE

MARION COTILLARD Í DIOR

KJÓLARNIR Í CANNES

Þessa dagana er kvikmyndahátíðin í Cannes í algleymingi og stjörnurnar flykkjast í sólina í Suður-Frakklandi. Að vanda beina fjölmiðlar sjónum sínum að rauða dreglinum en þar kennir ýmissa grasa. Litríkir síðkjólar hafa verið áberandi hingað til og svartí liturinn greinilega á undanhaldi með hækkandi sól. Hátíðin er nýbyrjuð en hún stendur til 27. maí.



Komdu í Vodafone 250 og lækkaðu símreikninginn

250 MIN	250 SMS	100 MB
------------	------------	-----------

2.980 kr. á mánuði

Vodafone 250 – vinsælasta farsímaáskriftin*

Þú borgar aðeins 2.980 krónur á mánuði og færð 250 mínútur, 250 sms og 100 MB gagnamagn. **Virði pakkans er allt að 9.000 krónum.** Fáðu þér áskrift og breyttu þér úr snjallsímaeiganda í snjallsímanotanda.

Þín ánægja er okkar markmið

*hjá Vodafone, sjá vodafone.is



EVA HERZIGOVA Í DOLCE & GABBANA

JANE FONDA Í ATELIRE VERSACE

JESSICA CHASTAIN Í ALEXANDER MCQUEEN

LANA DEL REY Í ALBERTA FERRETTI

Bíó ★★★★★

The Dictator

Leikstjórn: Larry Charles

Leikarar: Sacha Baron Cohen, Ben Kingsley, Jason Mantzoukas, Anna Faris, J. B. Smoove, Megan Fox, John C. Reilly, B. J. Novak

Starað í poppið

Eitt það versta sem hægt er að vera sakaður um er húmorsleysi. Að fatta ekki brandara er svo niðurlægjandi að við gerum okkur frekar upp hlátur en að biðja um útskýringu. Undirritaður vill koma því á framfæri við lesendur að hann glímir ekki við húmorsleysi og þykir meira að segja nokkuð liðtækur sprellari þegar sá gállinn er á honum. Annar liðtækur sprellari, sem öfugt við undirritaðan hefur náð heimsfrægð fyrir uppátæki sín, er Sacha Baron Cohen. Þessi breski grínisti hefur lengi stundað loftfímeika á síðferðislinunni og reynir nú að toppa fyrri figúrur sínar sem einræðisherrann Aladeen í kvikmyndinni The Dictator.



VANDRÆÐALEGT Rembingurinn í Sacha Baron Cohen virðist þjóna þeim eina tilgangi að ögra pólitískri réttisni og brjóta sem flest tabú.

Einræðisherrar eru oftast jafn hlægilegir og þeir eru hættulegir og framsækinn og hugrakkur listamaður á borð við Baron Cohen ætti ekki að eiga í neinum vandræðum með að búa til sprenglæglega en jafnframt hábeitta ádeilu úr hráefninu. Allt kemur þó fyrir ekki og eftir stendur vandræðalegur rembingur sem virðist þjóna þeim eina tilgangi að ögra pólitískri réttisni og brjóta sem flest tabú. Dreypyndin bíómynd með áhorfendaskarann á sínu bandi kemst upp með hvaða ósóma sem er. Ófyndin mynd sem reynir að komast upp með nauðgunarbrandara (itrekað) fær mann til að svitna á bakinu og stara ofan í poppið.

Hvað fór úrskeiðis hjá þessum hæfileikaríka grínara? Borat var ósmekklegr frá upphafi til enda en var þrátt fyrir það hryllilega fyndin. Brúno olli vissulega vonbrigðum en í The Dictator gengur ekkert upp. Spaugið er límt saman með lélegu handriti, Baron Cohen virðist hafa misst allt skynbragð á framsetningu grínsins, enginn aukaleikaranna nær að láta ljós sitt skína og allra verst er ósannfærandi og flöt mótleikkonan, Anna Faris.

Í lok myndarinnar örlar þó á smá broddi í samfélagsrýninni, en eftir allt sem á undan hefur gengið er áhorfandinn lítt móttækilegur fyrir pólitískum predikunum. En enginn vill láta hanka sig á húmorsleysinu og jafnvel verra er að vera sakaður um óhóflega pólitíska réttisni. Ég reyndi hvað ég gat að kreista fram meðvirknishlátur yfir mislukkuðum bröndurum um kvenfyrirlitningu, barnamisnotkun og sjálfsmorðsspengingar, en allir sáu í gegnum mig. Mér fannst The Dictator ekkert fyndin.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Sacha reynir að taka allt og alla í gegn. Ferill hans sem grínisti er næstur á dagskrá.



HVITA HÚSDÍSJA


HTC ONE X
Gefðu gítarhetjunni lausan tauminn með My Guitar appinu

Flugvélafloti
Iceland Express er sá
yngsti í áætlunarflugi
til og frá Íslandi.



Iceland Express er stundvísast á Íslandi

Við vitum hvað klukkan slær!



Nýjustu mælingar á Túrismi.is sýna að ferðir Iceland Express voru allar á réttum tíma á síðustu vikum.* Við erum því stundvísust í millilandaflugi til og frá Íslandi - og þeirri stöðu ætlum við okkur að halda. **Við hlökkum til að ferðast með ykkur í sumar og bjóðum ykkur velkomin um borð.**

*Komu- og brottfarartímar í Keflavík, 1.-15. maí 2012

Hlutfall brottfara á tíma	Meðalseinkun brottfara	Hlutfall koma á tíma	Meðalseinkun koma	Hlutfall ferða á tíma	Meðalbið alls
100%	0 mín.	100%	0 mín.	100%	0 mín.

Iceland Express 
-lækkar verð



KRISTJÁN GAUTI EMILSSON æfir þessa dagana með norska úrvalsdeildarliðinu Brann en hann hefur verið á mála hjá Liverpool síðan 2009. Samningur hans við enska stórliðið rennur út í sumar og líklegt að hann fari frá liðinu þá. Kristján Gauti er átján ára Hafnfirðingur sem er uppalinn í FH.

Hannes Þór Halldórsson, markvörður KR-inga: Búinn að verja víti sex sumur í röð

FÓTBOLTI Hannes Þór Halldórsson, markvörður Íslandsmeistara KR, var hetja sinna manna í 3. umferð Pepsi-deildar karla þegar hann varði víti frá Matt Garner í uppbótartíma og sá til þess að KR vann leikinn 3-2 og þar með sinn fyrsta deildarsigur í sumar.

Þetta var langt frá því að vera fyrsta vítið sem Hannes nær að stoppa í efstu deild því hann var að verja vítaspyrnu sjötta tímabil í röð. Hannes hefur nú alls varið 7 af 19 vítaspyrnum sem hann hefur reynt við í efstu deild þar af 3 af 5 sem hann hefur fengið á sig síðan hann skipti úr Fram yfir í KR.

Hannes varði tvær vítaspyrnur síðasta sumar, þá fyrri á móti FH-ingnum Matthíasi Vilhjálmssyni í 7.

HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON Búinn að verja þrjú víti í röð í Pepsi-deildinni.



umferð og þá seinni frá Framaranum Steven Lennon í 17. umferð. Að hann skyldi verja bæði vítin átti mikinn þátt í að KR fékk öll þrjú stigin líkt og í leiknum á þriðjudaginn. KR skoraði bæði mörkin sín á móti FH eftir að Hannes varði vítið og sömu sögu er að segja af Framleiknum sem KR vann 2-1.

Bæði vítamörkin sem Hannes fékk á sig í fyrri komu í fyrstu sex umferðunum og þau voru bæði á útvelli. Hannes hefur því varið þrjú síðustu víti sem hann hefur reynt við í efstu deild og jafnframt allar þrjár vítaspyrnur sem hann hefur fengið á sig á KR-vellinum síðan hann gekk til liðs við Vesturbæjarliðið.

- óóó



MED ÞJÁLFARANUM Ragna er hér með þjálfara sínum, Jónasi Huang, eftir að hún fékk staðfestingu á því að hún myndi keppa á Ólympíuleikunum í sumar.

Í BESTA FORMI LÍFS MÍNS

Ragna Ingólfssdóttir stefnir á að sýna sitt rétta andlit á Ólympíuleikunum í Lundúnum í sumar. Árangurinn á leikunum í Peking voru henni vonbrigði en hún vill bæta fyrir það. Breytt keppnisfyrirkomulag er á leikunum í sumar.

BADMINTON Ragna Ingólfssdóttir undirbýr sig nú af kappi fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum í sumar en í upphafi mánaðarins fékk hún endanlega staðfest að hún væri ein þeirra sem hefðu unnið sér inn þátttökurétt á leikunum. Að baki er fjögurra ára barátta frá síðustu leikum en hún stefnir á því að gera betur en í Peking, þar sem hún þurfti að hætta í miðjum leik vegna meiðsla.

„Ég var að keppa við japanska stelpu fyrir framan 50 þúsund öskrandi áhorfendur. Það voru mikil læti og spennan var mikil,“ rifjar Ragna upp. „Í leiknum fannst mér ég aldrei ná að sýna mitt rétta andlit eða hvernig leikmaður ég væri. Svo þegar leikurinn var í raun að klárast þá gaf hnéð sig endanlega og ég þurfti að hætta,“ sagði Ragna sem hafði þá spilað með slitið krossband í hné í nokkurn tíma.

Sjálfsörugg og líður vel

